SAMTÖK SVEITARFÉLAGA

NORÐURLAND VESTRA

ÁRSSKÝRSLA 2008





EFNISYFIRLIT

Inngangur 4
Stjórn SSNV 6
Starfsmenn SSNV 6
Skýrsla framkvæmdastjóra SSNV 8
Vaxtarsamningur 8
Framtíðarskipan SSNV 9
Nefnd um atvinnulíf og samfélag á Norðurlandi vestra 10
SSNV atvinnuþróun 14
Iðnaðaruppbygging í Austur Húnavatnssýslu 15
Ferðaþjónusta 16
Alþjóðlegt samstarf 19
Hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar 22
Ársreikningar SSNV 23
Vaxtarsamningur Norðurlands vestra 47
Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra 48
Kynningarmál 49
Styrkveitingar 50
Ársreikningur VSNV 63
SSNV málefni fatlaðra 70
Skýrsla verkefnisstjóra 72
Þjónustusvæði - verkefni 75
Helstu verkefni 77
Ársreikningur SSNV 82
HNV heilbrigðiseftirlit 92
Ársreikningur HNV 101
Menningarráð Norðurlands vestra 110
Starfsemi menningarráðs 111
Viðburðir á vegum menningarráðs 113
Samningar 115
Verkefnastyrkir menningarráðs 117
Ársreikningur MNV 126

Inngangur

Fátt er meira um rætt þessi misseri en afleiðingar efnahagshrunsins sem tók land á Íslandsströndum haustið 2008. Mikill samdráttur í tekjum einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila er óhjákvæmileg afleiðing hrunsins og mun vafalítið koma víða fram í margvíslegri mynd. Því er spáð að á árinu 2009 verði samdráttur landsframleiðslunnar nálægt 10% og atvinnuleysi nái áður óþekktum hæðum hér á landi.

Ef þessar spár eru settar í samhengi við raunverulega þróun í sveitarfélögum á Norðurlandi vestra undanfarin ár kemur í ljós að hagvöxtur hefur dregist saman um 9% á árabilinu 1998-2005 m.ö.o. hefur landsframleiðslan á Norðurlandi vestra dregist saman um 9% á þessu tímabili. Þrátt fyrir minnkandi verðmætasköpun á svæðinu hefur atvinnuleysi á sama tíma vart mælst. Ástæðan er sú að atvinnustig í landinu hefur verið hátt og því hefur atvinnuleysið í vissum skilningi verið flutt burt þar sem fólk hefur einfaldlega flutt burt af svæðinu, en sterkt samband er milli minnkandi hagvaxtar og þróunar íbúafjölda á Norðurlandi vestra.

Stöðu Norðurlands vestra undanfarin ár má að mörgu leyti heimfæra uppá stöðu mála á Íslandi í dag. Raunveruleg hætta er á að fólk muni í miklum mæli flytja af landi brott í leit nýrra fjölbreyttari atvinnutækifæra. Slíkt hefði vafalítið mjög neikvæð áhrif á afkomu ríkis og sveitarfélaga hér á landi. Benda má á því til stuðnings að alltof hár hluti heildartekna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra kemur úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga og má þá staðreynd að stærstum hluta rekja til óhagstæðrar íbúaþróunar á svæðinu undanfarin ár.

Mikilvægt er að allir aðilar, ríki, sveitarfélög og atvinnulíf taki höndum saman um uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra og aukna verðmætasköpun. Móta þarf skýra stefnu til 3-5 ára um hvernig atvinnulíf við viljum byggja upp til framtíðar. Ná þarf breiðri sátt um nýtingu auðlinda sem byggja þarf á hagsmunamati. Menntakerfið þarf að taka mið af og styðja við nýja atvinnustefnu og uppbygging grunnþjónustu ríkis

og sveitarfélaga þarf jafnframt að taka mið af þörfum nýrrar atvinnustefnu og er þá einkum horft til uppbyggingar samgangna og fjarskipta sem og skipulagsmála.

Mikil tækifæri liggja í atvinnuuppbyggingu sem nýtir orkuauðlindir, áframhaldandi uppbyggingu á sviði ferðaþjónustu, uppbyggingu þekkingartengdrar starfsemi og matvælaframleiðslu. Þá eru tækifæri á sviði skapandi greina og á sviði þjónustutengdrar starfsemi, þar meðtalið fjármálaþjónustu. Landsbyggðin getur leikið lykilhlutverk í mótun og uppbygginu nýrrar atvinnustefnu og þar er einnig til staðar þekking og reynsla um hvernig vinna skal úr málum þegar um samdrátt ræðir.

Á Norðurlandi vestra hafa sprotar vaxið úr þeim jarðvegi sem sáð hefur verið í með tilkomu menningar og vaxtarsamninga. Nýjum verkefnum hefur verið hleypt af stokkum í gegnum vinnu NV nefndar og ekki má gleyma þeim verkefnum sem hugmyndaríkir og kraftmiklir einstaklingar hafa hleypt af stokkunum. Mikilvægt er að virkja frumkvæði einstaklinga og styðja við nýsköpun fyrirtækja með því að skapa umgjörð og farveg fyrir þessa aðila. Sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir á Norðurlandi vestra hafa á undanförnum árum skapað skilyrði, stundað og stutt við nýsköpun og mun þess vart langt að bíða þar til uppskera þessarar stefnu mun koma í ljós fyrir alvöru. Aukin verðmætasköpun með virkjun hugvits og auðlinda mun varða leiðina til bættra lífskjara í framtíðinni.

Við skulum hafa það hugfast að þeir erfiðleikar sem nú er við að etja verða tímabundnir. Erfiðleikum fylgja alltaf tækifæri þar sem skapandi hugsun, kjark og áræðni skal hafa í hávegum. Á Norðurlandi vestra er hægt að gera gott betra með nýtingu þeirra möguleika sem liggja í nýtingu auðlinda, menningar og náttúru svæðisins. „At the end of the storm is a golden sky“ segir í góðum texta. Höfum þessi orð að leiðarljósi og mætum mótbárum af æðruleysi. Nýtum tækifærin og stöndum saman.

Jón Óskar Pétursson.







Stjórn SSNV

Gunnar Bragi Sveinsson	Skagafirði *formaður*
Elín R. Líndal	Húnaþingi vestra *varaformaður*
Páll Dagbjartsson	Skagafirði
Héðinn Sigurðsson	Blönduósbæ
Björn Magnússon	Húnavatnshreppi

Starfsmenn SSNV

HVAMMSTANGI



Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri
Aðsetur: Skrifstofur SSNV
Póstfang: Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga
Sími: 455 2510
Handsími: 861 7263
Netfang: jon@ssnv.is



Katharina Ruppel, skrifstofa og bókhald
Aðsetur: Skrifstofur SSNV
Póstfang: Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga
Sími: 455 2522
Netfang: katharina@ssnv.is



Gudrun Kloes, atvinnuráðgjafi
Aðsetur: Skrifstofur SSNV
Póstfang: Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga
Sími: 455 2515
Handsími: 898 5154
Netfang: gudrun@ssnv.is

SAUÐÁRKRÓKUR



Katrín María Andrésdóttir, atvinnuráðgjafi
Aðsetur: Ráðhúsið Sauðárkróki
Póstfang: Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki
Sími: 455 6043
Handsími: 893 1363
Netfang: kata@ssnv.is



Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri
Aðsetur: Faxatorg 1
Póstfang: Faxatorg 1, 550 Sauðárkróki
Sími: 455 6066
Fax: 455 6019
Handsími: 899 4166
Netfang: gretasjofn@ssnv.is

BLÖNDUÓS



Stefán Haraldsson, atvinnuráðgjafi
Aðsetur: Bæjarskrifstofur Blönduósbæjar.
Póstfang: Hnúkabyggð 33, 540 Blönduós
Sími: 455 4300
Handsími: 894 1669
Netfang: stefan@ssnv.is



Baldur Valgeirsson, atvinnuráðgjafi
Aðsetur: Bæjarskrifstofur Blönduósbæjar.
Póstfang: Hnúkabyggð 33, 540 Blönduós
Sími: 455 4300
Handsími: 892 9101
Netfang: baldur@ssnv.is



Frá Skagaströnd.

Skýrsla framkvæmdastjóra SSNV

Árið 2008 var nokkuð viðburðaríkt í starfsemi SSNV. Fyrri hluti árs einkenndist af vinnu við uppbyggingu og stefnumótun en síðari hluti ársins markaðist eðli máls samkvæmt töluvert af þeirri stöðu sem uppi er í efnahagsmálum þjóðarinnar í kjölfar bankahrunsins. Árið markaði endalok þátttöku Siglfirðinga í Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, en Siglfirðingar hafa verið aðilar að samtökunum frá stofnun árið 1992 og aðilar að samstarfi um atvinnuþróunarmál frá árinu 1985. Fjallabyggð hefur óskað eftir áframhaldandi samstarfi varðandi málefni fatlaðra. Einnig eru Siglfirðingar áfram aðilar að Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Ástæðu brotthvarfs Siglfirðinga má rekja til breyttrar kjördæmaskipunar í landinu en ekki óánægju með samstarfið. Stjórn hélt 12 fundi á árinu auk þess sem fundað var með þingmönnum kjördæmisins. Verkefni SSNV snúa að daglegum rekstri málaflokkanna atvinnuþróunar, málefnum fatlaðra ásamt hagsmunagæslu fyrir Norðurland vestra. Einnig er rekin þjónustuskrifstofa sem sér um bókhald og launaumsjón heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og fjármálaumsýslu fyrir menningarsamning og vaxtarsamning.

Vaxtarsamningur

Þann 14. janúar 2008 var Vaxtarsamningur Norðurlands vestra undirritaður við hátíðlega athöfn í Verinu – Vísindagörðum á Sauðárkróki. Samningurinn er milli SSNV og iðnaðarráðuneytis. Með þeirri undirritun var langþráðum áfanga náð en vinna við gerð

vaxtarsamnings hafði staðið allt frá árinu 2005. Vaxtarsamningur er góð og kærkomin viðbót við stoðkerfi atvinnulífsins á Norðurlandi vestra og færir heimaaðilum tæki í hendur til eflingar nýsköpunarverkefna. Samningurinn byggir á hugmyndafræði klasasamstarfs þar sem lögð er áhersla á menntun og rannsóknir annars vegar og menningu og ferðaþjónustu hins vegar. Framlag iðnaðarráðuneytisins eru 30 milljónir króna á ári á gildistíma samningsins sem er til 2010, samtals 90 milljónir.



Adolf H. Berndsen formaður SSNV og Össur Skarphéðinsson.

Að tillögu stjórnar SSNV tilnefndu sveitarfélögin aðila í stjórn samningsins. Í stjórn sitja Arnar Þór Sævarsson formaður, Pétur Friðjónsson varaformaður, Hrafnhildur Víglundsdóttir, Arna Björg Bjarnadóttir, Steindór Haraldsson, Unnar Ingvarsson og Guðmundur Haukur Sigurðsson. Þann 1. júní tók Hjördís Gísladóttir við starfi framkvæmdastjóra vaxtarsamnings.

Framtíðarskipan SSNV

Starfshópur um framtíðarskipan SSNV sem skipaður var á 15. ársþingi árið 2007 skilaði skýrslu sem lögð var fyrir auka ársþing sem haldið var að Löngumýri í Skagafirði þann 8. mars 2008. Tillögur starfshópsins miða að því að efla ávinning sveitarfélaga af samstarfinu, nýta SSNV sem samstarfs- og þjónustuvettvang, auka samlegðaráhrif og yfirsýn og auka sveigjanleika í samstarfinu.



Steinafólkið við Norðurbraut.

Lagðar voru til breytingar á lögum og samþykktum SSNV sem fela m.a í sér breytingar á skipan fulltrúa á ársþing, kjöri stjórnar og fyrirkomulagi ársþinga ásamt breytingum varðandi aðild sveitarfélaga að einstaka verkefnum sem miða að því að þátttaka sé valkvæð. Unnið verði að nánari stefnumótun um atvinnu- og byggðaþróun.

Unnið verði að því að styrkja bakland, markvisst samstarf við háskóla og samstarf við fyrirtæki. Þingið samþykkti tillögur nefndarinnar ásamt breytingum á lögum og þingsköpum og fól stjórn að hrinda þeim í framkvæmd.

Nefnd um atvinnulíf og samfélag á Norðurlandi vestra

Forsætisráðherra skipaði þann 4. janúar 2008 nefnd sem ætlað var að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf og samfélag á Norðurlandi vestra. Nefndin var skipuð að beiðni Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Nefndinni var meðal annars ætlað að gera tillögur um mögulega styrkingu menntunar og rannsókna, um uppbyggingu iðnaðar og þjónustu og flutning starfa frá höfuðborgarsvæðinu til Norðurlands vestra.

Í nefndina voru skipuð Halldór Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneyti, sem jafnframt var formaður, Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur í iðnaðarráðuneyti, Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti, Adolf H. Berndsen, þáverandi formaður SSNV, og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, forseti sveitarstjórnar Skagafjarðar. Hanna Dóra Másdóttir, sérfræðingur í iðnaðarráðuneyti, starfaði með nefndinni.

Staðsetning	Verkefni	Störf
Hvammstangi	Selasetur Íslands til rannsókna	1
Hvammstangi	Skráning í Sarp fyrir þjóðminjasafn	1
Hvammstangi	Gróska - Forsvar	1
Hvammstangi	Selasetur Íslands v/sjávarútvegsráðuneytis	1
Blönduós	Samstarf Safna, menningar og ferðaþjónustu	2
Blönduós	Innheimtustöð sekta- ný verkefni	Ótilgreint
Sauðárkrókur	Veiðimálastofnun v/rannsókna og samstarfs	2
Sauðárkrókur	Farskóli Norðurlands vestra v/háskólanáms í fjarnámi	1
Sauðárkrókur	Nýsköpunarmiðstöð - Opnun starfsstöðvar	4
Sauðárkrókur	Matís v/Icepróteín og Háskólans á Hólum	2
Sauðárkrókur	Nýsköpunarmiðstöð v/starfsstöðvar	3
Sauðárkrókur	Farskóli Norðurlands vestra v/eflingar starfsemi	1
Skagaströnd	Vinnumálastofnun v/nýrrar starfsemi	Ótilgreint
Skagaströnd	Biopol v/ rannsókna á hrognkelsum, sel og líftækni	1
Skagaströnd	Biopol v/samstarfs við Háskólann á Akureyri	1
Skagaströnd	Biopol óskilgreint	1
Skagaströnd	Þekkingarsetur	1

Nefndin fundaði með sveitarstjórnum og fulltrúum stofnana og fyrirtækja á Norðurlandi vestra í lok janúar og í framhaldinu unnu heimaaðilar fjölmargar tillögur um verkefni sem miða að fjölgun starfa og eflingu atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Á vettvangi SSNV var unnið að upplýsingaöflun varðandi grunngerð samfélags á Norðurlandi vestra ásamt aðkomu að tillögugerð sem lagðar voru fyrir nefndina. Nefndin skilaði tillögum til ríkisstjórnar í maí sem gerði ráð fyrir að ríkisvaldið eða stofnanir þess tryggðu sköpun allt að 25 starfa á Norðurlandi vestra ýmist í formi eflingar á starfsemi ríkisstofnana eða með fjármögnun verkefna tengdum rannsóknar- og þekkingarfyrirtækjum sem starfandi eru á svæðinu. Andvirði þessara tillagna er um 200



Karlakórinn Heimir.

milljónir króna en fjármunir eru tryggðir af fjárlögum ársins 2009 og fjáraukalögum ársins 2008.

Samstarf

SSNV kom að skipulagningu nokkurra funda um málefni sveitarfélagana á Norðurlandi vestra í samstarfi við Samband Íslenskra sveitarfélaga. Í febrúarmánuði var fundur á Blönduósi með fulltrúum launanefndar sveitarfélagana og sveitarstjórnarmönnum þar sem farið var yfir sjónarmið sveitarfélagana í aðdraganda kjarasamninga grunnskólakennara, sameiginlegan fund um mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarf, sem unnin var af fulltrúum Félags grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og sveitarfélaganna og var fundurinn haldinn á Hvammstanga í lok aprílmánaðar. Þá var skipulagður fundur fulltrúa Sambandsins og menntamálaráðuneytisins þar sem breytingar á lögum um grunn- og framhaldsskóla voru kynnt og var sá fundur haldinn á Blönduósi í byrjun nóvember. Þá sótti framkvæmdastjóri stærri viðburði sem hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, bæði landsþing og fjármálaráðstefnu.

Sameiginlegir fundir formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna eru fastir liðir. Fundað er í tengslum við landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna. Auk þess var haldinn sumarfundur sem haldinn var á Djúpavogi í júnímánuði í boði Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi.

SSNV í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Fjórðungssamband Vestfirðinga voru þátttakendur í Opnum dögum Héraðanefndar Evrópusambandsins í Brussel í byrjun október. Er þetta fyrsta sinn sem íslenskir aðilar eru beinir þátttakendur í þessum stærsta viðburði sveitarstjórnarstigsins í Evrópu og vakti þátttakan töluverða athygli, bæði í fjölmiðlum og eins innan sveitarstjórnargeirans hér á landi.



Hestar og menn.

Framkvæmdastjóri ásamt tveimur stjórnarmönnum sótti Opna daga 2008 en um 40 manna hópur íslenskra sveitarstjórnarmanna sótti viðburðinn að þessu sinni. Nánar er fjallað um viðburðinn í ársskýrslu SSNV atvinnuþróunar.

Framkvæmdastjóri átti sæti í starfshópi ásamt fulltrúum Samtaka atvinnulífsins, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka hrossabænda og Samtökum fiskeldisstöðva sem hafði það hlutverk að útfæra breytingar á rekstrarfyrirkomulagi Háskólans á Hólum. Starfshópurinn hafði ekki lokið störfum um áramót.

Málefni fatlaðra

SSNV málefni fatlaðra er umsvifamikill málaflokkur sem snýr að nærþjónustu í sveitarfélögunum. Góð sátt hefur ríkt um málaflokkinn og má það trúlega þakka faglegri og góðri stjórnun, skipulagi á framkvæmd þjónustunnar ásamt því að hagstæðir samningar hafa náðst við ríkisvaldið um fjármagn. Á árinu var unnin viðamikil stefnumótun í málaflokknum sem gildir til ársins 2012 og var sú vinna í höndum þjónustuhóps undir öruggri stjórn verkefnisstjóra SSNV málefna fatlaðra. Ríkisendurskoðun ákvað á seinni hluta árs 2008 að láta fara fram stjórnsýsluúttekt á málefnum fatlaðra á landsvísu, þar með talið þjónustusamningi SSNV málefna fatlaðra og félagsmálaráðuneytis. SSNV fagnar því að slík úttekt fari fram. Nánar er fjallað um málaflokkinn í skýrslu verkefnisstjóra SSNV málefna fatlaðra.

Samstarf við sveitarfélögin

SSNV leggur mikið upp úr góðu samstarfi við sveitarfélögin bæði hvað varðar miðlun upplýsinga og bein samskipti. Trúlega hafa sveitarfélögin aldrei unnið fjárhagsáætlanir við jafn óvissar aðstæður eins og haustið 2008. Að því tilefni voru haldnir tveir fundir framkvæmda og fjármálastjóra sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra að frumkvæði SSNV þar sem þessum aðilum gafst kostur á að bera saman bækur hvað varðar ýmsar forsendur fjárhagsáætlunargerðar.

Ársþing

16. ársþing SSNV var haldið á Siglufirði dagana 19.-20. september 2008 í boði sveitarfélagsins Fjallabyggðar.

Þingið ávörpuðu Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga sem ræddi málefni í samskiptum ríkis og sveitarfélaga ásamt samstarfi Sambandsins við sveitarfélögin og landshlutasamtök sveitarfélaga.

Svanfríður Jónasdóttir bæjarstjóri á Dalvík og verkefnisstjóri 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu og vernd náttúrusvæða með áherslu á vatnsafls og jarðhitasvæði kynnti vinnu verkefnisstjórnar. Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson forstjóri Saga Capital Fjárfestingabanka ræddi stöðu og horfur í efnahagsmálum ásamt því er hann fór yfir fjárfestingar með áherslu á verkefni á landsbyggðinni.



Frá Siglufirði.

Á þinginu fluttu einnig tveir ráðherrar framsögu. Kristján L. Möller samgönguráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála ræddi samgöngu- og fjarskiptamál ásamt því að hann fór yfir málefni sveitarfélaganna og fjallaði þar m.a. um hugmyndir að nýrri lágmarksstærð sveitarfélaganna.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fjallaði um áhrif niðurskurðar aflaheimilda á byggðarlög og fyrirtæki auk þess sem hann ræddi hið umdeilda matvælafrumvarp.

Á þinginu var kosin ný stjórn samtakanna og nýr formaður. Úr stjórn gengu Adolf H. Berndsen formaður frá Skagaströnd, Guðný Helga Björnsdóttir úr Húnaþingi vestra og Hermann Einarsson frá Siglufirði. Eru þeim þökkuð vel unnin störf í þágu sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra á undanförnum árum.

Ný stjórn er skipuð eftirfarandi: Gunnar Bragi Sveinsson, formaður, Elín R. Líndal, Páll Dagbjartsson, Héðinn Sigurðsson og Björn Magnússon.

Annað

Hér að framan hefur verið stiklað á helstu verkefnum sem unnið var að á vettvangi SSNV á árinu 2008. Af þeirri upptalningu er ánægjulegt að sjá ný samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra slíta barnsskónum eins og vaxtar- og menningarsamninga sem vafalítið munu efla atvinnu og menningarlíf á svæðinu. Þá má nefna þann árangur sem náðist í sköpun nýrra atvinnutækifæra í gegnum Norðvesturnefndina. Góð reynsla er komin á rekstur málefna fatlaðra og hefur samstarf um málaflokkinn verið mikið framfaraspor í aðildarsveitarfélögunum og tryggt notendum fyrsta flokks þjónustu ásamt því að orðið hefur til mikil þekking meðal fagaðila. Þá er ónefnt áralangt samstarf um atvinnuþróun sem stöðugt er til endurskoðunar með það að markmiði að efla og bæta þjónustu til fyrirtækja, einstaklinga og sveitarfélaga. Þá hafa umsvif á þjónustuskrifstofu SSNV aukist með tilkomu nýrra málaflokka.

SSNV atvinnuþróun




Frá Hvammstanga. Mynd Pétur Jónsson.

Á árinu 2008 var sem fyrr unnið að margvíslegum verkefnum hjá SSNV atvinnuþróun. Bæði var um að ræða verkefni sem felast í ráðgjöf við frumkvöðla, fyrirtæki eða stofnanir og einnig verkefni sem spretta upp innan veggja SSNV atvinnuþróunar. Þá er gott samstarf við aðra aðila í stoðkerfi atvinnulífsins s.s. Nýsköpunarmiðstöð Íslands - Impru, Byggðastofnun og önnur atvinnuþróunarfélög. SSNV atvinnuþróun kappkostar að veita faglega og hagnýta þjónustu til viðskiptavina. Töluverður hluti af vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við skrif styrkumsókna í hvers kyns opinbera sjóði og renna verulegar upphæðir árlega til aðila á Norðurlandi vestra í gegnum opinbera sjóði.

Mótvægisaðgerðir

Vegna niðurskurðar aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2008 ákvað ríkisstjórnin að veita 200 milljónum króna til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í þeim sveitarfélögum þar sem hlutfallslegt vægi starfa í sjávarútvegi er 10% eða meira. Þau sveitarfélög á Norðurlandi vestra sem falla undir þá skilgreiningu eru Skagaströnd, Skagafjörður og Fjallabyggð. Þróunarsviði Byggðastofnunar var falið að útfæra úthlutunarreglur sem unnar voru í samstarfi við atvinnuþróunarfélögin. Atvinnuráðgjafar SSNV atvinnuþróunar kynntu málin heima í héraði og unnu með fyrirtækjum og frumkvöðlum að umsóknum í þennan sjóð. Alls hlutu 14 verkefni á Norðurlandi vestra styrki að andvirði rúmra 31 milljón kr.



Hluti af mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna aflasamdráttar var sérstakur 100 milljóna króna stuðningur við verkefni á sviði ferðaþjónustu. Atvinnuráðgjafar aðstoðuðu við útfærslu hugmynda og gerð umsókna í þann sjóð.

Í framhaldi af úthlutun úr mótvægissjóðunum hefur verið unnið með nokkrum þeirra aðila sem hlutu stuðning að framkvæmd og nánari útfærslu.

Iðnaðaruppbygging í Austur Húnavatnssýslu

Í samvinnu við Byggðasamlag um atvinnu og menningarmál í Austur Húnavatnssýslu vann SSNV atvinnuþróun að könnun möguleika á uppbyggingu stærri vinnustaðar/iðjuvers í Austur Húnavatnssýslu. Gerið var frumathugun á byggingu gagnavers í samstarfi við Jóhannes Geir Sigurgeirsson ráðgjafa. Ýmislegt bendir til að Austur Húnavatnssýsla geti hentað vel fyrir starfsemi að þessu tagi m.a. með tilliti til náttúruvár, gagnaflutninga og aðgengis að raforku. Atvinnuráðgjafi í Austur Húnavatnssýslu vann með Fjárfestingastofu og VGK hönnun að gerð skýrslu um staðarval vegna gagnavera á Íslandi en Austur Húnavatnssýsla var einn þeirra 10 staða sem valdir voru til frekari skoðunar. Þess má geta að Austur Húnavatnssýsla og Skagafjörður voru bæði valin í þennan hóp.



Frá Blönduvirkjun.

Þá var unnið að gerð kynningarvefs um fjárfestingakosti í Austur Húnavatnssýslu. Verkefnið var styrkt úr verkefnasjóði atvinnuþróunarfélaganna hjá Byggðastofnun og gaf sá styrkur möguleika á að ráðast í útlagðan kostnað við verkefnið sem er afar mikilvægt. Ljóst er að framundan er áframhaldandi vinna að því markmiði að koma svæðinu á kortið sem álitlegum kosti til uppsetningar minni iðjuvera og annarrar atvinnustarfsemi.

Opnir dagar sveitarstjórnarstigsins í Evrópu

Í samvinnu við landshlutasamtök og atvinnuþróunarfélög á Vesturlandi og Vestfjörðum var ráðist í sameiginlega kynningu á landshlutunum í Norðvesturkjördæmi.Verkefnið fólst í samstarfi og sameiginlegri þátttöku í viðburði er nefnist Opnir dagar sveitarstjórnarstigsins í Evrópu og fer fram árlega í Brussel á vettvangi Héraðanefndar Evrópusambandsins. Samhliða Open days kynna svæði í Evrópu fjárfestinga- og samstarfsmöguleika í svonefndu Investor´s Café, þar sem settir eru upp kynningarbásar og fulltrúar frá svæðunum dreifa kynningarefni og funda með áhugasömum gestum. Hluti verkefnisins fólst í áheyrn og þátttöku í málstofum og lagði íslenski hópurinn til frummælanda í málstofu. Það kom í hlut Vífils Karlssonar, hagfræðings hjá



Fulltrúar íslensku þátttakendana ásamt Danutu Hubner framkvæmdastjóra Héraðanefndar ESB.

Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og fjallaði hann meðal annars um möguleika í ferðaþjónustu og atvinnuuppbyggingu í tengslum við þá grein á norðurslóðum. Skemmst er frá því að segja að áhugi á málstofu þeirri sem Vífill var frummælandi í var mikill og komust færri að en vildu. Áætla má að um 2 – 300 manns hafi tekið þátt í málstofunni.

Samstarf atvinnuþróunarfélaganna og landshlutasamtakanna var með hreinum ágætum og skiptu samstarfsaðilar með sér verkum við undirbúning og framkvæmd. Útflutningsráð veitti góða aðstoð og ráðgjöf við gerð kynningarefnis og Anna Margrét Guðjónsdóttir forstöðumaður Brusselskrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga veitti ómetanlega aðstoð við skipulagningu og framkvæmd. Rétt er að benda á að þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingar eru beinir þátttakendur í Opnum dögum en talið er að um 7-9 þúsund manns víðsvegar að úr heiminum sæki viðburðinn.

Ferðaþjónusta

Einn helsti vaxtarbroddur á sviði nýsköpunar í atvinnumálum á Norðurlandi vestra er án efa á sviði ferðaþjónustu. Mikil gróska hefur einkennt þá starfsemi undanfarin ár og hafa nokkur fyrirtæki á því sviði þegar slitið barnsskónum. Með tilkomu Vaxtarsamnings hafa möguleikar á stuðningi við hin margvíslegustu verkefni í greininni aukist verulega og mun það verða hvatning til enn frekari þróunar á því sviði. Einn helsti vandi varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu til þessa hefur verið skortur á þolinmóðu fjármagni til fjárfestinga en arðsemi í greininni hefur vart megnað að standa undir fjárfestingum. Ástæðu þess má einkum rekja til slakrar nýtingar á mannvirkjum og fjárfestingum sem ráðist hefur verið í. Verðugt verkefni er því að auka aðsókn og nýtingu utan hins hefðbundna ferðamannatímabils ásamt því að stuðla enn frekar að nýsköpun í afþreyingarmöguleikum innan greinarinnar. Má í því sambandi nefna möguleika á sviði veiði í sjó og vötnum, hestatengdri ferðaþjónustu, hálendisferðamennsku og heilsutengdri ferðaþjónustu ásamt áframhaldandi vöruþróun á sögutengdri ferðaþjónustu. Möguleikarnir innan greinarinnar eru miklir á Norðurlandi vestra.



Víkingar í Húnaþingi.

Vöruþróun

Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði réðst í metnaðarfullt vöruþróunarverkefni á árinu. Atvinnuráðgjafi SSNV á Hvammstanga hélt utan um verkefnið og annaðist verk-

efnisstjórn. Vinnan þótti heppnast vel og afurðirnar gera afþreyingarmöguleika ferðamanna í Skagafirði fjölbreyttari en áður. Svo virðist sem samstarf innan greinarinnar sé að aukast og þróast og er það vel. Nauðsynlegt er að horfa til áframhaldandi uppbyggingar í samstarfi á svæðinu og ánægjulegt er að fylgjast með þeim samstarfsverkefnum sem þegar eru hafin, meðal annars með tilstyrk vaxtarsamnings og menningarsamnings.



Frá Skagaströnd.

Menningar- og náttúrutengd ferðaþjónusta

Verkefni tengt Þórdísi spákonu hefur um nokkurt skeið verið í undirbúningi á Skagaströnd þar sem hugmyndin er að gera sögu hennar skil ásamt því að Spákonuhofið verði miðstöð hvers kyns spámennsku og spádóma á Íslandi. Atvinnuráðgjafar hafa unnið með aðstandendum við áætlanagerð og styrkumsóknir í þessu frumlega verkefni sem jafnframt byggir á ríkulegum sagnaarfi svæðisins.

Frá árinu 2005 hefur verið unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu tengdri Vatnsdælasögu. Árið 2008 var stofnað einkahlutafélag um verkefnið og eru vonir bundnar við sjálfbærni þess á komandi árum.



Vesturfarasetrið á Hofsósi.

SSNV atvinnuþróun kom að ráðgjöf og hugmyndavinnu til Grettistaks í Húnaþingi vestra en verkefnið hefur verið í uppbyggingu um nokkurra ára skeið. Unnið er að gerð sögusýningar um Eyvind útilegumann á Blönduósi. SSNV atvinnuþróun hefur unnið með aðstandendum verkefnisins að útfærslu hugmynda og fjármögnun.

Unnið var að því á árinu að koma á fót klasa um Sögutengda ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra en verkefnið samstarf Vaxtarsamnings, Menningarráðs og SSNV atvinnuþróunar. Nokkrir fundir voru haldnir um málið ásamt því að efnt var til fundar með hagsmunaðilum í nóvember

Um skeið hefur verið unnið að því í samstarfi við þýskan aðila að kanna hagkvæmni og möguleika þess að byggja upp ferðaþjónustu í kring um sjóstangaveiði á Hvammstanga. Atvinnuráðgjafi á Hvammstanga vann að upplýsingaöflun og sá um samskipti við aðilann fyrir hönd heimamanna. Slíkt verkefni er einnig í vinnslu á Siglufirði og veitti atvinnuráðgjafi þar ráðgjöf vegna þess, en þar er um innlenda aðila að ræða.



Frá Hveravöllum.

Mikil vannýtt tækifæri liggja í uppbyggingu ferðaþjónustu á Hveravöllum. Atvinnuráðgjafar hafa unnið með heimaaðilum að öflun fjármagns og ýmsu er varðar landvernd og uppbyggingu þjónustunnar.

Þá hafa atvinnuráðgjafar í samvinnu við hagsmunaaðila kannað möguleika á starfsemi vegna fuglaskoðunar og vatnaveiði. Í báðum tilfellum er um vannýtta möguleika að ræða og er einkum horft til möguleika á slíkri starfsemi á Skaga og Arnarvatnsheiði. Þá eru ótalin fjölmörg önnur verkefni sem komið hafa inn á borð atvinnuráðgjafa er varða málaflokkinn.

Upplýsingamiðstöð ferðamála í Varmahlíð

SSNV atvinnuþróun og Sveitarfélagið Skagafjörður endurnýjuðu samstarfssamning um aðkomu atvinnuráðgjafa að rekstri upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Varmahlíð. Upplýsingamiðstöðin í Varmahlíð er skilgreind sem landshlutamiðstöð á Norðurlandi vestra. Verkefnið felst í að atvinnuráðgjafi annast aðstoð við daglegan rekstur, og þjónustu upplýsingamiðstöðvarinnar.



Upplýsingamiðstöðin í Varmahlíð.

Sjávarútvegur

Nokkur hluti starfsemi SSNV atvinnuþróunar tengist ráðgjöf í sjávarútvegi. Áhugi virðist á nýsköpun og nýtingu áður ónýttra sjávarauðlinda. Má í því sambandi nefna starfsemi þekkingarsetra á Hvammstanga, Skagaströnd og Sauðárkróki þar sem fram fer rannsóknarstarf á auknum nýtingarmöguleikum sjávarfangs.

Unnið var með aðila á Skagaströnd varðandi kræklingarækt en sú grein hefur notið vaxandi vinsælda víða um land og eru vísbendingar um að um arðbæra grein sé um að ræða. Atvinnuráðgjafi á Siglufirði annaðist ráðgjöf vegna verkefnis þar sem heimaaðili hyggur á veiðar og vinnslu hákarls.



Aflanum landað.

Iðnaður – framleiðsla

Áhugi á uppbyggingu smærri iðnaðarframleiðslu virðist nokkur á starfssvæði SSNV atvinnuþróunar. Atvinnuráðgjafar komu að vinnu við nokkur slík verkefni. Bæði er um að ræða verkefni sem talist geta til hefðbundinnar framleiðslu s.s. járn- eða trésmíði. Hins vegar er um að ræða nýtingu náttúrulegra efna eins og vatns eða hliðarafurða úr


Við Blönduós.

sláturframleiðslu. Á Siglufirði var unnið að könnun á nýtingarmöguleikum vatns úr Héðinsfjarðargöngum ásamt ráðgjöf vegna fyrirhugaðrar matvælaframleiðslu. Í Húnaþingi vestra hefur um nokkurt skeið verið unnið að möguleikum á nýtingu kalkþörunga sem finnast í nokkru magni í Hrútafirði og Miðfirði. SSNV atvinnuþróun vann að málinu en beðið er ákvörðunar viðkomandi frumkvöðla varðandi framhald. Í Skagafirði var unnið að verkefni um framleiðslu gæludýrafóðurs úr hliðarafurðum sláturdýra. Verkefnið hlaut hæsta styrk úr sjóði Atvinnumála kvenna hjá Vinnumálastofnun. Þá var unnið að upplýsingaöflun varðandi framleiðslu lífræns eldsneytis í samvinnu við aðila á Blönduósi.

Sveitarfélög


Frá skíðasvæðinu í Tindastóli.

Nokkur hluti starfsemi atvinnuráðgjafar fer í vinnu fyrir sveitarfélögin á svæðinu. Oft er um að ræða vinnu sem tengist skipulagningu einstakra viðburða ásamt fundarsetu um málefni sem tengjast atvinnu eða kynningarmálum. Atvinnuráðgjafi á Siglufirði tók þátt í undirbúningi að þátttöku bæjarins í sjávarútvegssýningu í Kópavogi auk þess sem atvinnuráðgjafi sat fundi atvinnu- og ferðamálanefndar sveitarfélagsins Fjallabyggðar. Atvinnuráðgjafi í Skagafirði vann með frístunda- og skólaþjónustu sveitarfélagsins að kynningu námsefnis sem nýtast mun í leik og starfi með börnum og unglingum. Auk þess tók atvinnuráðgjafi þátt í undirbúningi málþings um verkefnið. Unnin voru stofngögn vegna stofunnar Starfsendurhæfingar Skagafjarðar sem stofnuð var á árinu 2008. Atvinnuráðgjafi í Austur Húnavatnssýslu kom að ráðgjöf vegna kynningar á stofnun sambærilegrar starfsemi í Húnavatnssýslum.

Atvinnuráðgjafi í Húnaþingi vestra sér um uppfærslu atburðadagatals á heimasíðu sveitarfélagsins. SSNV atvinnuþróun leggur áherslu á að eiga gott samband við eigendur sína, sveitarfélögin og þjóna þeim sem kostur er Samstarf við sveitarfélögin og starfsmenn þeirra hefur verið með ágætum enda nauðsynlegt að þeir sem koma að atvinnuþróun á svæðinu gangi samstilltir til verka.

Alþjóðlegt samstarf

Nokkur vinna hefur verið lögð í kannanir á möguleikum til þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Fjölmörg tækifæri felast í slíku samstarfi varðandi fjármögnun þróunarverkefna auk þess sem efling og uppbygging tengslanets er verðmætur og



Skín við sólu Skagafjörður.

mikilvægur þáttur. Þá er ónefndur lærdómsþátturinn sem felst í að kynnast því hvernig aðrir gera hlutina og miðla af eigin reynslu. Íslendingar hafa aðgang að ýmsum áætlunum og verkefnum í gegnum EES samninginn. Innan þeirra áætlana er aðgengi að fjármagni og þekkingu sem án efa gæti verið þáttur í að efla þróunarstarf á sviði atvinnumála og tengslamyndun. Víða erlendis standa heimamenn andspænis sambærilegum áskorunum og verkefnum og þekkjast hér á Norðurlandi vestra og verður því að teljast fengur að samstarfi af þessum toga. Líklegt er að á komandi árum verði aukin krafa um þátttöku í erlendu samstarfi bæði frá atvinnulífinu, ríki og sveitarfélögum. Atvinnuráðgjafar sóttu nokkra kynningarfundi hér á landi auk þess sem fulltrúi SSNV atvinnuþróunar sótti kynningarfund í Aviemore í Skotlandi um Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins.

Byggðastofnun og önnur atvinnuþróunarfélög

Sem fyrr hefur SSNV-atvinnuþróun átt gott og mikið samstarf við Byggðastofnun. Stofnunin er faglegur og fjárhagslegur bakhjarl atvinnuþróunarfélaganna og stendur fyrir sameiginlegum fundum og öðrum viðburðum. Nokkrir sameiginlegir fundir Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna voru haldnir vegna útfærslu mótvægisaðgerða til sjávarbyggða. Þá var haldinn árlegur vorfundur þessara aðila í Hótel Glym í lok maí. Sú nýbreytni var tekin upp að fulltrúar stofnunarinnar boðuðu stjórnir atvinnuþróunarfélaganna til funda á heimasvæði félaganna þar sem rædd voru þau málefni sem snúa að atvinnu- og byggðaþróun í einstaka landshlutum. Stjórn SSNV og starfsfólk hitti fulltrúa stofnunarinnar á fundi á Blönduósi í lok október þar sem fram fóru gagnlegar og hreinskiptar umræður um málefni Norðurlands vestra.

Framkvæmdastjórar atvinnuþróunarfélaganna ákváðu að efna til sameiginlegra funda starfsmanna atvinnuþróunarfélaganna. SSNV atvinnuþróun tók að sér skipulagningu fyrsta fundarins og var hann haldinn að Löngumýri í Skagafirði í október. Fundirnir verða hér eftir haldnir árlega og eru mikilvægur liður í að efla samstarf og auka samskipti atvinnuráðgjafa úti um land.



Hóladómkirkja í Hjaltadal.

Þá er vert að nefna gott samstarf við Vinnumarkaðsráð Norðurlands vestra en framkvæmdastjóri hefur setið nokkra fundi ráðsins þar sem gott tækifæri gefst til miðlunar upplýsinga varðandi stöðu og horfur á vinnumarkaði. Öflug starfsemi Vinnumálastofnunar á Norðurlandi vestra er dýrmæt fyrir svæðið, ekki síst við þær aðstæður sem nú ríkja á vinnumarkaði hérlendis.

Samstarf við Háskólann á Hólum

Seinnihluta sumars gerðu SSNV atvinnuþróun og Háskólinn á Hólum með sér samstarfssamning sem fólst í að SSNV atvinnuþróun tæki að sér, til reynslu, kennslu í markaðsfræði fyrir nemendur á ferðamálabraut. Verkefninu lauk um áramót og verið er að kanna með framhald næsta haust.

Með nánara samstarfi SSNV-atvinnuþróunar og Háskólans á Hólum er leitast við að tengja nemendur skólans betur við atvinnulíf á svæðinu og fá þeim raunhæf verkefni sem nýst geta þeim sjálfum og fyrirtækjum á svæðinu.

Námskeið

Eitt af markmiðum SSNV atvinnuþróunar er að standa fyrir námskeiðahaldi og annarri fræðslustarfsemi fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga á starfssvæðinu. Námskeiðahald er oft unnið í samstarfi við annað opinbert stoðkerfi atvinnulífsins s.s. Impru, Útflutningsráð og sveitarfélögin á svæðinu. Hlutverk SSNV atvinnuþróunar er fólgið í skipulagningu og kynningarstarfi heimafyrir auk þess sem þeir sem námskeiðin sitja njóta oft handleiðslu og ráðgjafar við frekari útfærslu og þróun sinna hugmynda að námskeiði loknu. Á Siglufirði var sett upp námskeiðið Sóknarbraut í samstafi við Impru. Atvinnuráðgjafi á Siglufirði vann að undirbúningi og ráðgjöf auk þess sem þátttakendur voru aðstoðaðir meðan á námskeiðinu stóð. SSNV atvinnuþróun stóð fyrir komu Guðjóns Bergmanns jógakennara sem hélt fyrirlestra á Hvammstanga og Sauðárkróki um mikilvægi jákvæðrar hugsunar í rekstri fyrirtækja og stofnana. Um 200 manns sóttu fyrirlestrana sem þóttu takast vel.

Hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar

Fyrirtækið Sjávarleður hf á Sauðárkróki hlaut hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar árið 2008.

Fyrirtækið hefur frá upphafi lagt metnað í þróun á vönduðum vörum og vinnur nú eitt fyrirtækja í Evrópu að sútun fiskroðs með þeim aðferðum sem þar eru notaðar. Ársverk hjá Sjávarleðri hf. eru sjö og vörur félagsins eru seldar um heim allan. Stærsti vöruflokkur félagsins er sútað fiskroð sem selt er til framleiðslu fatnaðar, skóbúnaðar og fylgihluta og hefur sjávarleðrið verið eftirsótt gæðavara. Þróun í litun og verkun hefur gert vöruna að ákjósanlegu hráefni í síbreytilegu framleiðsluumhverfi.



Stjórn Sjávarleðurs með verðlaunagripinn.

Vörur Sjávarleðurs eiga vaxandi velgengni að fagna sem hráefni í handverksvörur, fatnað, töskur, belti og skó, þar sem reynir á gæði vörunnar, sveigjanleika og úrval í framleiðslulínum samhliða metnaðarfullri þjónustu við viðskiptavini. Meðal þeirra fyrirtækja sem framleiða úr vörum frá Sjávarleðri má nefna Nike og Ecco.

Annað

Eins og að framan greinir eru verkefni atvinnuráðgjafa SSNV atvinnuþróunar af margvíslegum toga. Starfsemin er mikilvægur þáttur í uppbyggingu og stuðningi við atvinnu og menningarlíf á starfssvæðinu. Atvinnuráðgjöf er oft umdeild þar sem mismunandi skoðanir eru uppi um aðferðir og árangur. Þannig getur árangur af markvissri atvinnuráðgjöf t.d. verið sá að ráðast EKKI í verkefni sem virðast óhagkvæm. Atvinnuráðgjafar eru bundnir trúnaði gagnvart viðskiptavinum sínum og eðli málsins samkvæmt eru því störf ráðgjafanna oft lítt sýnileg. Mikilvægt er að skapa starfseminni skýran ramma þar sem grundvallar markmið eru skilgreind og settir fram mælikvarðar til árangurs. Með því móti næst öflugri samstaða um markmið starfseminnar og þá þætti sem eigendur telja mikilvægasta og hvernig meta skuli árangur starfsins. Í lok árs 2008 samþykkti stjórn SSNV starfsáætlun ársins 2009 þar sem sett eru fram þau verkefni sem vinna skal að ásamt árangursmati. Áætlunin hefur verið kynnt sveitarfélögunum og er hún aðgengileg á heimasíðu SSNV.

Í lok árs urðu þær breytingar á starfsemi SSNV atvinnuþróunar að sveitarfélagið Fjallabyggð hætti þátttöku, en Siglfirðingar höfðu allt frá árinu 1985 tekið þátt í atvinnuþróunarstarfi sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra. Við þessar breytingar lét Ómar Hauksson atvinnuráðgjafi á Siglufirði af störfum. Eru Ómari þökkuð vel unnin störf á liðnum árum ásamt óskum um gott gengi á nýjum vettvangi.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Ársreikningur 2008

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Rétt til aðildar eiga öll sveitarfélög á vestanverðu Norðurlandi sem ekki eru aðilar að öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 7.207 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samtakanna nam í árslok 24.782 þús. kr.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 9. mars 2009

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og aðildarsveitarfélög Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðaferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna ti að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu þess 31.desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki, 18. mars 2009

KPMG hf.

Kristján Jónasson

Ragna Árnadóttir

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2008 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga 18. mars 2009

Guðbjörn Ragnarsson

Magnús Finnbogason

Rekstrarreikningur árið 2008

	Skýr.	2008	Áætlun	2007
Rekstrartekjur:				
Jöfnunarsjóður		17.443.311	17.292.000	16.629.260
Aðrar tekjur		11.040.827	9.161.950	11.133.110
		28.484.138	26.453.950	27.762.370
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	11.918.980	11.259.661	11.972.310
Stjórnunarkostnaður		11.964.589	13.468.884	11.684.579
		23.883.569	24.728.545	23.656.889
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		4.600.569	1.725.405	4.105.481
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		2.951.752	0	1.404.232
Fjármagnstekjuskattur		(294.984)	0	(140.367)
Vaxtagjöld		(50.458)	0	(80.724)
		2.606.310	(87.748)	1.183.141
Rekstrarniðurstaða ársins	3	7.206.879	1.637.657	5.288.622

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
Eignir			
Viðskiptakröfur		250.000	0
Aðrar viðskiptakröfur		211.162	307.741
Handbært fé		25.947.055	19.084.440
Veltufjármunir samtals		26.408.217	19.392.181
Eignir samtals		26.408.217	19.392.181
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		24.781.788	17.574.909
Eigið fé samtals	3	24.781.788	17.574.909
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		203.502	1.127.039
Aðrar skammtímaskuldir		1.422.927	690.233
Skammtímaskuldir samtals		1.626.429	1.817.272
Eigið fé og skuldir samtals		26.408.217	19.392.181

Sjóðstreymisyfirlit árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	3	7.206.879	5.288.622
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(153.421)	4.752.140
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(190.843)	683.469
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(344.264)	5.435.609
Handbært fé frá rekstri		6.862.615	10.724.231
Hækkun á handbæru fé		6.862.615	10.724.231
Handbært fé í ársbyrjun		19.084.440	8.360.209
Handbært fé í lok ársins		25.947.055	19.084.440

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. ***Innlausn tekna***

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2008	2007
Laun	7.115.384	7.088.450
Stjórnarlaun (5)	2.862.761	3.025.607
Launatengd gjöld	1.654.741	1.679.330
Annar starfsmannakostnaður	286.094	178.923
	11.918.980	11.972.310

3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2008	17.574.909
Rekstrarniðurstaða ársins	7.206.879
Staða 31.12.2008	24.781.788

8. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	**2008**	**2007**	**2006**	**2005**	**2004**
Rekstrartekjur	28.484	27.762	22.876	20.446	13.156
Rekstrargjöld án afskrifta	(23.884)	(23.657)	(17.129)	(19.455)	(12.891)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	4.601	4.105	5.747	991	265
Fjármunatekjur og fjármagsgjöld	2.606	1.183	667	279	299
Rekstrarniðurstaða ársins	7.207	5.289	6.414	1.270	564
Efnahagur:					
Veltufjármunir	26.408	19.392	13.420	16.370	5.765
Eignir samtals	26.408	19.392	13.420	16.370	5.765
Eigið fé	24.782	17.575	12.286	5.873	4.604
Skammtímaskuldir	1.626	1.817	1.134	10.497	1.161
Eigið fé og skuldir samtals	26.408	19.392	13.420	16.370	5.765

Sundurliðanir

	2008	Áætlun	2007
Rekstrartekjur:			
Jöfnunarsjóður	17.443.311	17.292.000	16.629.260
Árgjald sveitarfélaga	1.430.060	1.411.950	1.453.488
Þátttaka annarra í rekstri SSNV	9.439.147	7.750.000	9.498.222
Aðrar tekjur	171.620	0	181.400
	28.484.138	26.453.950	27.762.370
Laun og annar starfsmannakostnaður:			
Laun framkvæmdarstjóra	7.115.384	6.954.887	7.088.450
Laun stjórnar	2.862.761	2.800.000	3.025.607
Mótframlag í lífeyrissjóð	980.318	874.356	976.910
Tryggingagjald	648.833	576.430	687.102
Sjúkra- og orlofssjóður	25.590	0	15.318
Annar starfsmannakostnaður	286.094	53.988	178.923
	11.918.980	11.259.661	11.972.310
Annar rekstrarkostnaður:			
Sérfræðiaðstoð m. vsk.	1.394.923	500.000	1.782.973
Þátttaka annarra í kostnaði við ársreikning	(361.204)	0	(240.000)
Bókhaldsaðstoð	1.731.103	2.600.123	1.553.666
Bifreiðakostnaður	2.022.182	1.529.023	1.275.018
Endurgreiddur akstur	563.487		1.035.422
Dagpeningar og ferðastyrkir	702.979	1.750.000	886.413
Fundir, námskeið og ferðakostnaður	890.208	1.050.000	768.744
Fargjöld og dvalarkostnaður	835.545	800.000	682.137
Húsaleiga	732.838	741.505	674.096
Sími	571.166	655.208	595.644
Netþjónusta	409.734	655.819	592.780
Rekstur tölvukerfis	285.527	823.843	363.764
Höfðabraut 6, sameign, ræsting og viðhald	291.472	200.164	348.353
Pappír, prentun og bréfabindi	784.953	257.500	453.737
Auglýsingar	174.114	100.000	217.263
Akeypt endurskoðun	123.051	200.000	185.300
Póstburðargjöld	189.451	102.370	160.240
Ábyrðgartryggingar	129.826	150.000	121.858
Styrkir og framlög	26.054	150.207	104.660
Viðhald skrifstofubúnaðar	197.000	650.000	73.621
Heimasíða	200.803	500.000	0
Bækur, tímarit og blöð	64.664	20.000	23.724
Akstur og flutningar	3.922	20.000	13.237
Annar kostnaður	791	13.122	11.929
	11.964.589	13.468.884	11.684.579

SSNV atvinnuþróun

Ársreikningur 2008

SSNV atvinnuþróun
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið nefnist SSNV atvinnuþróun og er tilgangur þess að stuðla að vexti og framþróun í atvinnulífi á Norðurlandi vestra. Á árinu 2008 var SSNV lönþróunarsjóður sameinaður SSNV atvinnuþróun og yfirtók SSNV atvinnuþróun allar eignir, skuldir og skuldbindingar SSNV lönþróunarsjóðs.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 4.130 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam í árslok 16.077 þús. kr.

Stjórn SSNV atvinnuþróunar og framkvæmdarstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Hvammstanga 9. mars 2009

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar SSNV atvinnuþróunar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SSNV atvinnuþróunar hf. fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki 18. mars 2009

KPMG hf.

Kristján Jónasson
Ragna Sigurðardóttir

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn SSNV atvinnuþróun höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2008 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga 18. mars 2009

Guðrún Rögnvaldsdóttir
Margeir Friðbergsson

Rekstrarreikningur árið 2008

	Skýr.	2008	2008 Áætlun	2007
Rekstrartekjur:				
Árgjöld sveitarfélaga		15.104.511	12.445.238	13.707.780
Aðrar tekjur		21.922.550	19.163.266	23.031.402
		37.027.061	31.608.504	36.739.182
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	20.876.069	20.090.788	18.895.918
Annar rekstrarkostnaður		13.681.544	11.344.019	12.528.857
		34.557.613	31.434.807	31.424.775
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		2.469.448	173.697	5.314.407
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Vaxtatekjur		2.494.894	0	1.183.986
Fjármagnstekjuskattur		(247.166)	0	(118.354)
Vaxtagjöld		(586.825)	0	(18.738)
		1.660.903	0	1.046.894
Rekstrarhagnaður ársins		4.130.351	173.697	6.361.301
Framlag til SNNV lönþróunarsjóðs		0	0	(6.361.301)
Rekstrarniðurstaða ársins		4.130.351	173.697	0

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
Eignir			
Eignarhlutir í félögum	3	550.000	0
Fastafjármunir samtals		550.000	0
Viðskiptakröfur		66.534	2.245.000
Aðrar viðskiptakröfur		6.268	20.213
Handbært fé		24.725.527	10.284.075
Veltufjármunir samtals		24.798.329	12.549.288
Eignir samtals		25.348.329	12.549.288
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	4	16.076.893	0
Eigið fé samtals		16.076.893	0
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		1.184.181	697.903
Skuld við tengd félög		0	11.212.505
Aðrar skammtímaskuldir		8.087.255	638.880
Skammtímaskuldir samtals		9.271.436	12.549.288
Skuldir samtals		9.271.436	12.549.288
Eigið fé og skuldir samtals		25.348.329	12.549.288

Sjóðstreymisyfirlit árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	3	4.130.351	0
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Niðurfærð hlutabréf		550.000	
Veltufé frá rekstri		4.680.351	0
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		2.192.411	(2.182.813)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(65.247)	682.465
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		2.127.164	(1.500.348)
Handbært fé frá (til) rekstrar		6.807.515	(1.500.348)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		0	4.560.031
Fjármögnunarhreyfingar		0	4.560.031
Hækkun á handbæru fé		6.807.515	3.059.683
Handbært fé í ársbyrjun		10.284.075	7.224.392
Yfirtekið handbært fé vegna samruna við SSNV iðnþróunarsjóð		7.633.937	
Handbært fé í lok ársins		24.725.527	10.284.075

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. ***Innlausn tekna***

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2008	2007
Laun	18.401.527	16.126.284
Launatengd gjöld	2.474.542	2.769.634
	20.876.069	18.895.918
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	5	4

3. Eignarhlutur í félögum

Félagið á eignarhlut í Snorra Þorfinnssyni ehf., að nafnverði 1.100 þús. kr. sem bókaður er á 550 þús. kr.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2008	0	0
Eigið fé lönþróunarsjóðs	11.946.542	11.946.542
Rekstrarniðurstaða ársins	4.130.351	4.130.351
Staða 31.12.2008	16.076.893	16.076.893

5. Önnur mál

Á árinu 2008 undirritaði félagið samning um framlög til Vaxtasamnings Norðurlands vestra. Félagið skuldbindur sig til að greiða tvær milljónir á ári sem bein fjárframlög á árunum 2008,2009 og 2010 eða samtals 6 millj. kr. Í árslok 2008 nam skuldbindingin 4 millj. kr. en hún er ekki færð í efnahagsreikninginn.

Skýringar, frh.:

5. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	**2008**	**2007**	**2006**	**2005**	**2004**
Rekstrartekjur	37.027	36.739	31.089	30.253	33.867
Rekstrargjöld án afskrifta	(34.558)	(31.425)	(29.272)	(24.540)	(31.513)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	2.469	5.314	1.817	5.713	2.354
Fjármunatekjur og fjármagsgjöld	1.661	1.047	682	503	22
Framlag til SSNV lönþróunarsjóðs	0	(6.361)	(2.499)	(6.216)	(2.376)
Hagnaður ársins	4.130	0	0	0	0
Efnahagur:					
Fastafjármunir	550	0	0	0	960
Veltufjármunir	24.798	12.549	7.307	20.071	4.811
Eignir samtals	25.348	12.549	7.307	20.071	5.771
Eigið fé	16.077	0	0	0	0
Skammtímaskuldir	9.271	12.549	7.307	20.071	5.771
Eigið fé og skuldir samtals	25.348	12.549	7.307	20.071	5.771

Sundurliðanir

Laun og annar starfsmannakostnaður:	2008	2008 Áætlun	2007
Laun	18.401.527	17.000.160	16.126.284
Mótframlag í lífeyrissjóð	1.779.815	1.750.000	1.586.853
Tryggingagjald	1.137.433	1.085.628	980.821
Sjúkra- og orlofssjóður	244.654	250.000	201.960
Þátttaka í launagreiðslum	(687.360)	0	0
Annar starfsmannakostnaður	0	5.000	0
	20.876.069	20.090.788	18.895.918

Annar rekstrarkostnaður:			
Þátttaka í rekstri SSNV	7.279.448	5.500.000	7.581.222
Kostnaður v/vaxtasamnings NLV	654.650	0	0
Kostnaður vegna verkefna	1.465.320	2.000.000	1.613.630
Rekstur tölvukerfis	222.093	280.000	290.319
Bækur, tímarit og blöð	32.360	44.004	18.109
Ritföng, pappír og prentun	94.502	180.015	88.857
Sími, burðargjöld og áskriftargjöld	563.782	220.000	384.090
Auglýsingar	366.099	320.000	323.996
Akstur og flutningar	0	0	3.856
Fundir, ráðstefnur og námskeið	290.770	150.000	11.117
Fargjöld og dvalarkostnaður	271.388	100.000	389.138
Dagpeningar	735.323	600.000	672.298
Bifreiðastyrkur	1.118.912	1.100.000	620.766
Viðhald skrifstofubúnaðar	212.800	0	21.335
Sérfræðiaðstoð	208.750	750.000	242.401
Þátttaka í kostnaði við ársreikning	0	0	80.000
Styrkir og framlög	99.723	100.000	38.500
Annar kostnaður	65.624	0	20.000
	13.681.544	11.344.019	12.399.634

SSNV

iðnþróunarsjóður

Árshlutareikningur
1.1 - 30.11 2008

SSNV iðnþróunarsjóður
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

Kt. 541292-2419

Skýrsla og áritun stjórnar


SSNV iðnþróuarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu SSNV atvinnuþróunar. Sjóðurinn skal hafa sjálfstætt bókhald, vera í vörslu félagsins og skal framkvæmdastjóri félagsins annast framkvæmdastjórn hans. Á 16. ársþingi SSNV þann 19.-20. september 2008 var samþykkt að leggja sjóðinn niður. Samþykkt var að eignum sjóðsins verði ráðstafað með þeim hætti að greiddar verði 8 milljónir króna til sveitarfélaganna en aðrar eignir Iðnþróunarsjóðs renni til SSNV atvinnuþróunar.

Tap varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu janúar til nóvember að fjárhæð 9.130 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi.

Stjórn SSNV iðnþróunarsjóðs staðfestir hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið janúar til nóvember 2008 með undirritun sinni.

Hvammstanga 1. desember 2008.

Í stjórn félagsins:



Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Stjórn SSNV iðnþróunarsjóðs.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning SSNV iðnþróunarsjóðs fyrir tímabilið 1. janúar til 30. nóvember 2008, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar
Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Könnun ársreiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að ársreikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu janúar til nóvember 2008, fjárhagsstöðu þess 30. nóvember 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Sauðárkróki 1. desember 2008.

KPMG hf.

Kristján Jónasson

Ragna Árnadóttir.

Rekstrarreikningur tímabilið janúar til nóvember 2008

	Skýr.	2008 1.1-30.11	2007 1.1-31.12
Rekstrartekjur:			
Framlag frá SSNV atvinnuþróun		0	6.361.301
		0	6.361.301
Rekstrargjöld:			
Framlag til sveitarfélaga	3	8.000.000	12.000.000
Vaxtasamningur NLV 2008		2.000.000	0
		10.000.000	12.000.000
Rekstrartap fyrir fjármagnsliði		(10.000.000)	(5.638.699)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		983.048	2.586.972
Fjármagnstekjuskattur og vaxtagjöld		(113.646)	(258.697)
		869.402	2.328.275
Niðurstaða ársins	4	(9.130.598)	(3.310.424)

Efnahagsreikningur 30. nóvember 2008

Eignir

	Skýr.	30.11.2008	31.12.2007
Fastafjármunir:			
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum		0	1.100.000
Fastafjármunir samtals		0	1.100.000
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
Krafa á tengda aðila	3	0	11.212.605
Handbært fé		0	20.764.535
Veltufjármunir samtals		0	31.977.140
Eignir samtals		0	33.077.140

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:			
Eiginfjárreikningar		0	21.077.140
Eigið fé samtals	4	0	21.077.140
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir		0	12.000.000
Skuldir samtals		0	12.000.000
		0	12.000.000

Sjóðstreymisyfirlit janúar til nóvember 2008

	Skýr.	2008 1.1-30.11	2007 1.1-31.12
Rekstrarhreyfingar:			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	4	(9.130.598)	(3.310.424)
Veltufé (til) frá rekstri		(9.130.598)	(3.310.424)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun		0	0
Skammtímaskuldir, hækkun		(12.000.000)	12.000.000
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(12.000.000)	12.000.000
Handbært fé frá rekstri		(21.130.598)	8.689.576
Fjárfestingahreyfingar:			
Viðskiptareikningur við SSNV atvinnuþróun breyting		366.063	(6.361.301)
Fjárfestingahreyfingar		366.063	(6.361.301)
Breyting á handbæru fé		(20.764.535)	2.328.275
Handbært fé í ársbyrjun		20.764.535	18.436.260
Handbært fé í lok nóvember		0	20.764.535

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Á 16. ársþingi SSNV sem haldið var dagana 19.-20. september 2008 var samþykkt að Iðnþróunarsjóður Norðurlands vestra verði lagður niður. Eignum sjóðsins verði ráðstafað með þeim hætti, að greiddar verði 8 milljónir króna til sveitarfélaganna samkvæmt íbúatölu 1. desember 2007. Aðrar eignir Iðnþróunarsjóðs renni til SSNV atvinnuþróunar.

Eignir fluttar til SSNV atvinnuþróunar

3.

Viðskiptastaða við SSNV atvinnuþróun 1.1.2008	11.212.605
Eignarhlutur í Snorra Þorfinnssyni að nafnverði 1.100 þús. kr. yfirtekinn	1.100.000
Bankainnistæða 30.11.2008 yfirtekin af SSNV atvinnuþróun	7.633.937
Skuld við sveitarfélög 30.11.2008 yfirtekin af SSNV atvinnuþróun	(8.000.000)
Eigið fé Iðnþróunarsjóðs yfirtekið af SSNV atvinnuþróun	(11.946.542)
Staða 30.11.2008	0

Eigið fé

4. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Staða 1.1.2008	21.077.140
Niðurstaða ársins	(9.130.598)
Eignir yfirteknar af SSNV atvinnuþróun	(11.946.542)
Staða 30.11.2008	0

VAXTARSAMNINGUR
NORÐURLANDS VESTRA



Ársskýrsla og ársreikningur 2008

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra

Þann 14. janúar 2008 var Vaxtarsamningur Norðurlands vestra undirritaður af þeim Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra og Adolf H. Berndsen formanni SSNV. Markmiðin með samningnum eru að efla atvinnulíf og byggðaþróun á Norðurlandi vestra með því að byggja á þeim styrkleikum sem svæðið býr yfir til frekari vaxtar.

Þetta verði einkum gert með eflingu nýsköpunar og vaxtar fyrirtækja og stofnana á svæðinu í gegnum klasasamstarf, með áherslu á tvö svið:

- Menntun og rannsóknir þar sem áhersla verður m.a. lögð á auðlindalíftækni og uppbyggingu þekkingarsetra sem þjóna muni öllu svæðinu.
- Menning og ferðaþjónusta.



Undirskrift Vaxtarsamningsins. (Ljósm. úr safni SSNV).

Samningurinn er til þriggja ára og er iðnaðarráðuneytið skuldbundið til að greiða árlega 30 milljónir króna til verkefnisins, og þannig samtals kr. 90 milljónir á samningstímanum.

Samningnum fylgir viðaukasamningur við fyrirtæki og stofnanir um aðkomu að verkefninu, í formi fjármagns, sérfræðivinnu eða aðstöðu. 17 fyrirtæki og stofnanir eru aðilar að samningnum og nema framlög þeirra samtals um 56,4 milljónum króna á samningstímanum. Listi yfir þau er á vef SSNV.

Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra

Stjórnina skipa:
Arnar Þór Sævarsson, formaður, Blönduósi
Pétur Friðjónsson, varaformaður, Sveitarfélaginu Skagafirði
Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, ritari, Húnaþingi vestra
Arna Björg Bjarnadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði
Guðmundur H. Sigurðsson, Húnaþingi vestra
Steindór Haraldsson, Skagaströnd
Unnar Ingvarsson, Sveitarfélaginu Skagafirði

Stjórnin kom fyrst saman til fundar 1. febrúar 2008. Fundir voru tíðari í fyrstu, en frá júní hafa þeir verið einu sinni í mánuði og er almenna reglan sú að stjórnarfundir séu haldnir fyrsta fimmtudag hvers mánaðar, til skiptis í sýslunum þremur. Alls kom stjórnin 16 sinnum saman á árinu, þar af tvisvar vegna úthlutana. Allar fundargerðir eru birtar á vefsvæði SSNV.

Ráðning starfsmanns

Í febrúar var auglýst eftir framkvæmdastjóra til að hafa umsjón með daglegu starfi VNV, þ. m. t. utanumhald um styrkveitingar og eftirfylgni með verkefnum, auk þess sem framkvæmdastjóra ber að hafa frumkvæði að málum sem falla að áherslusviðum samningsins. Til starfans var ráðin Hjördís Gísladóttir og tók hún til starfa 1. júní. Aðsetur er í húsnæði Sveitarfélagsins Skagafjarðar, að Faxatorgi 1 á Sauðárkróki.



Örlygsstaðir.

Störf framkvæmdastjóra hafa fyrst og fremst mótast af framansögðu, og verið í samræmi við aðgerðaáætlun þá, sem samþykkt var af iðnaðarráðuneytinu um mitt sumar. Þar var m. a. gert ráð fyrir að hliðsjón yrði höfð af tillögum verkefnisstjórnar um Vaxtarsamning Norðurlands vestra, frá því í júlí 2006, eftir því sem við gæti átt. Framkvæmdastjóri tekur m. a. þátt í undirbúningi og uppbyggingu nokkurra þeirra verkefna, sem hljóta styrk frá VNV, ýmist að frumkvæði VNV eða að ósk viðkomandi.

Kynningarmál

Í júní lét stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra prenta lítinn kynningarbækling (4 bls. A5) og var samið við Íslandspóst um dreifingu á honum um gjörvallt Norðurland vestra, þ. e. póstnúmer 500 – 570. Dreifildinu var fylgt eftir með fimm kynningarfundum, nánar tiltekið á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd, Sauðárkróki og Hofsósi. Á þessum fundum kynntu stjórnarmenn og framkvæmdastjóri starfsemi samningsins og svöruðu fyrirspurnum. Alls mættu ríflega 60 gestir á þessa fundi. Auk þess kynnti framkvæmdastjóri samninginn á öðrum fundum, ef þess var óskað. Eins var nokkuð um að framkvæmdastjóri heimsækti einstök fyrirtæki og/eða félagasamtök, þá gjarna í samstarfi við menningarfulltrúa Norðurlands vestra.

SSNV sér Vaxtarsamningi Norðurlands vestra fyrir svæði undir sínum vef (www.ssnv.is), og þar hafa fundargerðir og helstu fréttir af starfinu verið birtar. Unnið er að sérstökum vef fyrir VNV (www.vnv.is), og verður hann væntanlega opnaður snemma árs 2009. Þar mun gefast meira svigrúm til kynninga á þeim verkefnum sem unnið er að með tilstyrk samningsins.

Á árinu var tvisvar auglýst eftir umsóknum um styrki, í auglýsingamiðlum innan Norðurlands vestra.



Ársþingsfulltrúar í Héðinsfirði. (Ljósm. úr safni SSNV).



Þátttakendur í HH2 á Norðurlandi. (Ljósm. af vef Útflutningsráðs).

Samstarf

Þó Vaxtarsamningur Norðurlands vestra sé rekinn sem sjálfstæð eining undir hatti SSNV, er mikið og gott samstarf milli framkvæmdastjóra samningsins og annarra starfsmanna SSNV. Augljós tilefni eru til samstarfs og samráðs við atvinnuráðgjafa og menningarfulltrúa, og skrifstofa SSNV annast bókhald og fjárreiður samningsins. Framkvæmdastjóri sótti þing SSNV á Siglufirði í september og flutti þar stutta skýrslu um starfið að þar komnu máli.

Einnig má nefna samstarf við aðra vaxtarsamninga. Stjórnarformaður VNV og framkvæmdastjóri SSNV sátu fund vaxtarsamninga á Ísafirði í febrúar. Fjórir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri sóttu klasatorg í Borgarnesi í september. Leitað var til framkvæmdastjóra tiltekinna annarra vaxtarsamninga um góð ráð og leiðbeiningar.

Auk þessa hefur verið leitað eftir samstarfi við ýmsa aðila, innan svæðis sem utan. Nefna má Ferðamálasamtök Norðurlands vestra. Að ónefndum samstarfsaðilum samningsins, sbr. áðurnefndan viðaukasamning. Nokkuð er misjafnt hvernig sérfræðiframlögin eru hugsuð, en á fyrstu starfsmánuðum setti framkvæmdastjóri sig í samband við alla viðkomandi aðila og reynt hefur verið að finna leiðir til að þau megi nýtast sem best. Það verður heldur ekki fram hjá því litið að Vaxtarsamningur Norðurlands vestra er að stíga sín fyrstu skref varðandi úthlutanir á sama tíma og íslenskt efnahagslíf leikur á reiðiskjálfi og óhjákvæmilega hefur það áhrif á gang mála í þessu sambandi.

Eitt framlag, sem metið er upp á kr. 3,5 milljónir samtals hefur þegar verið nýtt að fullu. Hér er um að ræða verkefnið Frá hugmynd til markaðar (HH2) á vegum Útflutningsráðs, en í því tóku allmargir ferðaþjónustuaðilar af Norðurlandi vestra þátt.

Styrkveitingar

Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra tók þá ákvörðun að þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir ákveðnu frumkvæði af hálfu samningsins, skuli eigi að síður auglýsa eftir umsóknum um styrki, til að allir sitji þannig við sama borð og eigi kost á að vekja athygli á sínum hugmyndum og/eða verkefnum. Á árinu var auglýst tvisvar eftir umsóknum, annars vegar með fresti í ágúst og hins vegar í nóvember.

Tafla 1. Yfirlit umsókna og peningaúthlutana árið 2008.

	Fjöldi umsókna	Upphæð umsókna	Fjöldi veittra styrkja	Upphæð veittra styrkja	Hlutfall – fjöldi	Hlutfall – upphæð
Ágúst	20	48.090.000	10	10.000.000	50 %	20,8 %
Nóvember	27	61.658.000	10	15.000.000	37 %	24,3 %

Auk beinna peningaúthlutana voru gerðar tillögur að nýtingu sérfræðiframlaga fyrir jafnvirði allt að kr. 5.900.000 samtals. Yfirleitt var þá um að ræða viðbót við fjárframlag, en í einu tilviki var einungis um slíkt tilboð að ræða. Þannig er heildarfjöldi styrkja 21. (Ekki er raunhæft að leggja aðrar tölur úr línunum í meðfylgjandi töflu saman, þar sem í sumum tilvikum voru sömu umsóknir sendar inn í bæði skiptin). Í öllum tilvikum er gerður skriflegur samningur um styrkveitinguna og þar sem síðari úthlutun var ekki lokið fyrr en í desember voru nokkrir samningar vegna síðari úthlutunar ófrágengnir um áramót. Gefinn er sex mánaða frestur til að ganga frá samningum, ef á þarf að halda.

Styrkt verkefni

Við úthlutun styrkja er tekið mið af áherslum VNV, eins og þær koma fram í samningnum. Fjármunir þeir sem stjórn hans hafði til úthlutunar dugðu þó engan veginn til að styrkja öll þau verkefni, sem segja má að hafi uppfyllt skilyrði og hafði stjórnin því það vandasama hlutverk með höndum að forgangsraða þeim.

Eftirtalin verkefni hlutu styrk frá Vaxtarsamningi Norðurlands vestra á árinu 2008:

101. Frumathugun á beitukóngi í Húnaflóa

Sjávarlíftæknisetrið BioPol á Skagaströnd hlaut 1.000.000 kr. styrk til athugana á beitukóngi í Húnaflóa. Spurningin er hvort hann finnst þar í veiðanlegu magni og er m. a. litið til reynslunnar á Breiðafirði, þar sem veiðar og vinnsla á beitukóngi hafa verið stundaðar frá árinu 1996. Að verkefninu koma m. a. sjávar-rannsóknasetrið Vör á Snæfellsnesi og Vík ehf. á Skagaströnd. Verkefnisstjóri er Halldór G. Ólafsson hjá BioPol.



Beitukóngur. (Ljósm. Ólafía Lárusdóttir).

Nokkuð dróst fram eftir hausti að gæfi til að verkefnið gæti formlega hafist, en fyrstu gildrur voru lagðar út þann 20. nóvember. Gildrurnar voru lagðar undan ströndinni beggja vegna Skagastrandar og í lok árs lágu fyrir mælingar úr sjö vitjunum. Reiknað er með að ljúka úrvinnslu aflaðra gagna á fyrsta ársfjórðungi 2009 og að ákvörðun um framhaldið ráðist af niðurstöðunum.

104. Undirbúningur rannsókna við Selasetur Íslands

Hjá Selasetri Íslands er unnið að uppbyggingu rannsóknadeildar. Rannsóknirnar munu fyrst og fremst beinast að selum, m. a. á samspili þeirra við annað lífríki á ósa- og strandsvæðum. Verkefnisstjóri er Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, framkvæmdastjóri Selasetursins. Með framlagi sínu (kr. 500.000) lagði VNV sitt af mörkum til að undirbúa setrið undir væntanleg sérfræðistörf. Samstarf verður við Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar um ráðningu sérfræðings í selarannsóknum, frá og með janúar 2009.



106. Lifandi list – Nes listamiðstöð á Skagaströnd

Starfsemi Ness listamiðstöðvar á Skagaströnd hefur vakið drjúga athygli á undanförnum mánuðum. Unnið er að frekari uppbyggingu listamiðstöðvarinnar. VNV leggur kr. 500.000 til undirbúnings sumarskóla í listum og handverki, sem unnið er að við Nes listamiðstöð, m. a. í samstarfi við ferðamáladeild Hólaskóla - Háskólans á Hólum. Verkefnisstjóri er Hrafnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Ness listamiðstöðvar.

108. Laugarbakkinn – menningar og heilsusetur

Verkefnið snýst um að finna skólahúsnæðinu á Laugarbakka framtíðarhlutverk. Hugmyndir eru uppi um að starfsemi Grunnskóla Húnaþings vestra verði framvegis öll á Hvammstanga, en ekki á báðum þessum stöðum, eins og nú er. Heimamenn leita leiða til að nýta byggingar og aðra aðstöðu á Laugarbakka, og skapa um leið ný störf. Styrkur, að upphæð kr. 1.000.000, var veittur til að þróa og prófa hugmynd um að gera staðinn að n. k. sögutengdri menningarmiðstöð. Sumarið 2009 er ætlunin að gera tilraun með samstarf við Hótel Eddu og Grettistak, sem m. a. mun koma fram í að staðurinn fái á sig „víkingaaldaryfirbragð“ á meðan hótelið er opið. Verkefnisstjóri er Valgerður H. Bjarnadóttir hjá Reykjahöfða ehf.



Skólahúsnæðið á Laugarbakka. (Ljósm. Valgerður H. Bjarnadóttir).

111. Fornverkaskólinn

Fornverkaskólinn er samstarfsverkefni Byggðasafns Skagfirðinga, ferðamáladeildar Hólaskóla - Háskólans á Hólum og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Markmiðið er að viðhalda íslensku handverki og varðveisla byggingararfsins. Fornverkaskólinn hlaut styrk að upphæð kr. 1.000.000, til uppbyggingar starfsins og verkefnastjórnunar. Eðli málsins samkvæmt er námskeiðahald Fornverkaskólans einkum á sumrin, en í vetur er m. a. unnið að undirbúningi námskeiða í grjóthleðslu og gluggasmíði. Ábyrgðarmaður er Sigríður Sigurðardóttir hjá Byggðasafni Skagfirðinga.

112. Nýting ostamysu í heilsutengd matvæli



Úr starfsemi Fornverkaskólans. (Ljósm. úr ársskýrslu Fornverkaskólans 2007).

Haustið 2008 var ný rannsóknarstofa MATÍS opnuð í Verinu á Sauðárkróki. Þar skapast ný sérfræðistörf tengd auðlindalíftækni, eða eins og segir á vef MATÍS: „Líftæknismiðjan er sérstaklega sett upp til að skapa vettvang fyrir öflugar rannsóknir og þróunarvinnu á sviði líftækni og lífvirkra efna/afurða. Markmiðið er að aðstaða og gæði rannsókna á rannsóknarstofu MATÍS standist alþjóðlegan samanburð. Lögð verður mikil áhersla á rannsóknir og þróun tengt nýtingu aukaafurða og afurða unninna úr þeim, t.d. prótein, peptíð, fitusýrur, sykrur o. fl. Á þennan hátt skapast góð tækifæri fyrir myndun nýrra verkefna og jafnvel fyrirtækja á svæðinu sem í kjölfarið stuðlar að auknum fjölbreytileika í atvinnulífi“. VNV styrkir fyrsta verkefni MATÍS á Sauðárkróki um kr. 1.000.000. Verkefnið er m. a. unnið í samstarfi við Mjólkursamlag KS og snýst um rannsóknir á nýtingu ostamysu í heilsutengd matvæli. Verkefnisstjóri er Arnljótur Bjarki Bergsson.

114. Efling bleikjueldis í smáum stíl

Á Sauðárkóki hefur um nokkurra ára skeið verið unnið að uppbyggingu Versins vísindagarða, með það að markmiði að skapa aðstöðu og vettvang til aukins samstarfs atvinnulífs, skóla og rannsóknaraðila. Verið hefur forgöngu um verkefni er lýtur að eflingu bleikjueldis í smáum stíl, sem n. k. hliðarbúgrein. Verkefnið, sem er m. a. unnið í samstarfi við Skagafjarðarveitur og Hólalax hf., hlaut kr. 1.500.000 í styrk, auk aðgangs að sérfræðiaðstoð frá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum fyrir jafnvirði allt að kr. 500.000. Fyrstu skrefin í framkvæmd verkefnisins voru stigin síðla hausts 2008, þegar haldinn var kynningarfundur og lýst eftir bændum/landeigendum til samstarfs. Næst liggur þá fyrir að kanna aðstæður á viðkomandi stöðum. Verkefnisstjóri er Gísli Svan Einarsson, framkvæmdastjóri Versins.



Verið á Sauðárkróki. (Ljósm. af vef Versins).

115. Rannsóknir á sögu íslenska hestsins

Sögusetur íslenska hestsins er að Hólum í Hjaltadal, miðstöð hestamennsku á Íslandi. Við setrið er unnið að rannsóknum á sögu íslenska hestsins. Verkefnið snýst um undirbúning að því að koma á fastri yfirlitssýningu um sögu íslenska hestsins. Slík sýning mun m. a. koma hestatengdri ferðaþjónustu á svæðinu til góða. Nú á haustdögum var tekin ákvörðun um framtíðarstaðsetningu sýningarinnar og henni valinn staður í gamla hesthúsinu á Hólastað. Hús þetta var byggt um 1930 og einkar vel viðeigandi



Gamla hesthúsið á Hólum. (Ljósm. úr safni Sögusetursins).

sem aðsetur Sögusetursins. Með þessari ákvörðun var stigið mikilvægt skref í þróun þess. Meðal samstarfsaðila í verkefninu eru Bændasamtök Íslands, auk annarra, bæði innan héraðs og utan. VNV lagði því til kr. 1.500.000 og verkefnisstjóri er Arna Björg Bjarnadóttir, forstöðumaður.

116. Vatnsdæla - Merking sögustaða og sögukort með skýringum

Hjá Landnámi Ingimundar gamla er unnið að uppbyggingu sögutengdrar ferðaþjónustu og byggt á Vatnsdæla sögu. Í greinargerð frá félaginu segir m. a: „Markmið *Á slóð Vatnsdælasögu* [leturbr. VNV] er að gera Vatnsdælasögu, sögusviðið og minjaumhverfið lifandi, aðgengilegt og sjáanlegt fyrir heimamenn og ferðafólk. Verkefnið er mikilvægt ferðaþjónustu-verkefni í Húnavatnssýslum, en hefur einnig verndargildi fyrir menningarverðmæti svæðisins. Verkefnið er byggðaþróunarlegs eðlis þar sem leitast er við að auka aðdráttarafl héraðsins og styrkja um leið ímynd þess.“ Aðilar eru m. a. ferðaþjónustubændur á svæðinu, Fornleifavernd ríkisins o. fl. Félagið hlaut kr. 500.000 til útgáfu sögukorts og merkingar sögustaða. Verkefnisstjóri er Haukur Suska Garðarsson.

120. Gagnvirk upplýsingaveita um vötn og veiði á Norðurlandi vestra

Fræðaveitan ehf. er nýtt fyrirtæki á svæðinu, en umrætt verkefni er m. a. unnið í samstarfi við ferðamáladeild Hólaskóla – Háskólans á Hólum og Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar. Verkefni Fræðaveitunnar, sem hlaut styrk frá VNV að upphæð kr. 1.500.000, lýtur að uppbyggingu gagnvirkrar upplýsingaveitu um vötn og veiði á Norðurlandi vestra. Þar verða aðgengilegar ýmsar upplýsingar um vötnin sjálf, lífríki þeirra, fiskitegundir og veiðitímabil. Einnig verður hægt að fá svör við spurningum eins og hvernig megi nálgast veiðileyfi og hvaða aðstaða sé í boði við eða nálægt viðkomandi vatni. Samráð verður haft við veiðiréttarhafa og ferðaþjónustuaðila. Verkefnisstjóri er Bjarni Jónsson.

201. Wild North

Wild North snýst um uppbyggingu sjálfbærrar, náttúrutengdrar ferðaþjónustu („Wild Life Tourism“) á Norðurslóðum, og að treysta með því undirstöður greinarinnar, afkomu þeirra sem í henni vinna og notkun auðlindarinnar til langs tíma. Verkefnið byggir á víðtæku samstarfi, bæði innanlands og ekki síður út fyrir landsteinana, enda er unnið að umsóknum bæði til NORA og NPP. Þau ferðaþjónustufyrirtæki sem tengjast verkefninu byggja afkomu sína öll að meira eða minna leyti á villtum dýrum og nefna má Melrakkasetur á Súðavík, Selasetur Íslands á Hvammstanga og hvalaskoðunarfyrirtækið Norðursiglingu á Húsavík. Meðal innlendra rannsóknarstofnana eru Náttúrustofur Norðurlands vestra og Vestfjarða. Einnig tengjast fræðasetur Háskóla Íslands á Húsa-

vík og Bolungarvík verkefninu, að ógleymdri ferðamáladeild Hólaskóla – Háskólans á Hólum. Miklar vonir eru bundnar við verkefnið, og hefur það m. a. komið fram í máli fulltrúa Ferðamálastofu en hann var meðal þeirra, sem sóttu vinnufund verkefnisins á Húsavík í desember 2008. Framkvæmdastjóri VNV sat einnig hluta þess fundar. Wild North, sem nánar má lesa um á vefnum www.thewildnorth.org, hlaut styrk að upphæð kr. 2.500.000, auk tilboða um sérfræðiaðstoð að andvirði allt að kr. 500.000. Ábyrgðina gagnvart VNV ber Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, hjá Selasetri Íslands.



Sviðsetning Vatnsdælu. (Ljósm. Jón Sigurðsson).

206. Kynningardiskur um Norðurland

Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi er í samstarfi við ýmis ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurlandi um gerð kynningarmyndbands (á DVD) um landssvæðið allt. Myndbandið verður 20 mín. að lengd og verður skipt í nokkra kafla, t. d. um náttúru og landslag, sögutengda ferðaþjónustu o. fl. Verkefnisstjóri er Katrín Harðardóttir hjá Markaðsskrifstofunni. Þetta verkefni hlaut styrk að upphæð kr. 500.000. Þess má geta að það nýtur einnig framlags frá Vaxtarsamningi Eyjafjarðar.

208. Hveravellir



Hveravellir. (Ljósm. Gunnar Guðjónsson).

Hveravellir eru áningarstaður á fjölfarinni leið og nokkurs konar hlið að Norðurlandi vestra, ef komið er sunnan Kjöl. Undanfarin sumur hafa á milli 40 og 50 þúsund manns lagt leið sína á Hveravelli yfir sumarið og þar bráðliggur orðið á að taka til hendinni, bæði með tilliti til bættrar aðstöðu og þjónustu, sem og til verndar hinni stórbrotnu náttúru og sögulegum minjum á staðnum. Markmiðin eru m. a. fjölgun möguleika og þar með starfa tengdum ferðaþjónustu, fræðsla til ferðamanna og bætt nýting mannvirkja. Stjórn VNV hefur ákveðið að leggja Hveravallafélaginu ehf. og samstarfsaðilum þess til framlag að upphæð kr. 1.500.000 í peningum, og sérfræðiaðstoð fyrir allt að kr. 1.000.000. Í því sambandi er unnið að aðkomu Háskólans á Bifröst. Ábyrgðarmaður er Björn Magnússon, formaður Hveravallafélagsins.

210. Ferða- og bókunarmiðstöð í Skagafirði

Að undanförnu hefur töluvert verið unnið að sameiginlegri vöruþróun og markaðssetningu meðal ferðaþjónustuaðila í Skagafirði. Í kjölfar þessarar vinnu hefur sprottið


Útkikk. (Ljósm. Ólafía Lárusdóttir)

upp þörf fyrir sameiginlegt tæki til að koma vörum og þjónustu á framfæri, og sjá um samskipti bæði við neytendur og seljendur. Engin sameiginleg ferðaskrifstofa er starfrækt á svæðinu, þannig að bókunar- og sölulaun fara yfirleitt út úr héraði. Markmiðin með verkefninu eru þannig að auka arðsemi og fjölbreytni í ferðaþjónustu í Skagafirði, fækka milliliðum og fjölga um leið störfum innan greinarinnar. Ef vel tekst til er ekkert sem mælir á móti því að starfssvæðið teygi sig um allt Norðurland vestra, verði áhugi fyrir því. Impra á Nýsköpunarmiðstöð hefur þegar ákveðið að verða verkefninu innan handar með gerð viðskiptaáætlunar. VNV styrkir Ferða- og bókunarmiðstöð í Skagafirði um kr. 1.500.000, auk tilboðs um sérfræðiaðstoð að andvirði allt að kr. 500.000. Það er Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði sem stendur að verkefninu, og ábyrgðin er á borði formannsins, Svanhildar Pálsdóttur.

212. Kræklingaeldi í Húnaflóa

Hér er um að ræða forathugun á möguleikum kræklingaeldis í Húnaflóa. Leitast verður við að afla nauðsynlegra gagna, svo sem með seltu- og hitastigsmælingum, vöktun svifþörunga og örverumælingum. Vandað hefur verið til staðarvals og verða mælingarnar framkvæmdar á fjórum stöðvum, beggja vegna Húnaflóa. Markmiðið er að leggja mat á fýsileika kræklingaræktar til uppbyggingar atvinnu við flóann. Sjávarlíftæknisetrið BioPol er mikilvægur aðili að verkefninu, sem er stýrt af Jóni Erni Stefánssyni, fiskeldisfræðingi. VNV leggur fram kr. 1.000.000, auk tilboðs um sérfræðiframlag að andvirði allt að kr. 1.500.000.

214. Glaumbæjarrannsóknin

Miklar vonir eru bundnar við uppbyggingu sögutengdrar ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, og Byggðasafnið í Glaumbæ hefur þar mikilvægu hlutverki að gegna. Árlega sækja tugþúsundir ferðamanna Byggðasafnið heim og þar er orðið verulega aðkallandi að skipuleggja, endurbæta og stækka aðstöðuna. Til að svo megi verða þarf að ljúka tilteknum áföngum í fornleifarannsóknum á safnssvæðinu í Glaumbæ. Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga og samstarfsaðilar hennar hljóta til þess styrk að upphæð kr. 1.000.000. Ábyrgðina ber Guðný Zoëga, deildarstjóri.


Frá Glaumbæ. Ljósm. af vef safnsins).

216. Verðmæti úr hliðarafurðum slátrunar og kjötvinnslu

Markmiðin með þessu verkefni eru að auka verðmæti og gjaldeyristekjur úr hliðarafurðum frá sláturhúsi og kjötvinnslu. Ætlunin er að þróa vinnsluaðferðir til framleiðslu á nýjum vörum, sem selja megi úr landi. Verkefnið er unnið í samvinnu við hina nýju starfsstöð MATÍS á Sauðárkróki og byggir þannig á að nýta þau tækifæri

sem uppbygging hennar hefur í för með sér, til fjölgunar starfa á svæðinu. Verkefnið, sem stýrt er af Ágústi Andréssyni, framkvæmdastjóra Kjötafurðastöðvar KS, hlaut kr. 2.000.000, til rannsókna og vöruþróunar á þessu sviði.



Við stóðsmölun. (Ljósm. Jón Sigurðsson).

217. Hýruspor

Hýruspor er vinnuheiti verkefnis, sem unnið hefur verið að um allnokkurt skeið. Markmiðið er að efla samstöðu og samvinnu þeirra sem búa og starfa á Norðurlandi vestra og byggja afkomu sína að meira eða minna leyti á íslenska hestinum. Ætlunin er að stofna formleg samtök sem skulu starfa í anda svokallaðrar „samstarfs-keppni“ og er gert ráð fyrir kynningar- og stofnfundum í upphafi ársins 2009. Aðild verður opin öllum þeim, sem falla undir áðurnefnda skilgreiningu og eru tilbúnir að starfa undir þessum formerkjum. Meðal forgönguaðila eru Krossaneshestar, Sveitasetrið á Gauksmýri, Íslenskar hestasýningar og Sögusetur íslenska hestsins, auk Ferðamálasamtaka Norðurlands vestra. Verkefnið hlýtur styrk að upphæð kr. 2.000.000, auk allt að kr. 1.000.000 í formi sérfræðiaðstoðar. Ábyrgðarmaður er Páll Dagbjartsson.

218. Hið íslenska laxasetur

Laxasetur á Blönduósi er verkefni, sem Alva Kristín Ævarsdóttir hefur forgöngu um, og nýtur hún m. a. fulltingis Landssambands veiðifélaga og Blönduóssbæjar. Margar af helstu laxveiðiám landsins eru í Húnaþingi og Blönduós því kjörin staðsetning fyrir miðstöð fræðslu og rannsókna um íslenska villilaxinn. Undirbúningur hefur staðið um nokkurn tíma en í janúar 2009 er fyrirhugað að halda opinn kynningarfund um verkefnið, sem VNV styrkir um kr. 500.000 í peningum og kr. 400.000 í formi sérfræðiaðstoðar. Þess má geta að „Atvinnumál kvenna“ leggja þessu verkefni einnig lið.

224. Handverkshús á Blönduósi

Handverkshús á Blönduósi er verkefni, sem Sigurberg ehf. og Blanda ehf. vinna að í sameiningu. Að svo komnu máli býður stjórn VNV þessum fyrirtækjum sérfræðiaðstoð að andvirði allt að kr. 500.000, til frekari þróunar á hugmyndinni. Verkefnið er í höndum Hrefnu Aradóttur.

225. Bragðkjarnar úr þangi

Á Skagaströnd hefur um árabil verið unnið að vöruþróun á sviði bragð- og íblöndunarefna. Meðal annars er þar komin á nokkurn rekspöl þróun á bragðkjörnum byggðum á þangi. Fyrirtækin H-59 og MarinAgra hljóta styrk að upphæð kr. 2.500.000 til frekari þróunar og áætlanagerðar. Ábyrgðarmaður er Steindór Haraldsson.

Önnur verkefni

Meðal annarra verkefna, sem unnið var að á árinu, eru:

- Þekkingarsamtök Norðurlands vestra. Undirbúningshópur tók til starfa á haustdögum og fundaði tvisvar fyrir áramót.
- Tengslanet kvenna á Norðurlandi vestra. Þetta er eitt af þeim verkefnum, sem lögð voru til í skýrslu um Vaxtarsamning Norðurlands vestra árið 2006. Í haust var hafist handa með að kanna áhuga kvenna á svæðinu fyrir slíku tengslaneti og reyndist hann allmikill, einkum í Skagafirði. Haldið verður áfram með verkefnið á árinu 2009.
- Málþing um sögutengda ferðaþjónustu, haldið í október, í samstarfi við Menningarráð Norðurlands vestra og SSNV atvinnuþróun. Fyrirlesarar voru tveir, Þór Hjaltalín minjavörður Norðurlands vestra og Arna Lára Jónsdóttir, ráðgjafi hjá Impru. Málþingið sóttu á milli 20 og 30 manns.
- Framkvæmdastjóri tók virkan þátt í undirbúningi að „Sturlungu-verkefninu“ í Skagafirði.
- Framkvæmdastjóri tók einnig virkan þátt í námskeiðinu HH2 á vegum Útflutningsráðs og það vinnuframlag nýtist inn í verkefni 217, Hýruspor.
- Í undirbúningi er að leiða saman forsvarsmenn safna og setra, að sunnlenskri fyrirmynd. Þetta er unnið í samstarfi við menningarfulltrúa Norðurlands vestra og hefur verið boðað til undirbúnings- og kynningarfundar á Blönduósi í janúar 2009.

Mat á Vaxtarsamningi Norðurlands vestra

- Hæpið er að gera ráð fyrir að sérstakt mat hafi farið fram á starfi VNV, þar sem árið 2008 var fyrsta starfsár og ekki þó fullt. Eigi að síður er þó tímabært að huga að mati og sérstakri matsáætlun hefur verið skilað til iðnaðarráðuneytisins. Án þess að ætlunin sé að kafa djúpt í matsmálin í þessari ársskýrslu er þó vert að geta nokkurra meginatriða:
- Að undanskildu þessu fyrsta ári, er reiknað með að framkvæmdastjóri skili árlega sérstakri matsskýrslu, samhliða ársskýrslu.
- Matsaðferðir eru að nokkur leyti byggðar á leiðbeiningum frá Þróunarsviði Byggðastofnunar.
- Lagt verður mat á hvert einstakt verkefni, enda markmiðin með þeim mismunandi og því hæpið að gera grein fyrir árangri þeirra sameiginlega.
- Áðurgreint mat á einstökum verkefnum mun leggja grunn að heildarmati á starfi Vaxtarsamnings Norðurlands vestra.
- Sem áður segir er varla komið að því að leggja mat á árangur af starfi VNV. Hins vegar er ekki úr vegi að velta því upp, hvernig til hefur tekist með að velja verkefni, er falla að áherslusviðum samningsins, sbr. bls. 1. Þar er annars vegar talað um „menntun og rannsóknir,“ m. a. með áherslu á auðlindalíftækni og þekkingarsetur, sem þjóni öllu svæðinu. Hins vegar um „ferðaþjónustu og menningu“ – og þannig ekki síst menningartengda ferðaþjónustu. Í Vaxtarsamningi Norðurlands vestra er ennfremur lögð áhersla á að byggt sé á styrkleikum svæðisins – á því sem fyrir er. Og hverjir skyldu styrkleikarnir þá vera? Í upphafi starfs síns lagði stjórn VNV töluverða vinnu í skilgreiningu á þeim, og hér verður stiklað á stóru:

- **Menntun og rannsóknir:**
  - Verið er að byggja upp líftæknisetur, á Skagaströnd og Sauðárkróki.
  - Á nokkrum stöðum á svæðinu er unnið að samstarfi atvinnulífs, rannsóknarstofnana og háskóla, t. d. í Verinu á Sauðárkróki.
  - Á svæðinu starfar einn háskóli, Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, og víða er unnið að tengslum hans við smærri setur og stofnanir.
  - Unnið er að uppbyggingu rannsókna við setur af ýmsum toga, t. d. Selasetur Íslands á Hvammstanga, Textílsetur á Blönduósi og Sögusetur íslenska hestsins á Hólum.
  - Fleiri opinberar stofnanir er að finna á svæðinu, nefna má Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar og dýralækni hrossasjúkdóma (Matvælastofnun). MATÍS hefur nýverið opnað starfsstöð á Sauðárkróki og í tillögum „Norðvestur-nefndar“ er gert ráð fyrir útibúi frá Nýsköpunarmiðstöð.
  -
- **Ferðaþjónusta og menning:**
  - Styrkleikar svæðisins hvað varðar ferðaþjónustu felast ekki síst í:
    - Íslenska hestinum. Héðan koma margir af þekktustu hrossastofnunum (Svaðastaðakynið, Kolkuóss-, Hindisvíkur-, Brúnar- og Sauðárkrókshrossin – svo eitthvað sé nefnt). Hér eru Hólar í Hjaltadal – miðstöð menntunar og rannsókna á íslenska hestinum, Sögusetur íslenska hestsins og aðsetur dýralæknis hrossasjúkdóma. Hér eru Vindheimamelar og allmargar reiðhallir, t. d. hinir glæsilegu Svaðastaðir á Sauðárkróki. Stóðréttir er varla nokkurs staðar að finna utan Húnavatns- og Skagafjarðasýslna, og hér eru margir hrossaræktendur í fremstu röð.
    - Sagnaarfinum. Þræðir margra Íslendingasagna liggja um Húnaþing og þar voru ófáar þeirra skráðar. Þegar er unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu tengdri Grettis sögu og Vatnsdælu. Skagafjörður er vettvangur margra þekktustu atburðanna í Sturlungu, sem nú nýtur endurvakinnar hylli íslenskra lesenda. Þegar öllu nær er litið í tíma, má taka dæmi um Fjalla-Eyvind og Höllu, sem höfðust um tíma við á Hveravöllum. Eða Skáld-Rósu, svo eitthvað sé nefnt.
    - Náttúrunni – náttúruskoðun og útiveru. Í því sambandi koma e. t. v. selir á Vatnsnesi fyrst upp í hugann, en hér má líka nefna silungsveiði í fjallavötnum og ýmsa staði vænlega til fuglaskoðunar. Útreiðar (sbr. hesta-áhersluna hér að ofan) koma einnig til og möguleikar tengdir skipulögðum gönguferðum eru lítt plægður akur.
  - Setrin voru nefnd hér að ofan. Á svæðinu eru allmörg setur sem bjóða upp á mýmarga möguleika tengda ferðaþjónustu (auk þess að vera vettvangur rannsókna).

Ýmislegt fleira má nefna við greiningu á styrkleikum svæðisins, t. d. handverk (Heimilisiðnaðarsafn og Textílsetur á Blönduósi) og mat úr héraði (Matarkistuna Skagafjörð og framtak „Húsfreyja á Vatnsnesi“). Margir möguleikar (en um leið ábyrgð) tengjast fjölsóttum ferðamannastöðum eins og Hveravöllum og Byggðasafni Skagfirðinga í Glaumbæ.

Þó rætt sé um uppbyggingu klasa í tengslum við vaxtarsamningana, eru lágmarksskilyrði fyrir styrkveitingu að um samstarf tveggja aðila sé að ræða. Markmiðið er þó að byggja smátt og smátt upp þéttriðin samstarfsnet – eða klasa. Segja má að tveir snertifletir séu milli áhersluflokkanna tveggja: Annars vegar þau setur sem byggja á eða stefna að rannsóknum samhliða ferðaþjónustu, og hins vegar Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, þar sem ferðaþjónusta, fiskeldi og hestar eru undirstöður rannsókna og menntunar.

Og hvernig tengjast þá verkefni styrkt af Vaxtarsamningi Norðurlands vestra innbyrðis, og áhersluflokkum samningsins? Í töflu 2 er leitast við að skýra það.

Skýringartöflur

Tafla 2. Tenging verkefna við áherslur VNV og styrkleika svæðis.

Nr. verkefnis	101	104	106	108	111	112	114	115	116	120	201	206	208	210	212	214	216	217	218	224	225
Menntun og rannsóknir	X	X	X		X	X	X	X	X	X	X				X	X	X		X		X
Auðlinda-líftækni						X											X				X
Tenging atvinnulífs og rannsókna	X					X	X				X				X		X				X
Uppbygging þekkingarsetra	X	X				X	X	X			X				X		X		X		
Tenging við Hólaskóla		X	X		X		X	X		X	X			X		X		X	X		
Tenging við opinb. stofnanir á svæðinu		X			X				X	X	X				X	X			X		
Ferðaþjónusta og menning		X	X	X	X			X	X	X	X	X	X	X		X		X	X	X	
Íslenski hesturinn								X				X	X	X				X			
Sagnaarfurinn				X	X			X	X			X	X	X		X		X			
Náttúran		X								X	X	X	X	X				X	X		
Annað (hand-verk, matur úr héraði, fjöls. ferðamannast.)	X			X	X			X					X	X	X	X		X		X	

Tafla 3. Útborgunarstaða styrkja 31. desember 2008 (sérfræðiframlög ótalin).

Nr.		Alls kr.	Úthlutun	Staða
101	Bio-Pol ehf. 600.000	1.000.000	-400.000	
104	Selasetur Íslands.	500.000	500.000	0
106	NES listamiðstöð	300.000	500.000	-200.000
108	Reykjahöfði ehf.	600.000	1.000.000	-400.000
111	Byggðasafn Skagfirðinga v/Fornverkaskólans	600.000	1.000.000	-400.000
112	MATÍS ohf.	600.000	1.000.000	-400.000
114	Verið Vísindagarðar	900.000	1.500.000	-600.000
115	Sögusetur ísl. hestsins	900.000	1.500.000	-600.000
116	Landnám Ingimundar gamla	300.000	500.000	-200.000
120	Fræðaveitan ehf.	900.000	1.500.000	-600.000
201	Selasetur Íslands - Wild North		2.500.000	-2.500.000
206	Markaðsskrifst. ferðam. á Norðurl.		500.000	-500.000
208	Hveravallafélagið ehf.	900.000	1.500.000	-600.000
210	Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði		1.500.000	-1.500.000
212	Jón Örn Stefánsson / BioPol		1.000.000	-1.000.000
214	Glaumbær	600.000	1.000.000	-400.000
216	Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga		2.000.000	-2.000.000
217	Krossaneshestar ehf.		2.000.000	-2.000.000
218	Alva Kristín Ævarsdóttir		500.000	-500.000
225	H - 59		2.500.000	-2.500.000
			25.000.000	**-17.300.000**

Tafla 4. Styrkhlutfall m. v. kostnaðaráætlanir umsókna, sérfræðiframlög ótalin.

Nr.		Kostnaðaráætlun	Úthlutun	%
101	Bio-Pol ehf	5.000.000	1.000.000	20%
104	Selasetur Íslands	832.000	500.000	60%
106	NES listamiðstöð	5.500.000	500.000	9%
108	Reykjahöfði ehf	8.700.000	1.000.000	11%
111	Byggðasafn Skagfirðinga v/ Fornverkaskólans*	12.000.000	1.000.000	8%
112	MATÍS ohf	31.820.000	1.000.000	3%
114	Verið Vísindagarðar	33.532.000	1.500.000	4%
115	Sögusetur ísl. hestsins	8.270.000	1.500.000	18%
116	Landnám Ingimundar gamla	4.500.000	500.000	11%
120	Fræðaveitan ehf	7.190.000	1.500.000	21%
201	Selasetur Íslands - Wild North **	17.313.800	2.500.000	14%
206	Markaðsskrifst. ferðam. á Norðurl	3.800.000	500.000	13%
208	Hveravallafélagið ehf.	6.073.000	1.500.000	25%
210	Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði	6.490.000	1.500.000	23%
212	Jón Örn Stefánsson / BioPol	5.414.400	1.000.000	18%
214	Glaumbær	4.200.000	1.000.000	24%
216	Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga	13.410.000	2.000.000	15%
217	Krossaneshestar ehf.	5.500.000	2.000.000	36%
218	Alva Kristín Ævarsdóttir	1.670.000	500.000	30%
225	H - 59	6.000.000	2.500.000	42%
		187.215.200	**25.000.000**	**13%**
*	Áætlun til tveggja ára			
**	Áætlun til þriggja ára			

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra
Ársreikningur 2008

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra
Faxatorgi 1
550 Sauðárkrókur

kt. 541292-2419

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra var stofnaður á árinu 2008 og er markmið hans að efla atvinnulíf á Norðurlandi vestra með því að byggja á þeim styrkleikum sem svæðið býr yfir til frekari vaxtar.

Hagnaður varð af rekstri samningsins á árinu að fjárhæð 2.903 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samningsins nam í árslok 2.903 þús. kr.

Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra staðfestir hér með ársreikning samningsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Sauðárkrókur 9. mars 2009

Stjórn:

Verkefnisstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vaxtarsamnings Norðurlands vestra fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og gloggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðaferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna ti að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samningsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu hans 31.desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki, 18. mars 2009

KPMG hf.

Ragna Árnadóttir Gjartard.
Kristján Jónsson

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2008 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga 18. mars 2009

Guðrún Rögnvaldsd
Margeir Friðleifsson

Rekstrarreikningur árið 2008

	Skýr.	2008	Áætlun 2008
Rekstrartekjur:			
Framlag ríkissjóðs		30.000.000	30.000.000
Framlög annarra		3.600.000	3.600.000
		33.600.000	33.600.000
Rekstrargjöld:			
Styrkveitingar	2	25.000.000	26.258.558
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	5.169.850	4.462.500
Stjórnunarkostnaður	4	1.289.668	2.878.942
		31.459.518	33.600.000
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		2.140.482	0
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		854.256	
Vaxtagjöld		(91.237)	
		763.019	0
Rekstrarniðurstaða ársins	5	2.903.501	0

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008
Eignir		
Handbært fé		20.494.353
Veltufjármunir samtals		20.494.353
Eignir samtals		20.494.353
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé		2.903.501
Eigið fé samtals	5	2.903.501
Skammtímaskuldir		
Ógreiddir styrkir	2	17.300.000
Aðrar skammtímaskuldir		290.852
Skammtímaskuldir samtals		17.590.852
Skuldir samtals		17.590.852
Eigið fé og skuldir samtals		20.494.353

Sjóðstreymisyfirlit árið 2008

	Skýr.	2008
Rekstrarhreyfingar		
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	5	2.903.501
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:		
Skammtímaskuldir, hækkun		17.590.852
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		17.590.852
Handbært fé frá rekstri		20.494.353
Hækkun á handbæru fé		20.494.353
Handbært fé í ársbyrjun		0
Handbært fé í lok ársins		20.494.353

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

b. ***Innlausn tekna***

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur er ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

2. *Styrkir*

Styrkir eru gjaldfærðir þegar stjórnin hefur samþykkt úthlutun þeirra en greiðslur fara hins vegar ekki fram fyrr en gerður hefur verið skriflegur samningur. Á árinu 2008 voru gjaldfærðir úthlutaðir styrkir að fjárhæð 25 millj. kr. Af þeirri fjárhæð voru ógreiddir styrkir 17 millj. kr. þar af námu ófrágengnir samningar samtals 12 millj. kr.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2008	Áætlun 2008
Laun	3.181.683	2.700.000
Stjórnarlaun (7)	1.257.000	870.000
Lífeyrissjóður	426.604	428.400
Tryggingagjald	304.563	464.100
	5.169.850	4.462.500

4. Stjórnunarkostnaður

Stjórnunarkostnaður greinist þannig:	2008	Áætlun 2008
Ökutækjastyrkur	838.158	0
Stofnkostnaður	0	1.213.500
Auglýsingar og styrkir	233.875	300.000
Fundir, námskeið og ferðakostnaður	139.402	315.000
Rekstur tölvukerfis	45.139	73.356
Ritföng, pappír og prentun	20.374	400.000
Annar kostnaður	12.720	577.086
	1.289.668	2.878.942

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	2008
Eigið fé 1.1.2008	0
Rekstrarniðurstaða ársins	2.903.501
Staða 31.12.2008	2.903.501

6. Önnur mál

Þann 14. janúar 2008 var undirritaður vaxtarsamningur milli Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) og iðnaðarráðuneytisins. SSNV ber ábyrgð á framkvæmd vaxtarsamningsins og sér um að semja við fyrirtæki og stofnanir um framlög til vaxtarsamningsins . Samkvæmt samningnum skulu framlög iðnaðarráðuneytisins vera 30 millj. kr. á ári í þrjú ár frá undirritun samningsins. Stjórn samningsins úthlutar fjármagni til verkefna á Norðurlandi vestra á grundvelli umsókna. Samningurinn gildir til 14. janúar 2011.



Þreifað á vatni.

SSNV málefni fatlaðra

Hlutverk og markmið

Byggðasamlag um málefni fatlaðra Norðurlandi vestra (SSNV málefni fatlaðra) hefur verið með samning við félagsmálaráðuneytið um veitingu þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðra frá 1. apríl 1999. Þjónustusamningurinn var endurnýjaður í þriðja sinn í desember 2006 til 6 ára eða til ársloka 2012.

Byggðasamlagið tekur að sér að veita fötluðum á starfssvæði sínu þá þjónustu sem svæðisskrifstofu málefna fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt ákvæðum í þeim lögum.

Meginmarkmið samningsins er að samþætta þjónustu við fatlaða í heimabyggð og fella hana eins og framast er unnt að starfsemi annarra þjónustuaðila; færa þjónustuna nær notendum og auðvelda þannig aðgang að henni. Þetta er gert með meiri skilvirkni, betri nýtingu fjármuna og auknum þjónustugæðum að leiðarljósi.

Starfssvæði

Í Byggðasamlaginu eru eftirtalin sveitarfélög: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur og Fjallabyggð v/Siglufjarðar. Um starfsemi Byggðasamlagsins gilda ákvæði 81-85.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Á starfssvæði Byggðasamlagsins eru fjögur þjónustusvæði: Húnaþing vestra, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Fjallabyggð v/Siglufjarðar. Stjórn SSNV gerði samning við þjónustusvæðin að annast þjónustu við fatlaða í sínu umboði.

Verkefnisstjóri

Verkefnisstjóri vinnur eftir erindisbréfi frá stjórn SSNV. Starf verkefnisstjóra er fjölþætt en skipta má því í þrjá meginþætti: umsjón og eftirlit með framkvæmd þjónustusamnings um málefni fatlaðra, leiðbeiningar um framkvæmd þjónustunnar og skýrslugerð vegna starfseminnar.

Þjónustuhópur

Þjónustuhópur er faglegur ráðgjafarhópur um málefni fatlaðra og starfar eftir erindisbréfi frá stjórn. Í þjónustuhópnum eiga sæti félagsmálastjórar á Nl.vestra, framkvæmdastjóri og verkefnisstjóri SSNV málefni fatlaðra. Formaður svæðisráðs um málefni fatlaðra Nl.vestra á rétt á setu á fundum þjónustuhóps með tillögurétt og málfrelsi. Er þannig uppfyllt upplýsingaskylda til svæðisráðsins. Hlutverk þjónustuhópsins er að vera stjórn til ráðgjafar og upplýsinga hvað varðar málefni fatlaðra ásamt því að gera tillögur um uppbyggingu og þróun þjónustunnar á starfssvæði Byggðasamlagsins.

Félagsmálastjórar



SIGLUFJÖRÐUR
Hjörtur Hjartarson



HÚNAÞING VESTRA
Oddur Gíslason



SKAGAFJÖRÐUR
Gunnar Sandholt



FORMAÐUR SVÆÐISRÁÐS
Guðrún Árnadóttir
Siglufirði



AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLA
Auður Herdís Sigurðardóttir



Skýrsla verkefnisstjóra

Í sveitarfélögunum átta eru 436 örorkulífeyrisþegar, eða um 8% af íbúafjölda 16 – 66 ára. Fjöldi barna með umönnunarbætur í flokki 1 – 3 er 32 eða um 1% af íbúafjölda 0 – 17 ára. (Tryggingastofnun ríkisins, staðtölur almannatrygginga 2008). Þeir sem sækja þjónustu til félagsþjónustu þjónustusvæða Byggðasamlagsins samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, þurfa að vera metnir til örorku til lengri eða skemmri tíma. Á skrá hjá þjónustusvæðunum eru um 130 einstaklingar með fötlun sem notið hafa og njóta þjónustu af einu eða öðru tagi. Verulegur hluti þessa hóps eða um 110 manns fær reglulega þjónustu. Þeir sem fá mesta þjónustu búa á sambýlum, fá frekari liðveislu og heimaþjónustu, eru í daglegri iðju á hæfingarstöðvum, atvinnu með stuðningi eða dvelja reglulega í skammtímavistun. Stór hópur fólks með fötlun og aðstandendur eiga margvísleg erindi við félagsþjónustuna og sækir þangað þjónustu af ýmsu tagi.

Þjónustuhópur. Þjónustuhópur fundaði 12 sinnum á starfsárinu. Í tengslum við fundina er farið í vettvangsferðir á þjónustusvæðunum. Umsóknir um styrki og nýtingu fastra framlaga úr Framkvæmdasjóði fara fram í þjónustuhópnum. Föst framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra eru annars vegar styrkir til verkfæra- og tækjakaupa og námskostnaðar og hins vegar til endurnýjunar á búnaði heimila og þjónustustofnana. Framlög úr Framkvæmdasjóði eru 4,5 m.kr. á ári.

Svæðisráð um málefni fatlaðra. Verkefnisstjóri vinnur náið með svæðisráði um málefni fatlaðra en svæðisráð á m.a. að hafa eftirlit með að starfsemin sé samkvæmt lögum. Samstarfið er með miklum ágætum og hefur skipt miklu máli í eftirfylgni og framgangi þjónustu og verkefna. Svæðisráð hefur á að skipa trúnaðarmanni fatlaðra sem vinnur að hagsmunagæslu fatlaðra. Eru svæðisráði og trúnaðarmanni fatlaðra færðar bestu þakkir fyrir samstarfið.

Rekstraráætlun. Rekstraráætlun er unnin í ágúst og lögð fram til kynningar og samþykktar á ársþingi SSNV ár hvert. Stjórn SSNV leggur fram rekstraráætlun með fyrirvara um að endanlegar fjárveitingar frá ríkinu liggja ekki fyrir og óskar eftir tillögum frá þjónustuhópi um breytingar á rekstraráætlun í byrjun árs, þar sem tekið er tillit til væntanlegra fjárveitinga ríkisvaldsins, bæði vegna launamats og ákvarðana um ný verkefni.

Ársreikningur. Eins og fram kemur í ársreikningi SSNV var niðurstaða ársins jákvæð um kr. 50.274.360,- samkvæmt rekstrarreikningi. Eftirstöðvar óráðstafaðra framlaga námu í árslok kr. 81.961.681, -.



Starfsdagar og fræðsla. Í ágúst var haldinn fræðsludagur um geðheilbrigðismál þar sem valdefling, notendarannsóknir, batahvetjandi þjónusta og reynsla notenda voru í brennidepli ásamt því að Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Starfsendurhæfing Skagafjarðar og fjölskylduþjónusta Sveitarfélagsins Skagafjarðar kynntu áherslur sínar og markmið í starfi. Fræðsludagurinn var haldinn í samvinnu SSNV málefna fatlaðra, Hlutverkaseturs og Félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Ákveðið var að halda einn sameiginlegan fund fyrir allt Nl. vestra og tókst hann hreint út sagt mjög vel og þátttaka mjög góð en hátt í 70 manns, notendur, aðstandendur, fagfólk og sveitarstjórnarfólk af öllu svæðinu mættu og tóku með virkum hætti þátt í umræðunni. SSNV málefni fatlaðra leggur áherslu á virka þátttöku notenda þjónustunnar og stefnir á að vinna enn frekar eftir hugmyndafræði valdeflingar. Valdefling felur í sér að taka stjórn á eigin lífi, hafa áhrif á umhverfi sitt og að vera virkur í samfélagi manna. Undanfari sjálfseflingar er að vera vel upplýstur um þá möguleika sem í boði eru til að geta valið og tekið ákvarðanir í eigin bataferli.

Starfsdagar voru haldnir á Bakkaflöt í Skagafirði 7. og 8. október. Unnin var starfsáætlun og flutt fræðsluerindi um nýjungar í starfi. Þátttakendur voru deildarstjórar, forstöðumenn, félagsmálastjórar, framkvæmdastjóri SSNV og verkefnisstjóri.

Starfsmenn. Samþykktar voru reglur um þátttöku málefni fatlaðra í fjarnámi starfsmanna sem vinna að málaflokknum. Með þessari hvatningu er markmiðið að auka þekkingu og færni starfsmanna, horft til þroskaþjálfa- og félagsliðanáms. Reglurnar tóku gildi í ágúst.

Annað. Endurmat á samningnum fór fram í sumar en er það gert árlega skv. samningi. Óskað var eftir að fara af stað með nýja þjónustu og fá metna inn í samninginn breytta þjónustuþörf. Heildarkostnaður þeirra verkefna er á ársgrundvelli 33,4 m.kr. þar af er búsetuþjónusta sem fellur undir Straumhvörf – efling þjónustu við geðfatlaða 29 m.kr. Einnig var eftir því leitað að fá metinn kostnað við launagreiðslu sem til féll vegna starfsmats árin 2005 – 2007, 11,4 m.kr.

Skrifað var undir samkomulag við félags- og tryggingamálaráðuneytið um eflingu frekari liðveislu við geðfatlaða á starfssvæðinu, þjónustan kemur til viðbótar við þjónustu sveitarfélaga. Samkomulagið gildir til ársloka 2009 og nema heildargreiðslur 6,7 m.kr.

Fyrir liggur ákvörðun um að ábyrgð á atvinnumálum fatlaðra færist frá okkur til



Vinnumálastofnunar og er undirbúningur þess hafinn. Skipaður hefur verið starfshópur af hálfu ráðuneytis með aðild starfsmanna Vinnumálastofnunar og málefni fatlaðra. Starfshópnum er falið að vinna að undirbúningi og skipulagi flutnings ábyrgðar á þjónustu við fatlaða á starfsvæðinu á sviði vinnumála til Vinnumálastofnunar, sem tekur á gildi á næsta ári.

Húsbyggingasjóður Þroskahjálpar auglýsti í sumar eftir tilboðum í að byggja íbúðir fyrir fatlaða á Sauðárkróki. Um er að ræða fimm íbúðir í tveim húsum. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, K – Tak ehf. á Sauðárkróki og hófust framkvæmdir um haustið. Fullbúin hús til innflutnings verða tilbúin í október 2009. SSNV málefni fatlaðra mun taka húsin á leigu og framleigja með þjónustu.

Unnið hefur verið að því að fara í umtalsverðar breytingar á húsnæði sambýlisins á Siglufirði. Það verkefni hefur verið í umræðu og undirbúningi til margra ára, hönnun er tilbúin og unnið er að því að undirbúa fyrirhugaða framkvæmd. Húsnæðið er elsta húsnæðið á þjónustusvæðinu sem byggt hefur verið sem sambýli, það var tekið í notkun árið 1983 og var á þeim tíma mikið framfaraspor í þjónustu við fatlaða á starfssvæðinu.

Annað verkefni sem unnið er að á Siglufirði varðar átak í húsnæðismálum Iðju, en núverandi leiguhúsnæði uppfyllir m.a. ekki aðgengi. Auglýst hefur verið eftir áhugasömum aðila til samstarfs til langtímaleigu með þarfir starfseminnar í huga.

Unnið er eftir stefnu í búsetumálum, aðgerðaáætlun þeirrar stefnu gerir m.a. ráð fyrir byggingu íbúða á Siglufirði. Undanfarin þrjú ár hefur þetta verið rætt innan ráðuneytis og sótt hefur verið um fjármagn úr framkvæmdasjóði fatlaðra en án árangurs enn sem komið er. Horft er til þess að fá fjármagn til reksturs þjónustu í væntanlegum íbúðum seinnihluta árs 2010. Fyrir liggur vilji Hússjóðs ÖBÍ til samstarfs við SSNV málefni fatlaðra um byggingu íbúða á Siglufirði með langtímaleigusamning í huga. Óskað hefur verið eftir samstarfi við ráðuneyti og framkvæmdasjóð að fara þessa leið.

Vilji Fjallabyggðar er að vera áfram aðili að Byggðasamlaginu og stækka þjónustusvæðið með því að taka Ólafsfjörð með. Í dag sér Akureyrarbær um þjónustu við fatlaða í Ólafsfirði skv. samningi. Stjórn SSNV tók undir með Fjallabyggð og hefur verið sent formlegt erindi til ráðuneytisins um málið og óskað eftir afstöðu þess.

Unnið hefur verið að upplýsingagjöf til Ríkisendurskoðunar vegna stjórnsýsluúttektar sem stofnunin er að vinna að á málefnum fatlaðra á landsvísu. Sú vinna er umtalsverð og



fer fram á næsta ári. Þjónustuhópurinn fagnaði því að þessi úttekt færi fram og telur hana vera lið í því að meta umfang og framgang þjónustunnar á svæðinu.

Að lokum. Í undirbúningi er tilflutningur þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga, miðað er við að af tilflutningnum geti orðið í ársbyrjun 2011, eins og fram kemur í bréfi sem barst til okkar frá ráðuneytinu. Nú þegar er farin í gang upplýsingaöflun af hálfu ráðuneytis vegna mats á umfangi þjónustu og kostnaði, sem veitendur þjónustunnar taka þátt í, þjónustuhópur ætlar sér að fara vel af stað í þessa vinnu því ljóst er að það skiptir miklu máli að fyrir liggi nákvæmar upplýsingar um umfang þjónustunnar á okkar þjónustusvæði, þar erum við með gott forskot þar sem sveitarfélögin hafa borið ábyrgð á þjónustunni um árabil.

Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir
Verkefnisstjóri SSNV

Þjónustusvæði - verkefni

SIGLUFJÖRÐUR

Leikfangasafn – ráðgjafarþjónusta
Félagsþjónustan, Gránugötu 24. Stöðugildi 1.
Húseignin er í eigu Siglufjarðarkaupstaðar.

Sambýli
Lindargötu 2. Sambýli með sólarhringsþjónustu. Íbúar eru 7 og stöðugildi eru 7,30.
Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Iðja / dagvist
Suðurgötu 4. Notendur eru 13, stöðugildi eru 2.
Húseignin er í leiguhúsnæði í eigu Kaupfélags Eyfirðinga.

Þjónustuíbúð
Lindargötu 2. Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

SKAGAFJÖRÐUR

Leikfangasafn – ráðgjafarþjónusta, fjölskylduþjónustan
Ráðhúsinu. Stöðugildi 2.
Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

Sambýli
Fellstúni 19. Sambýli með sólarhringsþjónustu, íbúar eru 7 og stöðugildi eru 9.
Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Sambýli
Jöklatúni 22. Sambýli með meðalþjónustu, íbúar eru 2 og stöðugildi eru 3,4.
Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

Sambýli
Freyjugötu 19. Sólarhringsþjónusta. Einn íbúi. Verktakasamningur.
Húseignin er leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Hæfing / iðja
Aðalgötu 21. Notendur eru 12, stöðugildi eru 4,5.
Húseignin er leiguhúsnæði í eigu Kaupfélags Skagfirðinga.

Þjónustuíbúðir
Freyjugötu 19. Þrjár einstaklingsleiguíbúðir.
Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

Skammtímavistun
Grundarstíg 22. Þjónar öllu starfssvæði Byggðasamlagsins. Stöðugildi eru 4,5. Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Fjöldi einstaklinga í vistun á hverjum tíma er 1 – 4. Fjöldi dvalarsólarhringa á árinu var samtals 844. Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér þjónustu á árinu voru 14, þar af voru 3 fullorðnir sem nýttu samtals 287 dvalarsólarhringa.

FÉLAGSÞJÓNUSTA AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLU

Leikfangasafns- ráðgjafarþjónusta, félagsþjónustan
Flúðabakka 2. Stöðugildi 0,9. Húseignin er í umsjón Heilsugæslu.
Félagsþjónustan sinnir leikfangasafnsþjónustu í Húnaþingi vestra.

Sambýli
Skúlabraut 22. Sambýli með sólarhringsþjónustu, íbúar eru 5, stöðugildi eru 7.
Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Hæfing / iðja
Sunnubraut 4. Notendur eru 5, stöðugildi starfsmanna eru 2.
Húseignin er í leiguhúsnæði í eigu Kráks ehf.

HÚNAÞING VESTRA

Ráðgjafarþjónusta, félagsþjónustan
Nestúni 1. Stöðugildi 0,4. Húseignin er í umsjón Heilsugæslu Hvammstanga.

Sambýli
Grundartúni 10 - 12 Hvammstanga. Sambýli með sólarhringsþjónustu, fjórar einstaklingsíbúðir og ein stúdíó íbúð, íbúar eru 5, stöðugildi eru 6. Húseignin er leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Hæfing / iðja
Brekkugötu 14, Hvammstanga. Notendur eru 5, stöðugildi starfsmanna er 1.
Húseignin er í leiguhúsnæði í eigu einstaklings.

Helstu verkefni

Ráðgjafarþjónusta
Félagsþjónusta sveitarfélaga hlutast til um að stuðningur og ráðgjöf sé veitt fötluðum og aðstandendum þeirra, stuðlar að því að veitt sé félagsráðgjöf og sálfræðiþjónusta. Sama gildir um stuðning og ráðgjöf til starfsfólks sem veitir fötluðum þjónustu. Þjónusta þessi er skipulögð á hverju þjónustusvæði fyrir sig miðað við aðstæður.

Félagsþjónusta sveitarfélaga beitir sér fyrir sem víðtækastri samvinnu og samráði við fagaðila við framkvæmd verkefna. Í samningnum er gert ráð fyrir 4.3 stg. sem falla undir ráðgjöf. Á svæðinu er fagmenntun starfsfólks í þessum stöðugildum m.a. þannig: leikskólakennarar, þroskaþjálfar, félagsráðgjafi. Einnig er aðgengi að sálfræðingum og öðru fagfólki hjá sveitarfélögunum. Ekki hefur verið um breytingar að ræða varðandi ráðgjafarþáttinn, að vísu hefur verið aukning á fagfólki m.a. þroskaþjálfum þannig að aðgengi að fagfólki hjá sveitarfélögunum hefur aukist og meiri áhersla hefur verið lögð á ráðgjöf til starfsfólks.

Leikfangasöfn
Hlutverk leikfangasafna er að veita þroska- og leikþjálfun til fatlaðra barna ásamt því að veita uppeldislega ráðgjöf og leiðbeiningar við notkun leikfanga í þjálfunarskyni ásamt útlánum úr leikfangasafni ásamt því að gera tillögur um afgreiðslu umönnunarbóta til Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig að vera samræmingaraðili þjónustu fatlaðra barna

á svæðinu. Veitt er ráðgjöf til stofnana sem veita fötluðum þjónustu eftir þörfum og skipulögð er þátttaka í ráðgjafateymum eftir aðstæðum á þjónustusvæðum. Félagsþjónusta A-Hún veitir leikfangasafnsþjónustu í Húnaþingi vestra.

Stuðningsfjölskyldur

Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur til að létta álagi af fjölskyldum. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um að útvega stuðningsfjölskyldu, gera samninga við hana, skipuleggja dvöl barnsins og veita upplýsingar. Allt er þetta gert í nánu samstarfi við foreldra.

Skammtímavistun Grundarstíg 22, Sauðárkróki

Skammtímavistun þjónar öllu starfssvæði Byggðasamlagsins, en reksturinn er á ábyrgð Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Þjónustu skammtímavistunar er ætlað að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Þá er skammtímavistun jafnframt ætlað að veita fötluðum ungmennum og fullorðnum, sem búa í heimahúsum, tilbreytingu og búa þá undir að flytjast úr foreldrahúsum.

Starfsmenn félagsþjónustu annast umsóknir um skammtímavistun og veita foreldrum og aðstandendum barna / fullorðinna í skammtímavistun ráðgjöf og stuðning ef með þarf. Fjöldi einstaklinga í vistun á hverjum tíma er 1 – 4.

Atvinnuþátttaka á almennum vinnumarkaði

Unnið er markvisst að því að fólk með fötlun sem þess óskar komist til starfa á almennum vinnumarkaði. Í Skagafirði er sérstakur starfsmaður sem sinnir því starfi. Með verkstjórn, starfsþjálfun og sérstakri liðveislu er fólki með fötlun veittur nauðsynlegur stuðningur til að aðlagast nýju starfi og ná góðum tökum á vinnuverkefnum.

Möguleiki er á gerð vinnusamninga milli Tryggingastofnunar ríkisins og atvinnurekenda um ráðningu til starfs einstaklinga sem njóta örorkubóta og eru nokkrir slíkir samningar í gangi.

Einnig er möguleiki á starfsþjálfun – reynsluráðningu á vegum Svæðisvinnumiðlunar þar sem hugsanlegt er að byrja með starfskynningu í 2 vikur.

Dagvist / iðja

Á Hvammstanga, Blönduósi, Sauðárkróki og Siglufirði eru starfrækt starfs- og dagvistarúrræði í formi iðju / dagvistar, en höfuðáherslan er að sjálfsögðu sú að fatlaðir fái vinnu á almennum vinnumarkaði.

Áhersla er lögð á félagslega hæfingu og endurhæfingu í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar, auka hæfni fatlaðra til starfa og þátttöku í daglegu lífi ásamt



því að gefa þjónustuþegum kost á að sækja dagþjónustu við hæfi utan heimilis. Um er að ræða margþætta þjálfun/örvun, félagslega, andlega og líkamlega. Þau verkefni sem skila tekjum, sem eru nokkur hafa skilað sér til þeirra sem starfa í iðjunum. Verkefni eru m.a. pökkun á skrúfum og smáhlutum, póstdreifing, sala á happdrættis almanaki, álíming á spjöld, hnýttir krókar, götun á pappa fyrir prentsmiðju, innpökkun á plastpokum, pappírstæting og trévinna. Verkefnin eru nánast að öllu leyti unnin fyrir fyrirtæki á þjónustusvæðunum.

Sem dæmi um líkams- hreyfi- og félagsþjálfun má nefna sjúkraþjálfun, sund, reiðþjálfun, dagsferðir, skipulagðar gönguferðir, líkamstjáningu og söng. Samvinna er við sjúkraþjálfara á svæðunum. Á Hvammstanga kemur starfsmaður sambýlis til starfa e.h. í iðju, en er skilgreindur sem starfsmaður sambýlis.

Búseta

Fólki með fötlun er veitt búsetuþjónusta með rekstri sambýla ásamt því að veita fullorðnum sem búa sjálfstætt eða í foreldrahúsum þjónustuúrræði í formi frekari liðveislu.

Sambýli

Sambýli eru heimili fámennra hópa fatlaðra, að jafnaði 18 ára og eldri, sem halda heimili saman gegnum heimilissjóð og þarfnast að jafnaði nærveru starfsmanns. Íbúum skal veitt sú þjónusta sem nauðsynleg er til að efla sjálfstæði þeirra og færni og eiga rétt á stuðningi og leiðsögn í öllu sem varðar persónulega hagi og heimilisrekstur. Þar er veitt sérhæfð þjónusta, þjálfun og umönnun.

Frekari liðveisla

Afgreiðsla frekari liðveislu er einstaklingsbundin og er veitt 18 ára og eldri þegar þjónusta sveitarfélaga þ.e.a.s. heimaþjónusta og liðveisla er ekki nægjanleg. Skv. samningi við ráðuneyti er reiknað með að þáttur sveitarfélags í stuðningi við sjálfstæða búsetu (liðveisla, heimahjúkrun og heimaþjónusta) sé um 40 % af heildarfjölda stuðningstíma og tekur þjónustan mið af því. Sú þróun hefur verið síðustu ár að aukin áhersla hefur verið lögð á að fatlaðir eigi rétt á eigin heimili í samræmi við óskir sínar og þarfir og hefur þjónusta við sjálfstæða búsetu aukist samhliða því.

Þjónustuíbúðir

Í þjónustuíbúðum er að jafnaði gert ráð fyrir að íbúar séu nokkuð sjálfstæðir. Ekki er gert ráð fyrir fastri viðveru starfsfólks. Íbúar í sjálfstæðri búsetu fá þjónustu í

formi félagslegrar heimaþjónustu, heimahjúkrun frá heilsugæslu og frekari liðveislu sé hennar þörf. Á árinu voru í notkun fjórar þjónustuíbúðir í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar og ein íbúð á Siglufirði í eigu Framkvæmdasjóðs.

Styrkir

Styrkir eru veittir vegna námskostnaðar og atvinnurekstrar. SSNV málefni fatlaðra annast afgreiðslu ofangreindra styrkja og fær til þess ákveðna upphæð á fjárlögum. Auglýst er og umsóknir afgreiddar einu sinni á ári.

Tölulegar upplýsingar

Hér má sjá samantekt tölulegra upplýsinga um stærstu þjónustuþættina, fjölda einstaklinga, fjölda tíma og sólarhringa. Þetta eru ekki lýsandi tölur um alla þjónustuþætti sem veittir eru. Má þar m.a. nefna ráðgjöf sem er stór þáttur í þjónustu við fatlaða, aðstandendur og starfsfólk.

Sambýli

Sambýlin eru sex og íbúar eru 27, þar er veitt sólahringsþjónusta og er þjónustuþörf íbúana, þjónustuflokkar 3 – 7. Íbúar á sambýlum fá mismikla félagslega þjónustu og mótast það m.a. af mati á þörf, reglum sveitarfélagana um félagslega liðveislu og hvernig til tekst að ráða fólk til starfa. Talið er í klst. á viku. Sjá töflu I.

Tafla I. Búseta á sambýlum.

Einstaklingar	Þjónustuflokkur	Félagsleg liðveisla
0	1	0
0	2	0
2	3	2,69
1	4	0
6	5	3,68
6	6	2,69
12	7	2,21
27		**11,27**

Einstaklingar í sjálfstæðri búsetu

Einstaklingar í sjálfstæðri búsetu eru 48. Húsnæðið er í eigu einstaklinganna sjálfra, almennar leiguíbúðir, leiguíbúðir sveitarfélaga, ein íbúð er í eigu Framkvæmdasjóðs, einnig eru nokkrir sem búa hjá aðstandendum. Þjónusta er veitt í formi almennrar heimaþjónustu, frekari liðveislu og heimahjúkrunar. Veitt hefur verið svo kölluð hópliðveisla en 17 einstaklingar taka þátt í hópliðveislu 2 tíma á viku yfir vetrartímann auk ferðalaga að sumri, þessi liðveisla er ekki inni í töflunni. Talið er í klst. í viku. Sjá töflu II.

Tafla II. Fjöldi fatlaðra í sjálfstæðri búsetu.

Einstakling-ar	Þjónustu-flokkur	Frekari liðveisla	Heima-þjónusta	Félagsleg liðveisla	Heima-hjúkrun
15	1	6	23	1	4
13	2	32	16	11	1
11	3	23	21	5	14
2	4	0	0	1	0
4	5	40	2	14	3
3	6	30	3	4	0
0	7	0	0	0	0
48		**131**	**64**	**34**	**22**

Börn með umönnunarbætur

Börn með umönnunarbætur skv. mati Tryggingastofnunar ríkisins eru 32. Stoðþjónustan sem veitt er, er í formi stuðningsfjölskyldu og skammtímavistunar. Grundarstíg 22 Sauðárkróki. Talið er í sólarhringum í mánuði. Sjá töflu III.

Tafla III. Fjöldi fatlaðra barna með umönnunarbætur skv. mati TR.

Einstaklingar	Þjónustuflokkur	Skammtímavistun	Stuðningsfjölsk.
1	1	9	0
13	2	27,4	15
18	3	11,2	3,3
32		**47,6**	**18,3**

Fjöldi fatlaðra í dagvistun og / eða vinnu

Einstaklingar sem sækja þjónustu iðju / dagvist og/eða atvinnu með stuðningi eru 67 þar af eru 35 í iðju / dagvist og 29 eru með atvinnu með stuðningi. 7 einstaklingar stunda hvorutveggja iðju / dagvist og atvinnu með stuðningi. Talið er í klst. í viku.

Tafla IV. Fjöldi fatlaðra í dagvistun eða vinnu.

Einstaklingar	Þjónustuflokkur	Vinna	Iðja/dagvistun
4	1	70	12
12	2	161	75,5
10	3	103	85,5
4	4	8	64
13	5	39,5	149,5
10	6	4,5	129,5
14	7	22,5	262,5
67		**408,5**	**778,5**

SSNV, málefni fatlaðra

Ársreikningur 2008

SSNV, málefni fatlaðra
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið heitir SSNV, málefni fatlaðra. Á árinu 2006 var endurnýjaður samningur við ríkið og var þann 19. desember 2006 undirritaður þjónustusamningur við félagsmálaráðuneytið. Félagsmálaráðuneytið skuldbindur sig til að leggja fram tæplega 2.000 millj. kr. til byggðasamlagsins frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2012. SFNV tekur að sér að veita fötluðum börnum og fullorðnum á starfssvæði sínu þá þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

Niðurstaða ársins var jákvæð um samtals 50.274 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eftirstöðvar óráðstafaðra framlaga námu í árslok 81.962 þús. kr.

Stjórn SSNV, málefni fatlaðra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 17. mars 2009

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Jón Ósker Pétursson

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn SSNV, málefni fatlaðra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SSNV, málefni fatlaðra fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna ti að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu þess 31.desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki, 18. mars 2009

KPMG hf.

Kristján Jónasson

Ragna Árnadóttir

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn SSNV málefni fatlaðra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2008 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga 18. mars 2009

Guðrún Reynard

Margeir Friðleifsson

Rekstrarreikningur árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrartekjur:			
Framlög ríkissjóðs samkvæmt samningi		335.100.000	306.900.000
Framkvæmdasjóður fatlaðra		0	4.000.000
Aðrar tekjur		29.384.363	2.407.406
		364.484.363	313.307.406
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	2	6.270.497	6.303.203
Sameiginlegur kostnaður		4.688.505	4.915.203
Rekstrarframlög		311.375.070	313.019.899
Fjárfestingarframlög		3.565.876	4.370.541
		325.899.948	328.608.846
Óráðstöfuð framlög (ráðstöfuð umfram framlög)		38.584.415	(15.301.440)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		8.618.412	6.758.547
Fjármagnstekjuskattur		(861.835)	(675.852)
Vaxtagjöld		(66.632)	(81.725)
		7.689.945	6.000.970
Rekstrarniðurstaða ársins	3,4	46.274.360	(9.300.470)

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
Eignir			
Krafa á SSNV		90.301	0
Aðrar viðskiptakröfur		343.993	257.153
Handbært fé		94.027.423	66.254.784
Veltufjármunir samtals		94.461.717	66.511.937
Eignir samtals		94.461.717	66.511.937
Óráðstöfuð framlög ársins			
Óráðstöfuð rekstrarframlög		70.587.710	20.747.474
Óráðstöfuð framlög Framkvæmdasjóðs		7.373.971	10.939.847
Eigið fé samtals	3	77.961.681	31.687.321
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		14.082.964	34.656.463
Aðrar skammtímaskuldir		2.417.072	168.153
Skammtímaskuldir samtals		16.500.036	34.824.616
Skuldir samtals		16.500.036	34.824.616
Eigið fé og skuldir samtals		94.461.717	66.511.937

Sjóðstreymisyfirlit árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	3,4	46.274.360	(9.300.470)
Veltufé frá (til) rekstrar		46.274.360	(9.300.470)
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(177.142)	126.154
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(18.324.581)	32.196.400
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(18.501.722)	32.322.554
Handbært fé frá rekstri		27.772.638	23.022.084
Hækkun á handbæru fé		27.772.638	23.022.084
Handbært fé í ársbyrjun		66.254.784	43.232.700
Handbært fé í lok ársins		94.027.422	66.254.784

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. ***Innlausn tekna***

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2008	2007
Laun	5.303.602	5.332.540
Launatengd gjöld	966.895	970.663
	6.270.497	6.303.203

Að meðaltali starfaði einn starfsmaður hjá félaginu á árinu 2008.

3. Óráðstafað rekstrarframlag

Yfirlit um óráðstafað rekstrarframlag:

	2008	2007
Staðan 1.1.2008	20.747.474	29.677.403
Óráðstöfuð framlög ársins (ráðstöfun umfram framlög	49.840.236	(8.929.929)
Staða 31.12.2008	70.587.710	20.747.474

4. Óráðstafað úr Framkvæmdasjóði

Yfirlit um óráðstafað úr Framkvæmdasjóði

	2008	2007
Staðan 1.1.2008	10.939.847	11.310.388
Óráðstöfuð framlög ársins (ráðstöfun umfram framlög	(3.565.876)	(370.541)
Staða 31.12.2008	7.373.971	10.939.847

Skýringar, frh.:

5. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	**2008**	**2007**	**2006**	**2005**	**2004**
Rekstrartekjur	364.484	313.307	282.554	248.700	219.405
Rekstrargjöld án afskrifta	(325.900)	(328.609)	(267.138)	(253.844)	(218.025)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	38.584	(15.301)	15.416	(5.144)	1.380
Fjármunatekjur og fjármagsgjöld	7.690	6.001	3.265	1.070	1.125
Afkoma ársins	46.274	(9.300)	18.681	(4.074)	2.505
Efnahagur:					
Veltufjármunir	434	257	383	8.268	3.464
Handbært fé	94.027	66.255	43.233	14.692	24.032
Eignir samtals	94.462	66.512	43.616	22.960	27.496
Eigið fé	77.962	31.687	40.988	22.307	26.380
Skammtímaskuldir	16.500	34.825	2.628	653	1.116
Eigið fé og skuldir samtals	94.462	66.512	43.616	22.960	27.496
Kennitölur:					
Veltufé frá (til) rekstrar	46.274	(9.300)	18.681	(4.073)	2.505
Veltufjárhlutfall	5,7	1,9	16,6	35,1	24,6
Eiginfjárhlutfall	0,8	0,5	0,9	1,0	1,0

Ráðstöfun

	Húnaþings	Austur-Hún.	Skagafjarðar	Siglufjarðar	Samtals 2008	Samtals 2007
Rekstrarframlög	46.463.540	55.066.484	144.071.367	65.773.679	311.375.070	313.019.899
Fjárfesting:						
Framlög vegna iðju	0		232.755	0	232.755	262.189
Framlög samkvæmt 27. gr.	119.898	67.500	0	0	187.398	235.952
Framlög vegna leikfangasafns	0	0	0	29.900	29.900	85.683
Sambýli og skammtímavistun	579.112	428.733	1.905.084	202.894	3.115.823	3.786.717
	699.010	496.233	2.137.839	232.794	3.565.876	4.370.541

Sundurliðanir

	2008	2007
Laun og annar starfsmannakostnaður:		
Laun	5.303.602	5.332.540
Mótframlag í lífeyrissjóð	522.557	525.728
Tryggingagjald	349.338	349.249
Sjúkra- og orlofssjóður	95.000	95.686
	6.270.497	6.303.203
Sameiginlegur kostnaður		
Rekstur bifreiða	1.398.941	1.169.630
Þátttaka í skrifstofukostnaði SSNV	1.340.301	1.250.000
Sími, burðargjöld og tölvuþjónusta	503.700	761.145
Fargjöld-, dvalar- og fundarkostnaður	730.496	526.447
Húsleiga, rafmagn og hússjóður	391.939	330.372
Dagpeningar og ökutækjastyrkur	67.400	316.900
Pappír, prentun og bréfabindi	59.791	131.142
Ráðstefnur og námskeið	0	150.000
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	100.700	103.500
Þátttaka í kostnaði við ársreikning	0	80.000
Auglýsingar og kynningar	77.241	53.327
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	0	35.000
Gjafir og styrkir	0	5.750
Ýmislegt	17.996	1.990
	4.688.505	4.915.203
Ýmsar skammtímaskuldir:		
Ógreidd staðgreiðsla	389.826	168.153
Ýmsir reikningar	2.027.247	0
	2.417.073	168.153

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Norðurlands vestra



Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis vestra 2008

Sigurjón Þórðarson
framkvæmdastjóri
apríl 2009.

Starfsskýrsla HNV 2008

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra er starfrækt á vegum sveitarfélaganna á Norðurlandi frá og með Siglufirði í Fjallabyggð í austri og vestur til Bæjarhrepps á Ströndum. Verkefni heilbrigðiseftirlitsins snúa að fjölmörgum þáttum undir yfirstjórn tveggja ráðuneyta, umhverfisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir þættir sem lúta yfirstjórn umhverfisráðuneytisins eru einkum á sviði; umhverfismála, hollustuhátta og öryggismála. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn matvælaþáttarins. Tvær ríkisstofnanir sjá um samræmingu og yfirumsjón með samræmingu heilbrigðiseftirlitsins og er það annars vegar Umhverfisstofnun (UST) sem heyrir undir umhverfisráðherra og hins vegar Matvælastofnun sem heyrir undir Sjávarútvegs og landbúnararráðherra.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur átt ágæta samvinnu við framangreindar stofnanir. Það er engu að síður þörf á að endurskoða verkaskiptingu stofnananna og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Hefðbundin verkefni heilbrigðiseftirlitsins eru að stórum hluta í föstum skorðum sem felast m.a. í því að heimsækja starfsleyfisskylda starfsemi og halda skrá yfir fjölmarga þætti, einnig að taka sýni til þess að sannreyna að t.d. neysluvatn uppfylli kröfur reglugerða. Fyrir utan framangreinda þætti sem eru í föstum skorðum, koma inn á borð heilbrigðiseftirlitsins fjölmörg verkefni sem sum hver koma í ákveðnum bylgjum, sem stjórnast stundum af því sem efst er á baugi hverju sinni.

Það fer drjúgur tími heilbrigðisfulltrúa í umsagnir um teikningar af fyrirhuguðum breytingum á stofnunum og fyrirtækjum. Sömuleiðis er útgáfa á leyfum og skýrslugerð til ríkisstofnana tímafrek og ýmislegt utanumhald um pappíra og gögn í samræmi við góða stjórnsýslu.

Skynsamlegt er t.d. að fara ofan í saumana á hagkvæmni þess að heilbrigðiseftirlitin (HES) tækju að sér matvælaeftirlit í fiskvinnslum en það myndi án efa einfalda opinbert eftirlit og leiða til sparnaðar fyrir fyrirtækin. Núna heyrir opinbera eftirlitið í fiskvinnslunum beint undir Matvælastofnun sem er á Selfossi.

Aukin verkefni HES undir faglegri forskrift Matvælastofnunar myndi leiða til einfaldara og ódýrara kerfis þar sem eftirlit með mengandi þáttum og vatnsbólum fiskvinnsla er nú þegar í höndum HES.

Það er að sama skapi þörf á að skýra verkaskiptingu á milli heilbrigðisnefnda og UST og er það alls ekki vegna þess að UST og HES hafi verið að togast á um verkefni. Það hefur einmitt verið ákaflega gott samkomulag um tilhögun og tilfærslu eftirlitsverkefna síðustu árin á milli UST og HES. Daglegt eftirlit með sorpförgun og fiskimjölsverksmiðju hafa t.d. verið færð með samningum til HES enda skynsamlegt að það eftirlit sé staðsett



Hafnarsvæðið á Hvammstanga.

nálægt viðkomandi starfsemi en ekki í mörg hundruð kílómetra fjarlægð. Óskýr verkaskipting getur valdið því að þeir sem þurfa að lúta reglum eða að þeir sem eru ósáttir efnislega við ákvarðanir geta gert margvíslega fyrirvara um að formlega rétt hafi verið staðið að málum.

Á árinu 2008 kom upp ágreiningur um útgáfu starfsleyfis fyrir jarðgerð og gámastöð á Norðurlandi vestra. Sambærileg starfsemi hefur annars staðar á landinu fengið starfsleyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar en það má ætla að nærtækara sé að sinna kvörtunum vegna lyktar og ónæðis hjá viðkomandi heilbrigðiseftirliti en Umhverfisstofnun sem er í 400 km fjarlægð frá viðkomandi jarðgerð. Þegar rýnt er í lög og reglugerðir er alls ekki sjálfgefið að viðkomandi starfsemi sé á forræði heilbrigðisnefndar og flokkist þá sem gámastöð og endurvinnsla úrgangs þar sem tekið er sömuleiðis fram að flokkunarmiðstöðvar sorps sveitarfélaga heyri beint undir UST.

Með aukinni og fjölbreyttari ferðaþjónustu hefur sprottið upp ný tegund ferðaþjóna sem bjóða ögrandi afþreyingu, m.a. upp á flúðasiglingar, byssuleiki með litakúlur og klifur svo eitthvað sé nefnt. Það er ekkert virkt eftirlit með öryggisþáttum framangreindrar starfsemi og er lítið samræmi í því, ef litið er til þess að heilbrigðiseftirlitið hefur eftirlit með ýmsum öryggisráðstöfunum margvíslegrar starfsemi, s.s. á leikskólum og sundstöðum samkvæmt reglugerð 941/2002, sbr. 9 gr. og 11. gr.

Í fylgiskjali 1 með reglugerðinni er fyrrgreind ögrandi afþreyingastarfsemi ekki talin upp, en í fylgiskjalinu kemur fram að listi yfir starfsleyfisskyld fyrirtæki sem reglugerðin nær til sé ekki tæmandi og tekið er sérstaklega fram að sambærileg starfsemi sé starfsleyfisskyld ef Umhverfisstofnun metur svo. Það ríkir ákveðin óvissa um hvort eitthvað af starfseminni geti fallið undir að vera íþróttavellir, s.s. klifurveggir.

Ár sveppsins

Á árinu 2008 fór fram mikil umræða í samfélaginu um myglusveppi og áhrif þeirra á heilsufar almennings. Skaðleg áhrif myglusveppa á heilsufar fólks eru margvísleg og einstaklingsbundin. Það fer bæði eftir hvaða tegundir sveppa um er að ræða og sömuleiðis er mjög mismundandi hvernig fólk bregst við. Almennt má þó segja að áhrifin líkist margvíslegum umgangspestum, s.s. slappleiki, höfuðverkur, magaverkur og óþægindi í húð. Þess vegna er mjög erfitt að greina á milli hvort myglusveppur sé orsök vanlíðanar fólks eða hvort sveppurinn sé liður í því að fólki sem glímir við ofnæmi líður enn verr en ella.

Forsenda þess að myglusveppir þrífist og verði plága er að húsnæðið sé rakt og þeir hafi úr einhverju lífrænu efni að moða. Til þess að koma í veg fyrir raka skiptir því öllu að halda húsnæði þurru með góðri loftræsingu. Ef upp kemur leki skiptir afar miklu máli að lekinn sé þurrkaður upp sem fyrst þar sem það tekur ekki nema einn til tvo sólarhringa fyrir myglusvepp að fjölga sér mjög við hagstæð skilyrði.



Myglusveppur.

Í skoðunarferðum heilbrigðiseftirlitsins varð helst vart við myglusveppi í þvottahúsum og baðherbergjum, þar sem vatn rennur og raki er til staðar. Einnig varð vart við raka þar sem einangrun var léleg eða hafði gefið sig og vatn þéttist á útveggjum sem skapar forsendu fyrir vöxt myglugróðurs eins og áður segir.

Þegar fólk leitar til heilbrigðiseftirlitsins og óskar eftir staðfestingu á að einhver slappleiki sé af völdum myglusveppa er oft úr vöndu að ráða fyrir heilbrigðisfulltrúa þar sem um margvíslegar gerðir sveppa er að ræða. Læknar fullyrða sjaldnast að þeir sem leita til þeirra þjáist af völdum myglusveppa þó svo að þeir útiloki það ekki.

Heilbrigðiseftirlitið hefur skoðað nokkurn fjölda íbúða og veitt ráðgjöf um hvernig losna megi við myglu úr húsnæði. Heilbrigðisfulltrúar sóttu námskeið í Reykjavík hjá yfirlækni atvinnu- og umhverfissjúkdómadeildar háskólasjúkrahússins í Örebro í Svíþjóð, Kjell Andersson.

Boðskapur námskeiðsins var að koma í veg fyrir raka í húsnæði, tryggja eðlileg þrif og gera minna af því að greina sveppategundir og taka sýni til rannsókna.

Fleiri þættir snerta þennan málaflokk en læknis- og líffræðilegir þar sem sýnt hefur verið fram á að félagslegir þættir skipta afar miklu máli. Í Svíþjóð leiddu rannsóknir í ljós að íbúar leiguhúsnæðis töldu að ýmsa kvilla mætti rekja til ástands húsnæðis og þeim leið almennt verr en íbúum sem bjuggu í eigin húsnæði. Var þessi þáttur afgerandi og óháður gerð og staðsetningu húsnæðisins og náði bæði til kvartana um almenna vanlíðan og líkamlegra kvilla.

Reynslan hér á Norðurlandi vestra kemur heim og saman við sænsku rannsóknirnar þar sem megnið af þeim íbúðum sem Heilbrigðiseftirlitinu bárust umkvartanir um og voru skoðaðar á á Norðurlandi vestra, voru leiguíbúðir.



Loftræstikerfi Fjölbrautarskóla NV.

Verkefni og fundir

Heilbrigðisfulltrúar héldu fjölda fræðsluerinda á vinnustöðum eins og verið hefur á umliðnum árum, m.a. í matvælafyrirtækjum og sundlaugum, þar sem umfjöllunarefnið var m.a. öryggi matvæla, sótthreinsun og öryggismál. Fræðsla starfsfólks er mjög mikilvægur þáttur í að tryggja gæði og öryggi neytenda. Um leið og það verður aukinn skilningur á ýmsum kröfum, s.s. því að íblöndun klórs í sundlaugarvatn kemur í veg fyrir blöðrubólgu, eyrnabólgu og lungna-bólgusmit, er án undantekninga auðveldara að framfylgja reglugerðum.

Í júní fór Steinunn Hjartardóttir á fund norræna efnavöruhópsins (Nordisk kjemikalie-tilsyns möte) sem að þessu sinni var haldinn í Reykjavík. Þar flutti hún fyrirlestur um vörur sem markaðssettar eru fyrir börn og seldar í leikfangabúðum, en geta verið hættulegar. Tók hún fyrir tilraunasett, snyrtivörusett og sett til að búa til sælgæti. Ljóst er að merkingu þessara vara var mjög ábótavant, en ekkert þessara leikfanga innihélt bannaða liti eða efni.

Sigríður Hjaltadóttir er í samvinnuhópi Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna um hollustuhætti og öryggismál. Verkefni síðasta árs voru úttekt á loftræsikerfum í samvinnu við Lagnafélag Íslands. Á Norðurlandi vestra voru skoðuð loftræsikerfi heilbrigðisstofnanna og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Gott eftirlit, regluleg síuskipti og nákvæm skráning minnkar áhættu og þörf á hreinsun.

Annað verkefni var heilbrigðiseftirlit á sund- og baðstöðum þar sem lögð var áhersla á heilnæmi vatns og öryggismál. Verið er að vinna niðurstöður könnunarinnar og verður skýrsla væntanlega gefin út í vor. Sigríður sá um undirbúning á næsta verkefni hópsins, sem er könnun á heilbrigðiseftirliti í íþróttahúsum, með áherslu á góð þrif og gott innra eftirlit til varnar smiti og til að minnka slysahættu.

Í maí hélt Sigurjón Þórðarson erindi um heimavinnslu matvæla á fræðslufundi Félags umhverfis- og heilbrigðisfulltrúa. Þetta er áhugavert efni sem snertir mjög heilbrigðiseftirlit og ekki hvað síst á Norðurlandi vestra. Ber helst að nefna:

1. Bakstur kvenfélaga og fleiri félagasamtaka.
2. Morgunverður á ferðaþjónustubæjum.
3. Heimaslátrun og frumvinnsla á kjöti.
4. Kleinugerð.
5. Þjóðþekkt fjöruhlaðborð í Húnaþingi vestra með ýmsu góðgæti, s.s. selkjöt,saltað, reykt og nýtt, taðreyktan silung o.fl.

Það má vel halda því fram að öll þessi starfsemi stangist að einhverju leyti á við gildandi reglur og því er úr nokkuð vöndu að ráða fyrir heilbrigðiseftirlitið.

Margvíslegir fletir sem snerta breytingar á regluverkinu, sem til stendur að gera, í tengslum við endurskoðun á matvælalöggjöfinni, s.s.:



Fjöruhlaðborðið í Hamarsbúð.

A. Jafnræði og samkeppni matvælaframleiðenda. Á bakarinn sem hefur yfir sér kröfur um ítarlegt innra eftirlitskerfi, að sæta því að fjölskyldan í næsta húsi taki kúfinn af fermingarvertíðinni og bjóði fermingartertur á hálfvirði?
B. Matvælaöryggi. Það er sá þáttur sem er í verkahring heilbrigðisfulltrúa og Matvælastofnunar að hafa auga með og fylgja fast eftir.
C. Dýravernd. Tryggja verður að dýrum sé ekki slátrað með grimmúðlegum hætti.
D. Ónæði nágranna, s.s. vegna vaxandi umsvifa eða lyktar.

Það eru ýmsar leiðir til þess að að auka sveigjanleika reglna og draga um leið úr áhættu, s.s.:
Takmarka dreifingu heimaunninna mataræla, þ.e. að eingöngu verði um milliliðalaus viðskipti við neytendur að ræða. Vara fari aldrei í dreifingu í verslunum eða veitingahúsum en við það minnkar áhættan af því að það yrði stórskaði þó að eitthvað færi úrskeiðis við framleiðsluna.

Setja almennan ramma utan um hverja starfsemi fyrir sig, s.s. kleinugerð o.fl., með skilyrðum um leyfi til að taka út starfsemi en að öðrum kosti falli starfsleyfi úr gildi. Gefa heilbrigðisnefndum ákveðinn sveigjanleika til undanþágu sem einhver gæti kallað geðþóttaleyfisveitingu sem varla getur talist góð stjórnsýsla út frá nútímakröfum.

Umhverfismál

Nú standa yfir ákveðnir umbrotatímar í umhverfismálum sem snerta mjög sveitarfélögin og heilbrigðiseftirlitin, sem hafa með höndum eftirlit og skýrslugerð um stöðu mála. Það má rekja drjúgan hluta af breyttum áherslum til regluverks Evrópusambandsins og almennri viðhorfsbreytingu til umhverfismála.

Staða fráveitumála inn til landsins er að færast í viðunandi horf þó svo að eftir sé að binda lausa enda hvað varðar losun seyru úr rotþróm. Fráveitumál byggðakjarna og bæja við ströndina eru víða ófrágengin og má það að einhverju leyti rekja til þess að reglur eru óskýrar um hvernig skuli standa að málum. Nauðsynlegt er að greiða þar úr og veita minni sveitarfélögum markvissa ráðgjöf um hvaða lausnir eru hentugar.

Á Norðurlandi vestra eru fjórir urðunarstaðir sem ekki uppfylla allar þær kröfur sem fram koma í reglugerð 738/2003, s.s. um gassöfnun og söfnun sigvatns. Sveitarstjórnir hafa sótt um frest á lokun urðunarstaða sem Umhverfisstofnun boðaði þann 16. júlí 2009 á þeim forsendum að verið er að undirbúa að taka í notkun nýjan urðunarstað í landi Sölvabakka í Austur-Húnavatnssýslu. Með aukinni flokkun hefur umfang sorps minnkað um allt að 30% og með jarðgerð fer nánast enginn lífrænn úrgangur frá sláturhúsi KS, sem áður þurfti að láta urða umtalsvert magn af úrgangi. Kreppan sem skall á síðla árs kom fram í minnkuðu magni úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum.

Eitt mesta vandræðabarn í úrgangi er förgun riðusmitaðs fjár. Riðan hefur því miður haldið áfram að stinga sér niður á Norðurlandi vestra og væri æskilegt ef sveitarfélögin kæmu sér saman um fyrirframmótaða stefnu um hvar og hvernig skuli standa að urðun fjárins.

Tafla I. Fjöldi gjaldskyldra fyrirtækja 2008 eftir atvinnustarfsemi.

Fyrirtæki	Fjöldi
Vatnsveitur	110
Framleiðsla og pökkun	12
Flutningsaðilar	4
Stóreldhús	64
Smásalar	31
Gististaðir	67
Hársnyrtistofur	15
Aðrar snyrtistofur	7
Íþróttahús og sundstaðir	15
Tannlæknastofur	6
Skólar	13
Leikskólar	11
Loðdýrabú	8
Vinnsla á fiski	21
Trésmíðaverkstæði	9
Verkstæði, bílar, vélar	29
Bensínstöðvar	16
Annað	117
Fyrirtæki alls	**555**

Matvælaeftirlit

Einn þáttur eftirlits hefur aukist til mikilla muna á umliðnum árum en það er eftirlit með vatnsveitum. Heilbrigðiseftirlitið hefur reglubundið eftirlit með liðlega 130 vatnsveitum og á árinu 2008 var tekinn fjöldi neysluvatnssýna sem send voru til rannsóknar þar sem margvíslegir mismunandi þættir voru greindir, s.s. gerla- og efnainnihald.

Það tekur drjúgan tíma að taka sýnin enda vatnsveiturnar dreifðar um Norðurland vestra. Sömuleiðis er kostnaður talsverður við að rannsaka sýnin en greinilegt er að kröfur um opinbert eftirlit með matvælum og neysluvatni hefur aukist, m.a. með samræmi við samevrópskar kröfur á þessu sviði.



Staðarskáli.

Tafla II. Rannsóknarniðurstöður sýna fyrir árið 2008.

	Alls	Í lagi	Ófullnægjandi
Neysluvatn	75	63	12
Baðvatn	20	13	7
Mjólk og mjólkurvörur			
Matvara	10	1	9
Ís úr vél	2	2	0

Heilbrigðisnefnd

Í lögunum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er í 11. gr. ákvæði um heilbrigðisnefndir, sbr. 11. gr. „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði.“ Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum, þar af skal einn vera formaður. Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina til viðbótar.

Í upphafi árs 2008 voru því eftirtaldir aðalmenn í heilbrigðisnefnd:

Ágúst Þór Bragason Blönduósi, formaður,
Íris Baldvinsdóttir Skagafirði, varaformaður,
Sigríður Björnsdóttir, Skagafirði,
Þórarinn Hannesson, Siglufirði,
Ína Björk Ársælsdóttir, Hvammstanga, meðstjórnandi,
Steinar Svavarsson, fulltrúi atvinnurekenda.

Þær breytingar urðu á nefndinni á árinu 2008 að Íris Baldvinsdóttir óskaði eftir lausn frá setu í nefndinni og tók sæti hennar Elínborg Hilmarsdóttir og var Elínborg kjörin varaformaður. Á árinu fór Ína Björk Ársælsdóttir í leyfi og tók Skúli Þórðarson sveitarstjóri sæti hennar í nefndinni.

Árið 2008 voru haldnir sex stjórnarfundir. Á árinu voru samþykkt 53 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

Fjármál eftirlitsins

Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra nær frá Bæjarhreppi til Siglufjarðar að báðum stöðum meðtöldum eins og fyrr greinir. Íbúafjöldi á starfssvæðinu 1. desember 2007 var 8819 en 1. desember 2008 var fjöldi íbúa 8734 og því hefur fækkað um 85 frá 1. desember 2007.

Tafla III. Fjöldi fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

	2000	2005	2006	2007	2008
Bæjarhreppur	5	8	13	12	12
Húnavatnshreppur		38	49	47	49
Húnaþing vestra	73	96	98	100	100
Blönduós	45	52	55	54	55
Skagabyggð		3	8	8	8
Höfðahreppur	27	30	33	32	30
Sveitarfélagið Skagafjörður	191	262	244	234	234
Akrahreppur	4	12	16	14	13
Siglufjörður	63	60	60	57	54
Alls	**408**	**561**	**576**	**558**	**555**

Við gerð reikninga fyrir árið 2008 kom í ljós að tap varð af rekstri heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2008 að fjárhæð 2.052 þús. kr. Tapið skýrist fyrst og fremst af gríðarlegri lækkun á gengi íslensku krónunnar en rekstrarleiga á bifreiðum hækkaði mjög og sömuleiðis eldsneyti. Húsaleigan hækkaði en hún er vísitölutryggð. Sértekjur lækkuðu vegna færri sérverkefna og eftirlitsgjöld lækkuðu þrátt fyrir hækkun gjaldskrár vegna fækkunar stórra fyrirtækja.

Stjórn heilbrigðiseftirlitsins hefur eftir fremsta megni leitast við að rétta fjárhaginn af með breytingu á gjaldskrá og kaupum á ódýrum sparneytnum Hyundai Getz bíl. Líkur eru á því að húsnæðiskostnaður lækki á næsta rekstrarári, þar sem heilbrigðiseftirlitið hefur áætlun um að minnka skrifstofu- og geymsluhúsnæði að Sæmundargötu 1 á Sauðárkróki. Almennum aðhaldsaðgerðum hefur verið beitt í rekstri þar sem dregið hefur verið úr prent-, fundar- og ferðakostnaði.

Það má sjá í bókhaldi heilbrigðiseftirlitsins að framangreindar aðgerðir hafa haft jákvæð áhrif.

Sigurjón Þórðarson
framkvæmdastjóri
apríl 2009.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

Ársreikningur 2008

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
Sæmundargötu 1
550 Sauðárkrókur

kt. 560195-2309

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra starfar í umboði Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra og sér um að framfylgja lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Því er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Tap varð á rekstri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á árinu 2008 að fjárhæð 2.053 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé heilbrigðiseftirlitsins var neikvætt um 2.177 þús. kr. í árslok 2008 samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2008 og staðfest hann með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 19. maí 2009

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki, 19. maí 2009

KPMG hf.

Kristján Jónasson

Ragna Árnadóttir

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, höfum yfirfarið ársreikning þess fyrir árið 2008 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Sauðárkróki, 19. maí 2009

Magnús H. Sigmundsson

Guðmann Óskarsson

Rekstrarreikningur árið 2008

	Skýr.	2008	2008 Áætlun	2007
Rekstrartekjur:				
Framlög sveitarfélaga		7.923.748	7.650.000	6.999.992
Eftirlitsgjöld		14.804.531	15.200.000	14.892.217
Aðrar sértekjur		525.830	1.600.000	1.415.366
		23.254.109	24.450.000	23.307.575
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	15.516.421	15.145.000	14.864.741
Annar rekstrarkostnaður		9.453.575	9.205.000	9.245.385
Afskriftir	3	45.000	0	0
		25.014.996	24.350.000	24.110.126
Rekstrar(tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði		(1.760.887)	100.000	(802.551)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Vaxtatekjur		89.771		239.665
Vaxtagjöld og gengismunur		(381.498)	(100.000)	(128.189)
		(291.727)	(100.000)	111.476
Rekstrarniðurstaða ársins	5	(2.052.614)	0	(691.075)

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
Eignir:			
Bifreiðar		1.305.000	0
Fastafjármunir samtals	3	1.305.000	0
Viðskiptakröfur		216.611	728.345
Aðrar viðskiptakröfur		247.051	143.338
Handbært fé		98.391	647.903
Veltufjármunir samtals		562.053	1.519.586
Eignir samtals		1.867.053	1.519.586
Eigið fé:			
Ójafnað eigið fé		(2.177.225)	(124.611)
Eigið fé samtals	5	(2.177.225)	(124.611)
Skuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		764.888	0
Langtímaskuldir samtals	6	764.888	0
Skuldir við lánastofnanir		147.542	0
Viðskiptaskuldir		1.185.771	541.837
Næsta árs afborganir af langtímalánum	6	437.079	0
Aðrar skammtímaskuldir		1.508.998	1.102.360
Skammtímaskuldir samtals		3.279.390	1.644.197
Skuldir samtals		4.044.278	1.644.197
Eigið fé og skuldir samtals		1.867.053	1.519.586

Sjóðstreymisyfirlit árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða ársins	5	(2.052.614)	(691.075)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3	45.000	0
Gengismunur langtímalána		212.998	0
Veltufé til rekstrar		(1.794.616)	(691.075)
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		408.021	(324.756)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		1.050.572	(547.671)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		1.458.593	(872.427)
Handbært fé til rekstrar		(336.023)	(1.563.502)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	3	(1.350.000)	0
Fjárfestingarhreyfingar		(1.350.000)	0
Fjármögnunarhreyfingar:			
Tekin ný langtímalán		1.078.065	0
Afborganir langtímalána		(89.096)	0
Skammtímalán, breyting		147.542	0
Fjármögnunarhreyfingar		1.136.511	0
Breyting á handbæru fé		(549.512)	(1.563.502)
Handbært fé í ársbyrjun		647.903	2.211.405
Handbært fé í lok ársins		98.391	647.903

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. ***Fjárhagsáætlun***

Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2008 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

c. ***Rekstrarfjármunir***

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar	10 ár

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2008	2007
Laun	12.831.466	12.576.169
Launatengd gjöld	2.421.471	2.370.366
Áunnið orlof, breyting	180.753	(234.513)
Annar starfsmannakostnaður	82.731	152.719
	15.516.421	14.864.741

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

	Bifreiðar	Samtals
Keypt á árinu	1.350.000	1.350.000
Afskrifað á árinu	(45.000)	(45.000)
Bókfært verð 31.12.2008	1.305.000	1.305.000
Heildarverð 31.12.2008	1.350.000	1.350.000
Afskrifað samtals 31.12.2008	(45.000)	(45.000)
Bókfært verð 31.12.2008	1.305.000	1.305.000
Afskriftahlutfall	10%	

Skýringar, frh.:

4. Skuldbindingar

Á árinu 2005 gerði félagið rekstrarleigusamning um bifreiðina UJ-253. Samningurinn rann út 01.08.2008. Á árinu 2006 gerði félagið rekstrarleigusamning um bifreiðina YI-518. Samningurinn gildir frá 18.05.2006 til 05.06.2009. Gjaldfærðar leigugreiðslur vegna samninganna á árinu nema um 1.284 þús. kr.

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2008	(124.611)
Rekstrarniðurstaða ársins	(2.052.614)
Staða 31.12.2008	(2.177.225)

6. Langtímaskuldir

Langtímalán greinast þannig:

Lánveitandi	Lánsform	Vísitala	Vaxtakjör	Staða
Lýsing	Skuldabréf	EUR/JPY	Libor	1.201.967
				1.201.967
Næsta árs afborganir				(437.079)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi				764.888

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Árið 2009	437.079
Árið 2010	437.079
Árið 2011	327.809
	1.201.967

7. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	**2008**	**2007**	**2006**	**2005**	**2004**
Rekstrartekjur	23.254	23.308	20.731	19.513	22.381
Rekstrargjöld án afskrifta	(24.970)	(24.110)	(21.906)	(19.322)	(17.460)
(Tap) hagnaður fyrir afskriftir	(1.716)	(802)	(1.175)	191	4.921
Afskriftir	(45)	0	0	(172)	(229)
(Tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði	(1.761)	(802)	(1.175)	19	4.692
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(292)	111	167	73	(653)
Rekstrarniðurstaða ársins	(2.053)	(691)	(1.008)	92	4.039
Efnahagur:					
Fastafjármunir	1.305	0	0	0	612
Veltufjármunir	464	872	547	1.848	6.390
Handbært fé	98	648	2.211	3.117	40
Eignir samtals	1.867	1.520	2.758	4.965	7.042
Eigið fé	(2.177)	(125)	566	1.574	1.483
Langtímaskuldir	765	0	0	0	0
Skammtímaskuldir	3.279	1.644	2.192	3.391	5.559
Eigið fé og skuldir samtals	1.867	1.520	2.758	4.965	7.042
Kennitölur					
Veltufé (til) frá rekstri	(1.795)	(691)	(1.008)	84	4.403
Handbært fé (til) frá rekstri	(336)	(1.564)	(906)	2.373	(4.463)
Veltufjárhlutfall	0,17	0,92	1,26	1,46	1,16
Eiginfjárhlutfall	(1,17)	(0,08)	0,21	0,32	0,21

Sundurliðanir

	2008	2008 Áætlun	2007
Framlög sveitarfélaga:			
Rekstrarframlög sveitarfélaga	7.923.748	7.650.000	6.999.992
	7.923.748	7.650.000	6.999.992
Laun og annar starfsmannakostnaður:			
Vinnulaun	12.401.466		12.156.169
Stjórnarlaun	430.000		420.000
Mótframlag í lífeyrissjóð	1.365.294		1.327.667
Tryggingagjald	777.435		758.288
Sjúkra- og orlofssjóður	278.742		284.411
Áunnið orlof, breyting	180.753		(234.513)
Annar starfsmannakostnaður	82.731		152.719
	15.516.421	15.145.000	14.864.741
Annar rekstrarkostnaður:			
Sýni og flutningskostnaður	1.388.736	2.120.000	2.393.796
Rekstur bifreiða	1.408.983	1.150.000	1.142.829
Rekstrarleiga	1.283.825	1.150.000	1.193.100
Húsaleiga og viðhald	1.292.039	910.000	891.032
Innheimtu- og umsjónarkostnaður	620.000	650.000	573.087
Sími	719.114	420.000	497.208
Dagpeningar	539.300	420.000	577.340
Bifreiðastyrkir	361.687	315.000	296.307
Ritföng, pappír, prentun, fjölritun og ljósrit	294.983	280.000	250.636
Internettengingar	224.252	230.000	224.646
Endurskoðun og uppgjörskostnaður	144.150	180.000	154.750
Smááhöld og viðhald áhalda og tækja	356.868	280.000	226.976
Gjaldfærður búnaður og tæki	113.870	230.000	169.886
Ferðakostnaður	178.719	122.000	127.355
Aðkeypt þjónusta	45.300	150.000	103.235
Þátttaka í kostnaði við ársskýrslu	0	0	80.000
Námskeið og fundir	99.623	52.000	76.858
Hreinlætisvörur	5.294	0	75.345
Vátryggingar	107.711	110.000	51.113
Auglýsingar og styrktarlínur	97.939	100.000	43.900
Tæknibækur, tímarit og blöð	49.554	42.000	41.539
Félagsgjöld og annar kostnaður	83.249	294.000	23.500
Rafmagn	38.379	0	30.947
	9.453.575	9.205.000	9.245.385



Nemendur Söngskóla Alexöndru fluttu dagskrá um Sigvalda Kaldalóns.

Menningarráð Norðurlands vestra

Ársskýrsla og ársreikningur 2008

Skagaströnd 28. febrúar 2009.

Inngangur

Í þessari ársskýrslu Menningarráðs Norðurlands vestra er greint frá starfsemi ráðsins og menningarfulltrúa á árinu 2008. Þá fylgja upplýsingar um þá styrkhafa sem hafa fengið hæstu styrkina, auk yfirlits yfir alla styrkhafa. Einnig fylgja með ársreikningar ráðsins.



Gunnar Bragi Sveinsson, Guðrún Helgadóttir, Adolf H. Berndsen, Pétur Jónsson, Bjarni K. Þórisson.

Menningarráð Norðurlands vestra

Eftirtaldir fulltrúar skipuðu menningarráðið 2006-2008:
Adolf H. Berndsen, Sveitarfélaginu Skagaströnd, fulltrúi stjórnar SSNV
Bjarni Þórisson, Sveitarfélaginu Skagafirði
Björn Magnússon, Húnavatnshreppi
Guðrún Helgadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður
Pétur Jónsson, Húnaþingi vestra

Á Ársþingi SSNV, sem haldið var á Siglufirði 19. - 20. september 2008, voru eftirtaldir fulltrúar kjörnir í ráðið til tveggja ára:
Adolf H. Berndsen, Sveitarfélaginu Skagaströnd
Bjarni Þórisson, Sveitarfélaginu Skagafirði
Guðrún Helgadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður
Gunnar Bragi Sveinsson, Sveitarfélaginu Skagafirði, fulltrúi stjórnar SSNV
Pétur Jónsson, Húnaþingi vestra

Starfsemi menningarráðs

Fundir menningarráðs

Fundir menningarráðs voru sex auk aðalfundar sem haldinn var 5. apríl. Fundargerðir ráðsins má sjá á heimasíðu þess www.ssnv.is.

Styrkir menningarráðs

Á fundi menningarráðs, 24. janúar 2008, var samþykkt að úthlutanir ráðsins á árinu yrðu tvær, með umsóknarfresti til og með 15. mars og 15. september. Einnig voru samþykktar úthlutunarreglur vegna verkefnastyrkja fyrir árið 2008. Þar segir m.a.:

Menningarráð hefur ákveðið að þau verkefni hafi forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

· Nýsköpun á sviði lista, menningarstarfs og menningartengdrar ferðaþjónustu.
· Efling atvinnustarfsemi, þekkingar og fræðslu á sviði menningar og lista.
· Þátttaka eldri borgara í listsköpun og menningarviðburðum.
· Skapandi starf fyrir börn og unglinga.
· Aukin þátttaka ungra listamanna frá Norðurlandi vestra í menningarstarfi.
· Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.



Leikrit um Þórdísi spákonu var frumsýnt á Skagaströnd í september.



Ópera Skagafjarðar flutti lög úr La Traviata og Rigoletto á Sæluviku.

Þá ákvað menningarráð á fundi sínum 20. maí að veita 3 milljónir sérstaklega til umsókna þar sem áherslan yrði lögð á samstarf aðila af öllum þremur hlutum svæðisins.

Í fyrra umsóknarferlinu, sem lauk 15. mars, bárust alls 78 umsóknir þar sem óskað var eftir samtals 47 milljónum. Menningarráðið samþykkti að úthluta styrkjum til 64 verkefna, að upphæð 18,5 millj. kr. Lægsti styrkur nam 50 þús. kr. en þeir hæstu voru ein milljón króna.

Úthlutun styrkja fór fram 5. apríl á Blönduósi. Formaður ráðsins setti dagskrána og afhenti styrki ásamt Ólöfu Ýrr Atladóttur ferðamálastjóra sem einnig flutti ávarp við afhendinguna.


Í síðara umsóknarferlinu, sem rann út 15. september, bárust alls 52 umsóknir þar sem óskað var eftir 47 milljónum. Ráðið samþykkti að veita 37 verkefnastyrki, alls að upphæð 18.850 þús. kr. Úthlutun styrkja fór fram 28. október á Hvammstanga. Menningarfulltrúi flutti ávarp Helgu Haraldsdóttur frá iðnaðarráðuneyti sem forfallaðist á síðustu stundu.

Alls var því veittur 101 verkefnastyrkur að upphæð 37.350 þús. kr. á árinu 2008. Heildaryfirlit yfir styrkhafa má sjá í fylgiskjölum með þessari skýrslu.

Samanburður


Það getur verið fróðlegt að flokka og bera saman styrkveitingar. Á fundi menningarfulltrúa kjördæmanna á Hólmavík sl. haust, var flokkun styrkjanna samræmd:

Menningarráð Norðurlands vestra: Flokkun styrkja 2008.



Séu þessar tölur skoðaðar nánar þá kemur í ljós að um helmingur styrkupphæðarinnar fer í þrjá flokka af þessum þrettán; tónlist – bókm./fræðirit/margmiðlun – menn.arfur/safnamál. Þetta eru því væntanlega sterku hliðarnar á menningarstarfi á Norðurlandi vestra.

Menningarráð Norðurlands vestra: Styrkupphæðir eftir svæðum.



Alls var veittur 101 styrkur á árinu 2008 samtals að upphæð 37.350.000 kr. Hér sést skipting styrkupphæðarinnar milli svæða.

Viðburðir á vegum menningarráðs

Ráðstefna um menningartengda ferðaþjónustu

Menningarráð Norðurlands vestra og Ferðamáladeild Hólaskóla stóðu fyrir ráðstefnu um menningartengda ferðaþjónustu í Félagsheimilinu á Blönduósi laugardaginn 5. apríl. Í upphafi ráðstefnunnar ávarpaði Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri ráðstefnuna.



Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri, flutti ávarp við upphaf ráðstefnu um menningartengda ferðaþjónustu.

Eftirtaldir aðilar fluttu erindi:

Guðrún Þ. Gunnarsdóttir, deildarstjóri Ferðamáladeildar Hólaskóla, Hrafnhildur Víglundsdóttir, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands, Kjartan Ragnarsson, framkvæmdastjóri Landnámsseturs og Rögnvaldur Guðmundsson, ferðamálaráðgjafi og formaður Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu. Fundarstjóri var Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri á Blönduósi. Um 40-50 manns sóttu ráðstefnuna sem þótti takast vel.

Málþing um sagnaarfinn

Málþing um sagnaarfinn og ferðaþjónustuna á Norðurlandi vestra var haldið að Löngumýri í Skagafirði miðvikudaginn 15. október. Á svæðinu er nú unnið að nokkrum verkefnum á sviði sögutengdrar ferðaþjónustu og má þar nefna Grettistak í Húnaþingi vestra, Landnám Ingimundar gamla og Spákonuarf í A-Hún. og Sturlungaslóð í Skagafirði en það verkefni var eitt þriggja sem hlaut styrk úr Gáttum, þróunarverkefni í menningartengdri ferðaþjónustu sem iðnaðarráðuneytið stóð fyrir.


Menningarráð Norðurlands vestra

Félagsheimilinu á Blönduósi
laugardaginn 5. apríl 2008

Kl. 11.00. Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra

Kl. 13:00 - 15:30. Málstefna um menningartengda ferðaþjónustu - Samstarf til Sóknar

Dagskrá:

Ávarp: Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri

Erindi: "Uppbygging menningartengdrar ferðaþjónustu" Guðrún Þ. Gunnarsdóttir, deildarstjóri Ferðamáladeildar Hólaskóla

"Menningin og við" Hrafnhildur Víglundsdóttir, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands

"Landnámssetrið í samstarfi" Kjartan Ragnarsson, framkvæmdastjóri Landnámssetursins

"Samstarf um sögutengda ferðaþjónustu - SSF; árangur og framtíðarsýn" Rögnvaldur Guðmundsson, ferðamálaráðgjafi og formaður SSF

Ráðstefnustjóri: Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri á Blönduósi

Kl. 15:45. Ályktun verkefnisstyrkja Menningarráðs

Menningarráð Norðurlands vestra
Sími: 455-2901 / 892-2901
Netfang: menning@nmi.is

Að málþinginu stóðu menningarráðið og Vaxtarsamningur Norðurlands vestra. Þar flutti Arna Lára Jónsdóttir, verkefnisstjóri IMPRU, erindi sem hún nefndi: Klasa-samstarf - samstarf í samkeppni og Þór Hjaltalín, minjavörður, ræddi um sagna-arfinn á Norðurlandi vestra. Síðan var hópastarf og niðurstöður þeirra kynntar. Um 25-30 manns sóttu málþingið.

Kynningarfundur um erlent samstarf

Menningarráð stóð fyrir kynningarfundi um erlent samstarf í Félagsheimilinu á Hvammstanga þriðjudaginn 28. október. Þuríður Helga Kristjánsdóttir, starfsmaður Norræna hússins, kynnti möguleika í norrænu samstarfi og Rósa Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Upplýsingaþjónustu menningaráætlunar Evrópusambandsins, fór yfir helstu atriði þeirrar áætlunar. Þá greindi Pétur Jónsson, fulltrúi í menningarráði Norðurlands vestra, frá sinni reynslu af erlendu samstarfi. Um 10 manns sóttu kynningarfundinn.



Rósa Þorsteinsdóttir kynnti menningaráætlun Evrópusambandsins.

Samningar

RARIK - aflvaki menningarstarfs

Þann 11. apríl var undirritaður samningur milli menningarráðs og RARIK um stuðning þess síðarnefnda við menningarstarf á Norðurlandi vestra. Samningur þessi gildir árin 2008 og 2009 og skuldbindur RARIK sig til að leggja fram a.m.k. eina milljón króna hvort ár í verkefnasjóð menningarráðs til eflingar menningarstarfi á svæðinu.



Við undirskrift samnings. Frá vinstri: Stefán Arngrímsson, kynningarstjóri RARIK, Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi Norðurlands vestra, Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK, Sigrún Björk Jakobsdóttir, formaður Menningarráðs Norðurlands eystra og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, menningarfulltrúi Norðurlands eystra.

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra

Þann 14. janúar var undirritaður samningur milli iðnaðarráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um stofnun Vaxtarsamnings Norðurlands vestra. Jafnframt var undirritaður viðaukasamningur þar sem fjölmörg félög og fyrirtæki lögðu Vaxtarsamningnum til fjármuni eða sérfræðivinnu og aðstöðu. Meðal þeirra var Menningarráð Norðurlands vestra en ráðið leggur fram sérfræðivinnu og aðstöðu sem metin er á 0,5 milljónir árlega, árin 2008-2010.

Kynning á menningarstarfi og starfi menningarráðs

Þann 6. nóvember undirrituðu formaður menningarráðs og ritstjóri Feykis, svæðis-fréttablaðs Norðurlands vestra, samning til eins árs um markvissa kynningu blaðsins á menningarstarfi á Norðurlandi vestra og þeim verkefnum sem hljóta styrk frá ráðinu. Fyrirmynd samningsins er samningur Menningarráðs Vesturlands við Skessuhorn.

Markmið samningsins er að efla umræðu og kynningu á menningarstarfi á svæðinu og hvetja þannig til fleiri verkefna.



Við undirritun samnings. Guðný Jóhannesdóttir, ritstjóri Feykis og Guðrún Helgadóttir, formaður menningarráðs.

Dreifibréf

Tvö dreifibréf voru send inn á hvert heimili á Norðurlandi vestra. Í þeim voru auglýsingar um verkefnastyrki, ávörp formanns ráðsins, upplýsingar um viðtalstíma, menningarviðburði o.fl. Er enginn vafi að dreifibréfin hafa verið hvatning til þess að sækja um verkefnastyrki og verið góð kynning, bæði á starfi ráðsins og þeim verkefnum sem ráðið hefur styrkt.



Menningarfulltrúar Norðurlands vestra, Vestfjarða og Norðurlands eystra sömdu leiðbeiningar fyrir umsækjendur verkefnastyrkja.

Samstarf

Menningarráð og stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra leggja áherslu á samstarf og að samnýta krafta sína. Á haustdögum unnu starfsmenn Vaxtarsamnings og Menningarráðs að undirbúningi að auknu samstarfi safna, setra og tengdra aðila. Þann 13. janúar sl. (2009) var svo haldinn kynningarfundur fyrir þessa aðila þar sem hvatt var til stofnunar safnaklasa, með Safnaklasa Suðurlands að nokkru leyti sem fyrirmynd. Á fundinum var samþykkt að auka samstarf þessara aðila og skipuð nefnd til að undirbúa formlega stofnun klasans.

Þá hafa menningarfulltrúar menningarráðanna á landsvísu haft með sér reglubundið samstarf og samráð. Má þar m.a. nefna samræmda flokkun verkefna í skýrsluhaldi ráðanna, gerð leiðbeininga fyrir umsækjendur um verkefnastyrki og undirbúning að gerð sameiginlegs kynningarefnis svo eitthvað sé nefnt.

Verkefni menningarfulltrúa

Segja má að verkefni menningarfulltrúa séu fjölbreytt og fari vaxandi. Þau eru annars vegar dagleg umsýsla sem tengist menningarráði og styrkveitingum þess og hins vegar ráðgjöf og þróunarstarf á sviði menningarmála.



Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi.

Varðandi verkefnastyrki menningarráðs eru helstu verkefnin að undirbúa öll nauðsynleg gögn, auglýsingar, úthlutunarreglur og samninga við styrkhafa og leggja fyrir ráðið til samþykktar. Menningarfulltrúi býður upp á viðtalstíma á fjölmörgum stöðum á svæðinu, fyrirspurnum er svarað og aðstoð veitt við gerð umsókna. Þá hefst móttaka umsókna, yfirferð umsókna og samantekt, prentun og fjölritun gagna til menningarráðs fyrir úthlutun. Að lokum er afgreiðsla ráðsins bókuð og kynnt bæði umsækjendum og með fréttatilkynningu.

Töluverð vinna fer í samskipti við styrkhafa; senda svarbréf, gera samninga, fara yfir lokaskýrslur, sjá um greiðslur, fylgjast með gangi verkefna o.m.fl.

Annar daglegur rekstur er nokkur, m.a. margs konar bréfaskipti, yfirferð og samþykkt reikninga, bókhaldsumsjón, ýmiss konar samskipti við aðra menningarfulltrúa og annað fólk víða um land, almenn símsvörun, skýrslugerð, aðstoð við gerð umsókna til ýmissa aðila o.þ.h.

Þá undirbýr menningarfulltrúi fundi ráðsins og er ritari þess. Á árinu stýrði menningarfulltrúi auk þess undirbúningi ráðstefnu um menningartengda ferðaþjónustu, málþingi um sagnaarfinn, kynningarfundi um tækifæri í erlendu samstarfi og útgáfu tveggja dreifibréfa. Þá er unnið að auknu samstarfi fjölmargra aðila innan héraðs sem utan, flytja þarf erindi, sitja fundi o.s.frv. Samstarf og samráð við atvinnuráðgjafa SSNV, starfsmann Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og aðra menningarfulltrúa er vaxandi þáttur í starfinu.



Þátttakendur í kynningarferð til Noregs.

Eitt af mörgum ánægjulegum störfum menningarfulltrúa er mæting á margs konar viðburði sem menningarráðið hefur styrkt, sem og alls kyns fundi innanhéraðs. Hér er um að ræða, tónleika, annars konar skemmtanir, opnun sýninga, leiksýningar, málþing og ráðstefnur, svo eitthvað sé nefnt. Alls hefur menningarfulltrúi mætt á um 50 slíka viðburði á árinu. Einnig hefur verið farið í heimsókn í mörg fyrirtæki og stofnanir og fundað með menningarnefndum sveitarfélaga.

Þá mætir menningarfulltrúi á margs konar viðburði, fundi og ráðstefnur utan svæðis vegna starfsins.

Í júníbyrjun fór menningarfulltrúi, ásamt 10 öðrum aðilum, til Noregs að kynna sér skipulag og framkvæmd margs kyns ferðaþjónustu. Ferðina skipulagði Sigurbjörg Árnadóttir fyrir Ferðamálastofu. Í ferðinni voru margs konar ferðaþjónustufyrirtæki heimsótt, smá og stór og rætt við skipuleggjendur þróunarstarfs í ferðamálum.

Flutningur skrifstofu

Á vormánuðum flutti skrifstofa menningarráðs í nýtt húsnæði að Einbúastíg 2 á Skagaströnd. Þar eru einnig til húsa skrifstofur fyrirtækja og einstaklinga.

Verkefnastyrkir menningarráðs

Á árinu 2008 veitti menningarráð alls 101 verkefnastyrk, að upphæð 37.350 þús. kr. Meðalstyrkupphæð var því um 370 þúsund krónur. Hæsta styrkupphæð til einstaks verkefnis nam 1,5 milljónum kr. en sú lægsta 50 þús. kr.

Við úthlutun, þann 5. apríl, hlutu eftirtaldir aðilar hæstu verkefnastyrkina:

1.000.000 kr. ***Carmina Burana - Kristján F. Valgarðsson, f.h. Carmina hópsins***

Tónverkið Carmina Burana, eftir Carl Orff, var flutt í Íþróttahúsinu í Varmahlíð 2. nóvember 2008. Flytjendur voru Carminahópurinn í Skagafirði, Óperukórinn í Reykjavík, Skagfirska söngsveitin, Kvennakór úr Domus Vox, Landsvirkjunarkórinn og kór Flensborgarskóla, alls um 150 manns. Einsöngvarar voru Þóra Einarsdóttir, Þorgeir J Andrésson og Bergþór Pálsson. Stjórnandi var Garðar Cortes.



Styrkhafar menningarráðs, fyrri úthlutun.

1.000.000 kr. ***The Sagas-Storytelling - Grettistak, Húnaþingi vestra***
Sagnahátíð sem haldin var á Laugarbakka 1.-4. ágúst 2008. Markmið hátíðarinnar var að ná saman norrænu sagnafólki sem kynnti hinn gamla sagnaarf. Auk sagnamanna voru á hátíðinni tónlistaratriði, víkingamarkaður, sýningar og leikir fyrir börn og fullorðna.

750.000 kr. ***Stafrænt ljósmyndasafn - Sögusetur íslenska hestsins***
Sögusetrið vinnur nú að því að koma upp öflugu stafrænu ljósmyndasafni um íslenska hestinn, setrið á þúsundir ljósmynda sem þarf að skanna og skrá. Markmiðið er síðan að gera myndirnar aðgengilegar almenningi á internetinu.

750.000 kr. ***Eyvindarstofa á Blönduósi - Blöndubyggð ehf.***
Eyvindarstofa verður þemasalur þar sem sögufrægasta útilegumanni Íslendinga, Fjalla-Eyvindi og Höllu, konu hans, verða gerð skil. Saga þeirra er mikilvæg frá menningarlegu tilliti fyrir héraðið og áhugaverð fyrir ferðamenn. Útlitið verður í stíl Eyvindarhellis. Gestir eiga að upplifa sig í heimkynnum útilegumannsins á Hveravöllum.

750.000 kr. ***Rigoletto - Dream Voices ehf. – Ópera Skagafjarðar***
Tónleikauppfærsla, í Sæluviku 2008, með völdum lögum úr óperunum Rigoletto og La Traviata eftir G. Verdi. Samhliða tónleikunum var tekinn upp geisladiskur með lögum frá Rigoletto.

Við úthlutun, þann 28. október, hlutu eftirtaldir aðilar hæstu verkefnastyrkina:

1.500.000 kr. ***Stafrænt ljósmyndasafn - Sögusetur íslenska hestsins, Hólum í Hjaltadal***
Sögusetrið vinnur nú að því að koma upp öflugu stafrænu ljósmyndasafni um íslenska hestinn, setrið á þúsundir ljósmynda sem þarf að skanna og skrá. Markmiðið er síðan að gera myndirnar aðgengilegar almenningi á internetinu.

1.500.000 kr. ***Rigoletto - Ópera Skagafjarðar***
Ópera Skagafjarðar hefur undanfarið tekist á hendur metnaðarfull verkefni og nú er ætlunin að sýna óperuna Rigoletto eftir Verdi á Sæluviku vorið 2009.

1.000.000 kr. ***Kántrýsetur - Vestrið ehf., Skagaströnd***

Uppbygging Kántrýseturs á Skagaströnd með sýningu um sögu og sveitatónlist Kántrýkóngsins í máli og myndum er einn þáttur í þeirri menningartengdu ferðaþjónustu sem verið er að byggja upp á þessu svæði.

1.000.000 kr. ***Þórdís spákona - Spákonuarfur – menningarfélag, Skagaströnd***

Lokið er ritun á sögu Þórdísar spákonu, landnámskonu á Skagaströnd, ásamt leiksýningu sem félagið Spákonuarfur stóð fyrir haustið 2008, í tengslum við stofnun spádómshofs á Skagaströnd. Næsta skrefið er uppsetning Þórdísarstofu og þar er ætlunin að hafa afsteypu af Þórdísi í fullri stærð. Menningartengd ferðaþjónusta á ferðinni.

1.000.000 kr. ***Skrapatungurétt - Menningarnefnd Blönduósbæjar***

Menningarnefnd Blönduósbæjar og Örn Ingi Gíslason stóðu að gerð kvikmyndar um stóðsmölun og réttir í Skrapatungurétt í Austur-Húnavatnssýslu en myndatakan fór að mestu fram í september 2008. Hér er bæði um heimildamynd og menningartengda ferðaþjónustu að ræða.

1.000.000 kr. ***Draumaraddir norðursins - Söngskóli Alexöndru, Tónlistarskóli A-Hún. og Tónlistarskóli V-Hún.***

Draumaraddir norðursins er sameiginlegt menntunar- og menningarverkefni þessara þriggja aðila þar sem markmiðið er að auka klassískan söngáhuga, gæði, samvinnu kennara og fjölbreytni á Norðurlandi vestra. Hér er um að ræða stofnun stúlknakórs, námskeiðshald og söngkeppni.

1.000.000 kr. ***Dansað á fáksspori - Skotta kvikmyndafélag, Spákonuarfur - menningarfélag og Forsvar ehf.***

Dansað á fáksspori er kvikmyndaverkefni þar sem ætlunin er að framleiða fimm þátta röð sem byggir á hinni landsþekktu hestamenningu á Norðurlandi vestra. Markmiðið er annars vegar að styrkja ímynd Norðurlands vestra á þessu sviði og hins vegar að efla atvinnustarfsemi og þekkingu á sviði sjónvarpsmyndagerðar og margmiðlunar.



Styrkhafar menningarráðs, síðari úthlutun.

1.000.000 kr. ***Sagnafjör, reiðhallarleiksýningar - Jóhann Albertsson, Páll Dagbjartsson og Hjörtur Karl Einarsson***

Þessir þrír hestamenn kalla verkefni sitt Sagnafjör – reiðhallarleiksýningar. Þar er markmiðið að sviðsetja sögulega atburði eða annað sögutengt efni með skírskotun til sagnaarfs Norðurlands vestra, skrifa leikrit, gera leikmynd og búninga og sýna í reiðhöllum á Norðurlandi vestra.

Mat á árangri

Árið 2008 er fyrsta heila árið sem ráðið starfar af fullum krafti með þá fjármuni að bakhjarli sem fyrir liggja. Formlegt mat á árangri hefur enn ekki farið fram en skv. samningi á það að gerast vorið 2009. Því er samanburður takmarkaður enda engin tölfræði til um menningarviðburði fyrri ára. Óformlegt mat ráðsins og menningarfulltrúa, sem hafa fylgst lengi með menningarmálum á svæðinu, er að meira sé lagt í viðburðina en áður og að betur sé vandað til verka. Þá hefur menningarviðburðum fjölgað nokkuð.


Jói í Stapa og Siggi á Ökrum kveða.

Styrkir ráðsins hafa verið veittir til verkefna sem eru atvinnuskapandi í menningarstarfi og stutt þannig við festu í atvinnulífinu. Þá hefur ráðið hvatt til aukins samstarfs þeirra aðila sem vinna að menningarmálum, m.a. með það að markmiði að auka möguleika þeirra á að takast á við stærri verkefni.

Menningarráð Norðurlands vestra safnar ákveðnum upplýsingum frá styrkhöfum en hafa ber í huga að þær eru rekjanlegar. Þegar styrkhafar hafa lokið sínum verkefnum þá skila þeir lokaskýrslu áður en síðari hluti styrksins er greiddur út. Í þeirri skýrslu eru þeir m.a. beðnir um að leggja mat á það hvernig styrkurinn nýttist og hverju máli styrkurinn skiptir við framkvæmd verkefnisins. Segja má að það sé samdóma álit styrkhafa að styrkurinn hafi skipt verulegu máli fyrir viðkomandi aðila og oft verið grundvöllur þess að lagt var af stað. Hér eru nokkur dæmi:

„Styrkur Menningarráðs skipti öllu máli fyrir framgang verkefnisins árið 2008. Hann gerði Sögusetrinu mögulegt að hefja markvissa uppbyggingu á stafrænu ljósmyndasafni.“


Guðmundur Karl söng til sigurs á Vökulögum á Blönduósi.

„Án hans hefði verkefnið engan veginn gengið upp vegna kostnaðar.“

„Hann nýttist mjög vel og var stærsti og mikilvægasti styrkurinn eða u.þ.b. helmingur þess sem þurfti. Vegna styrksins frá menningarráði var hægt að láta verða af þessum tónleikum.“

„Styrkur Menningarráðs kom sér afar vel og var mikilvægur. Hann gerði aðstandendum sýningarinnar mögulegt að leggja úti nýjungar í sýningarhaldinu, þ.e. að setja upp hestaleikhús.“

„Styrkur Menningarráðs átti stærstan þátt í því að hægt var að fá samstarfsaðila að hátíðinni bæði innanlands og utan og gera hátíðina að alþjóðlegri sagnaskemmtan og – fræðslu sem öllum var til sóma.“

„Án styrks frá Menningarráði hefði safnið ekki lagt í gerð heimildarmyndaefnis í þessum gæðum, sem skipta verulegu máli, sérstaklega fyrir varðveislu efnisins sem heimilda fyrir framtíðina.“

„Styrkurinn nýttist vel. Að fá þennan styrk er einnig gífurleg viðurkenning fyrir okkur, klapp á bakið og ótvírætt vissa þess að metnaðarfullt handverk sé samfélaginu einhvers virði.“



Sísa tekur við styrk úr hendi formannsins.

„Án stuðnings hefði ekki orðið af framkvæmd.“

„Styrkurinn gerði það að verkum að ráðist var í verkefnið.“

Ef til vill þarf að beita öðrum matsaðferðum til að finna mögulega veikleika í starfsemi ráðsins. Góð sátt virðist að minnsta kosti ríkja um úthlutun fjármagns, þar sem fulltrúar í ráðinu hafa ekki fengið gagnrýni á þann þátt. Einungis einu sinni hefur fulltrúi fengið upphringingu frá aðila sem var óánægður með úthlutun og gat menningarfulltrúi aðstoðað viðkomandi við að bæta umsóknargerð sína fyrir næstu úthlutun.



Lopinn teygður á Sveitasælu 2008 í Skagafirði.

Þá hefur ráðið óskað eftir áliti og athugasemdum frá sveitarfélögunum. Á aðalfundi ráðsins í apríl 2008 voru fulltrúar sveitarfélaganna sérstaklega beðnir um að leggja orð í belg í umræðum um störf og stefnu ráðsins. Þeir, sem þar tóku til máls lýstu almennri ánægju með menningarsamninginn, starf menningarfulltrúa og menningarráðs.

Fjármál

Endurskoðaðir reikningar menningarráðs fyrir árið 2008 fylgja með þessari skýrslu.

Lokaorð

Menningarráð Norðurlands vestra og menningarfulltrúi þakka ráðuneytum menntamála og iðnaðar gott samstarf á árinu og fjárframlag. Þá er starfsmönnum SSNV, starfsmanni VNV, forsvarsmönnum sveitarfélaga og öllum þeim fjölmörgu sem verið hafa í samskiptum við ráðið og menningarfulltrúa færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf. Einnig fær RARIK þakkir fyrir sitt framlag til menningarstarfs á Norðurlandi vestra.

Nú er hafið þriðja og síðasta árið í þessum menningarsamningi ríkis og samtaka sveitarfélaga. Menningarráð Norðurlands vestra er þess fullvíst að þessi samningur

hefur verið og er verulegur stuðningur og innspýting í allt menningarstarf á Norðurlandi vestra. Því hvetur ráðið fulltrúa menntamála- og iðnaðarráðuneyta og samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra að hefja nú þegar samningaviðræður um framhald þessa samnings til næstu þriggja ára.

Skagaströnd 28. febrúar 2009.

Guðrún Helgadóttir, formaður
Adolf H. Berndsen
Bjarni Þórisson
Gunnar Bragi Sveinsson
Pétur Jónsson

Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi



Karlakórinn Lóuþrælar gaf út jóladisk.

Úthlutun verkefnastyrkja 5. apríl 2008

1.000.000 kr. Kristján Valgarðsson, f.h. Carminahópsins, Skagafirði
Tónverkið Carmina Burana.

1.000.000 kr. Grettistak ses., Húnaþingi vestra
Alþjóðlegt þing sagnamanna við Norður-Atlantshaf í Húnaþingi vestra.

1.000.000 kr. Sögusetur íslenska hestsins, Hólum, tvö verkefni
Stafrænt ljósmyndasafn um íslenska hestinn. Ráðstefna um Sauðárkrókshrossin.

750.000 kr. Blöndubyggð ehf., Blönduósi
Eyvindarstofa á Blönduósi.

750.000 kr. DreamVoices ehf., Ópera Skagafjarðar
Óperan Rigoletto á Sæluviku.

750.000 kr. Leikfélag Sauðárkróks, tvö verkefni
120 ára saga leiklistar á Sauðárkróki. Leiksýning.

750.000 kr. Guðbrandsstofnun, Hólum, þrjú verkefni
Ráðstefna um Kolbein Tumason og sálminn hans, Heyr himna smiður. Stofnun tónlistarakademíu um forna tónlist. Útgáfa á sögu Bauka-Jóns.

700.000 kr. Byggðasafn Skagfirðinga, þrjú verkefni
Heimildamynd um vinnslu rekaviðar. Gerð sýningarskrár. Bókaútgáfa.

600.000 kr. Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi, þrjú verkefni
Málþing í tilefni 135 ára ártíðar Halldóru Bjarnadóttur. Tölvuskr. á safnmunum. Sumarsýning.

600.000 kr. Menningarnefnd Blönduóssbæjar, tvö verkefni
Dægurlagakeppnin Vökulögin 2008. Mynda- og sögusýning.

500.000 kr. Sólveig S. Einarsdóttir, Húnavatnshreppi
Söngdagar á Húnavöllum.

500.000 kr. Geirmundur Valtýsson, Sauðárkróki
Í syngjandi sveiflu.

500.000 kr. Alþýðulist, Skagafirði
Sýningin Nytjar náttúrunnar á landbúnaðarsýningunni Sveitasælu 2008.

500.000 kr. Nes listamiðstöð, Skagaströnd
Dvalar- og sýningarstyrkir fyrir íslenska listamenn.



Listadagar á Kántrýhátíð á Skagaströnd.

500.000 kr. **Við Árbakkann, Blönduósi**
Pólsk-íslensk djassupplifun, röð djasstónleika á Norðurlandi vestra.

500.000 kr. **Héraðsskjalasafn Skagfirðinga**
Skráning lausavísna í gagnagrunn.

500.000 kr. **Skagabyggð, A-Hún.**
Örnefnaskráning í Skagabyggð.

250.000 kr. **Fluga, rekstrarfélag Svaðastaðahallar á Sauðárkróki**
Tekið til kostanna sem eru alþjóðlegir hestadagar í Skagafirði.

250.000 kr. **Björn Líndal o.fl., Húnaþingi vestra**
Söfnun og útgáfa á gamansögum úr Húnaþingi vestra.

250.000 kr. **Unglistahátíðin Eldur í Húnaþingi**
Eldur í Húnaþingi.

250.000 kr. **Lárus Ægir Guðmundsson, Skagaströnd**
Útgáfa sögu sjómannadagsins á Skagaströnd.

250.000 kr. **Skotta ehf., Sauðárkróki**
Kynningarmyndir um Laufskálarétt og Þórarin Eymundsson tamningamann.

250.000 kr. **Ómar Bragi Stefánsson, Sauðárkróki**
Heima er best, bæjarhátíð á Sauðárkróki.

250.000 kr. **Ungmennasamband Austur-Húnvetninga**
Útgáfa ársritsins Húnavaka.

250.000 kr. **Hólaskóli**
Útgáfa göngukorta um Tröllaskaga.

250.000 kr. **María Markovic og Erla María Lárusdóttir, Skagaströnd**
Listadagar á Skagaströnd.

250.000 kr. **Hugrún Sif Hallgrímsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Halldór G. Ólafsson, Skagaströnd**
Tónlistarnámskeið fyrir götulistamenn í tengslum við Kántrýdaga.

250.000 kr. **Hólarannsóknin og Ragnheiður Traustadóttir**
Útgáfa rits um fornleifarannsóknir á Hólum.

250.000 kr. **Rökkurkórinn, Skagafirði**
Til tónleikahalds.

250.000 kr. **Söngskóli Alexöndru, Skagafirði**
Söng- og söguveisla á Sæluviku, Sigvaldi Kaldalóns, ævi og störf.

250.000 kr. **Þóra Björk Jónsdóttir, Skagafirði**
Sól í hádegisstað, menningardagskrá um Elínborgu Lárusdóttur rithöfund.

250.000 kr. **Jón Þorsteinn Reynisson, Skagafirði**
Tónleikaröð sumarið 2008.

250.000 kr. **túrí ehf., Húnaþingi vestra**
Útgáfa örbóka um Gretti sterka.

250.000 kr. **Skarphéðinn Einarsson, Blönduósi**
Bítlasýning á Húnavöku 2008.

250.000 kr. **Leikfélag Blönduóss**
Leiksýning.

250.000 kr. **Guðmundur Sigurður Jóhannesson, Sauðárkróki**
Undirbúningur útgáfu þriggja ættfræðirita.

250.000 kr. **Byggðasaga Skagfirðinga og Byggðasafn Skagfirðinga**
Byggðasögurannsóknir í tengslum við útgáfu Byggðasögu Skagfirðinga.

250.000 kr. **Hafissetrið, Blönduósi**
Sjóleiðin norður til Kína, málþing um hafís og siglingar á norðurslóðum.

250.000 kr. **Listasafn og Safnahús Skagfirðinga**
Enn mun reimt á Kili, sýning um afdrif Reynistaðarbræðra.

250.000 kr. **Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna**
Hákarlasýning í samstarfi við Sjóminjasafnið Víkina.

100.000 kr. **Kirkjukór Víðidalstungukirkju**
Til tónleikahalds.
100.000 kr. **Bjarni Freyr Björnsson, Húnavatnshreppi**
Ljósmyndasýning á náttúru og mannlífsmyndum frá Austur-Húnavatnssýslu.
100.000 kr. **Sönghópur Félags eldri borgara í Skagafirði**
Til tónleikahalds.
100.000 kr. **Skagfirski kammerkórinn**
Til tónleikahalds.
100.000 kr. **Gunnar Rögnvaldsson, Skagafirði**
Sögur úr sveitinni.
100.000 kr. **Samkórinn Björk og Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps**
Til tónleikahalds.
100.000 kr. **Lomberklúbburinn Ponti, Húnaþingi vestra**
Útbreiðsla Lombers.
100.000 kr. **Hjalti Þórðarson og Ungmennafélagið Neisti, Skagafirði**
Saga Umf. Neista.
100.000 kr. **Kristín Halla Bergsdóttir, Skagafirði**
Sumarnámskeið.
100.000 kr. **Félagsheimilið Húnaver, Húnavatnshreppi**
Til tónleikahalds.
100.000 kr. **Félag eldri borgara í Húnaþingi**
Til tónleikahalds.
100.000 kr. **Dagrún Ísabella Leifsdóttir, Sauðárkróki**
Til tónleikahalds.
50.000 kr. **Harmonikuunnendur Húnavatnssýslna**
Hagyrðingakvöld.
50.000 kr. **Rjúpurnar, Skagafirði**
Kennsla í dönskum þjóðdönsum.
50.000 kr. **Benedikt Sigurðsson, Sauðárkróki**
100sta Skáldaspírukvöldið:
Úr sagnabrunni Skagfirðinga.

Úthlutun verkefnastyrkja 28. október 2008

1.600.000 kr. **Sögusetur íslenska hestsins, Hólum**
2. verkefni: Stafrænt ljósmyndasafn um íslenska hestinn
og myndband um Skagfirðinginn Þormóð
1.500.000 - **Ópera Skagafjarðar**
Uppfærsla óperunnar Rigoletto
1.000.000 - **Vestrið ehf., Skagaströnd**
Uppbygging Kántrýseturs á Skagaströnd
1.000.000 - **Spákonuarfur ehf., Skagaströnd**
Afsteypa af Þórdísi spákonu
1.000.000 - **Menningarnefnd Blönduósbæjar**
Kvikmynd um stóðsmölun og réttir í Skrapatungurétt
1.000.000 - **Söngskóli Alexöndru – Tónlistarskóli A-Hún. – Tónlistarskóli V-Hún.**
Draumaraddir norðursins
1.000.000 - **Skotta kvikmyndafélag ehf. – Spákonuarfur ehf. – Forsvar**
Dansað á fákspori
1.000.000 - **Jóhann Albertsson – Hjörtur Karl Einarsson – Páll Dagbjartsson**
Sagnafjör - reiðhallarleiksýningar
750.000 - **Byggðasafn Skagfirðinga**
Fornverkaskólinn – námskeiðahald
750.000 - **Húnaþing vestra**
Saga Hvammstanga II 1938-1998



Leikfélag Sauðárkróks sýndi leikritið Viltu finna milljón?

750.000 - Reykjahöfði ehf., Húnaþingi vestra
Laugarbakki – menningar- og heilsusetur

750.000 - Landnám Ingimundar gamla, A-Hún.
Sögukort Vatnsdælasögu

750.000 - Nes listamiðstöð, Skagaströnd
Dvalar- og verkefnisstyrkir f. listamenn

750.000 - Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi
Endurútgáfa á bókinni Vefnaður
e. Halldóru Bjarnadóttur

500.000 - Guðmundur Helgason, Húnaþingi vestra
Tónlist og ferðaþjónusta í skammdeginu

500.000 - Bændasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps, A-Hún.
Ábúendatal Bólstaðarhlíðarhrepps 1703-2003

500.000 - Sveitarfélagið Skagaströnd
Heimildarmynd um Skagaströnd

500.000 - Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna
Herseta Breta í Hrútafirði - sýning

500.000 - Nemendafélag FNV
Leikverkið Á tjá og tundri e. Gunnar Helgason

250.000 - Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps, A-Hún.
Hillingar – útgáfa geisladisks

250.000 - Karlakórinn Lóuþrælar, Húnaþingi vestra
Útgáfa jólaplötu

250.000 - Leikfélag Sauðárkróks
Leikverkið Pétur Pan

250.000 - Hagfélagið ehf., Húnaþingi vestra
Mannlíf í Húnavatnssýslum – ljósmyndasýning

250.000 - Rósmundur G. Ingvarsson, Skagafirði
Örnefnaskráning í Skagafirði

250.000 - Jónsmessunefnd Hofsósi
Menningardagskrá á Jónsmessuhátíð

250.000 - Kirkjukór Flugumýrar- og Miklabæjarsókna, Skagafirði
Tónleikaröð

100.000 - Feykir.is/Menningarhlekkur
Menningardagskrá - vefsíðugerð

100.000 - Norðanátt.is, Húnaþingi vestra
Menning og ferðaþjónusta - vefsíðugerð

100.000 - Baroksmiðja Hólastiftis
Stofnun Baroksmiðju

100.000 - Varmahlíðarskóli, Skagafirði
Menningararfurinn og heimabyggðin – vefsíðugerð

100.000 - Félag harmonikuunnenda í Skagafirði
Tekið í belg – tónleikaröð

100.000 - Dansfélag eldri borgara í Húnaþingi vestra
Fimir fætur – danssýning á Landsmóti UMFÍ

100.000 - Rósa Björnsdóttir, Skagafirði
Tónfundir

100.000 - Aldís Fjóla Ásgeirsdóttir, Skagafirði
Tónleikar í Sauðárkrókskirkju

100.000 - Handverkshópur eldri borgara í Húnaþingi vestra
Leirlistarnámskeið

100.000 - Skagfirski kammerkórinn
Kynslóðirnar kveðast á

Menningarráð Norðurlands vestra
Ársreikningur 2008

Menningarráð Norðurlands vestra
Bjarmanesi
545 Skagaströnd

kt. 601107-3170

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar

Menningarráð Norðurlands vestra er samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir menningarmál og hefur meðal annars það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á starfssvæði sínu, að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum og úthluta fjármagni til menningarverkefna á Norðurlandi vestra.

Tap varð af rekstri ráðsins á árinu að fjárhæð 3.525 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé ráðsins nam í árslok 5.566 þús. kr.

Stjórn Menningarráðs Norðurlands vestra staðfestir hér með ársreikning ráðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Skagaströnd 9. mars 2009

Stjórn:

Menningarfulltrúi:

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn Menningarráðs Norðurlands vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Menningarráðs Norðurlands vestra fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna ti að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ráðsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu þess 31.desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkrókur, 9. mars 2009

KPMG hf.

Kristján Jónasson

Ragna Árnadóttir Hjartard.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Menningarráðs Norðurlands vestra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2008 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Skagaströnd 9. mars 2009

Margeir Friðriksson

Guðrún Rögnvaldsd.

Rekstrarreikningur árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrartekjur:			
Framlag ríkissjóðs		32.000.000	30.000.000
Framlög sveitarfélaga		6.726.459	0
Aðrar tekjur		1.100.000	0
		39.826.459	30.000.000
Rekstrargjöld:			
Styrkveitingar	2	34.800.000	17.650.000
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	7.104.167	1.709.645
Stjórnunarkostnaður	4	4.434.715	2.019.971
		46.338.882	21.379.616
Rekstrar(tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði		(6.512.423)	8.620.384
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		3.335.036	525.884
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(347.724)	(55.228)
		2.987.312	470.656
Rekstrarniðurstaða ársins	5	(3.525.111)	9.091.040

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
Eignir			
Handbært fé		23.108.095	17.157.227
Veltufjármunir samtals		23.108.095	17.157.227
Eignir samtals		23.108.095	17.157.227
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		5.565.929	9.091.040
Eigið fé samtals	5	5.565.929	9.091.040
Skammtímaskuldir			
Ógreiddir styrkir	2	17.200.000	7.675.000
Viðskiptaskuldir		342.166	202.745
Aðrar skammtímaskuldir		0	188.442
Skammtímaskuldir samtals		17.542.166	8.066.187
Skuldir samtals		17.542.166	8.066.187
Eigið fé og skuldir samtals		23.108.095	17.157.227

Sjóðstreymisyfirlit árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	5	(3.525.111)	9.091.040
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímaskuldir, hækkun		9.475.979	8.066.187
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		9.475.979	8.066.187
Handbært fé frá rekstri		5.950.868	17.157.227
Hækkun á handbæru fé		5.950.868	17.157.227
Handbært fé í ársbyrjun		17.157.227	0
Handbært fé í lok ársins		23.108.095	17.157.227

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. ***Innlausn tekna***

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur er ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

2. *Styrkir*

Styrkir eru gjaldfærðir þegar stjórnin hefur samþykkt úthlutun þeirra en greiðslur fara hins vegar ekki fram fyrr en gerður hefur verið skriflegur samningur. Á árinu 2008 voru gjaldfærðir úthlutaðir styrkir að fjárhæð 36,2 millj. kr. en endurgreiddir eldri styrkir vegna verkefna sem ekki kláruðust námu 1,4 millj. kr. Samtals gjaldfærðir stykir á árinu 2008 námu því 34,8 millj. kr. Ógreiddir styrkir í árslok námu 17,2 millj. kr. þar af námu ófrágengnir samningar samtals 9,1 millj. kr.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2008	2007
Laun	5.280.477	778.109
Stjórnarlaun (5)	500.000	643.000
Lífeyrissjóður	758.678	151.022
Tryggingagjald	379.141	109.876
Annar starfsmannakostnaður	185.871	27.638
	7.104.167	1.709.645

4. Stjórnunarkostnaður

Stjórnunarkostnaður greinist þannig:	2008	2007
Fundir, námskeið og ferðakostnaður	839.869	319.641
Ökutækjastyrkur	560.793	485.422
Þátttaka í rekstrarkostnaði SSNV	500.000	167.000
Húsaleiga	469.332	140.000
Aðkeypt þjónusta	209.276	0
Auglýsingar og styrkir	186.628	355.067
Bifreiðakostnaður	797.784	0
Annar kostnaður	858.977	111.402
Gjaldfærður búnaður og rekstur tölvukerfa	12.056	441.439
	4.434.715	2.019.971

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	
Eigið fé 1.1.2008	9.091.040
Rekstrarniðurstaða ársins	(3.525.111)
Staða 31.12.2008	5.565.929

Skýringar, frh.:

6. Önnur mál

Þann 1. maí 2007 var undirritaður samningur, um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál, af menntamálaráðuneytinu, samgönguráðuneytinu og sveitarfélögunum á Norðurlandi vestra. Samkvæmt samningnum skulu framlög ríkisins vera að lágmarki 30 millj. kr. árið 2007, 32 millj. kr. árið 2008 og 33 millj. kr. árið 2009. Menningarráð úthlutar fjármagni til menningarverkefna á Norðurlandi vestra á grundvelli umsókna. Samningurinn gildir til ársloka 2009 en heimilt er að framlengja hann um tvö ár að loknu árangursmati sem fram skal fara vorið 2009.

Sundurliðanir

	2008	2007
Stjórnunarkostnaður		
Ökutækjastyrkur	560.793	485.422
Auglýsingar	186.628	355.067
Fundir, námskeið og ferðakostnaður	839.869	319.641
Gjaldfærður tölvubúnaður	0	240.700
Þátttaka í rekstrarkostnaði SSNV	500.000	167.000
Kostnaður við ársskýrslugerð	90.301	0
Endurskoðun	83.975	0
Aðkeypt þjónusta	35.000	0
Bifreiðakostnaður	797.784	0
Húsaleiga	469.332	140.000
Rekstur tölvukerfis	12.056	120.545
Gjaldfærð áhöld og tæki	0	80.194
Ritföng, pappír og bréfabindi	236.042	46.983
Fjölritun og ljósrit	183.604	0
Sími	93.418	37.138
Bækur, tímarit og blöð	14.670	13.520
Styrkir og framlög	233.450	9.900
Flutningskostnaður	1.328	3.191
Póstburðargjöld	88.837	670
Vátryggingar	4.379	0
Annar kostnaður	3.249	0
	4.434.715	2.019.971